



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. september 2005 - 262. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Flugvöllinn áfram

Ólafur F. Magnúson borgarfulltrúi segir að í stað þess að flytja innanlandsflugstöð frá Reykjavík sé skynsamlegra að haga málmum þannig að hófleg uppbygging eigi sér stað í norðurhluta Vatnsmyrarinnar og halda eftir flugvelli í suðurhlutanum.



UMRÆÐAN 26

Ástarfleyið trekkir að

Um 400 manns sóttust eftir því að komast að sem farþegar á Ástarfleyinu. Verið er að velja keppendur.



FÓLK 54

Fjölmíðlar skipta um andlit


Mannabreytingar á fjölmíðlum landsins, þar sem RUV og Stöð 2 berjast um bestu bitanna, minna helst á félagaskipti knattspyrnumanna.



FÓLK 48


Svona á að spila vörn

Fylkismenn, undir stjórn Sigurðar Vals Sveinssonar, eru að spila bestu vörnina í DHL-deild karla ef marka má stöðu mála eftir þriðju umferðina sem fór fram í gær. Fram er eina taplaus liðið.



ÍÞRÓTTIR 35

VEÐRIÐ Í DAG



ÞYKKNAKUR UPP sunnan og vestan til þegar líður á daginn og fer að rigna í kvöld. Skúrir eða slydduél á Norður- og Austurlandi. Hvassviðri í kvöld sunnan og vestan til. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL KVENNA 25-54 ÁRA

Tískan skiptir máli!

55%

Fréttablaðið

Tíska ofi. á fimmtudegi

37%

Mbl.

Tímarit Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmíðlakönnun Gallup í júní 2005.

Sjálfstæðir leikskólar eru fullmannaðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar búa við skort á starfsfólki og lokanir á deildum. Á sama tíma hefur sjálfstætt reknur leikskólum tekist að halda sínu starfsfólki og ekki hafa orðið truflanir á starfi þeirra.

LEIKSKÓLAMÁL „Vandamál við að manna leikskólana okkar eru óþekkt og enginn þeirra hefur staðið frammi fyrir því að þurfa að loka deildum,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla. Samtök sjálfstæðra skóla eru regnhlífarsamtök sjálfstætt rekinna leik- og grunnskóla. Innan þeirra starfa 26 leikskólar á höfuðborgarsvæðinu sem sinna um 1500 nemendum. Margrét Pála telur að ekki sé um teljandi launamun að ræða milli starfsmanna á leikskólum samtakanna og leikskólum sem reknir eru af Reykjavíkurborg. „Við búum við ákveðið rekstrar-

legt sjálfstæði sem gerir okkur kleift að hafa frumkvæði í starfsmannahaldinu,“ segir Margrét. Hún telur að nútímaleg starfsmannastjórnun sé lykillinn að veltengni skóla innan samtakanna. „Borgaryfirvöld og leikskólastjórnar hjá borginni hafa góðan vilja til þess að leita lausna en búa ekki við sama frjálssræði og við,“ bætir Margrét við. Hún segir að reynt sé að veita starfsfólki umbun sem ekki sé þó alltaf í formi peninga. Viðvarandi vandi blasir við á mörgum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi eru um að einstaka leikskóla vanti sjö starfsmenn til þess að geta sinnt eðli-

legu starfi. Fundur var í fyrrkvöld í leikskólanum Laufskálum í Grafarvogi þar sem foreldrar, kennarar og borgarfulltrúar hittust til þess að ræða stöðu mála. Guðlaugur Þór Þórðarson borgarfulltrúi sat fundinn. „Það er augljóst að hér er um neyðarástand að ræða sem við verðum að vinna bug á hið fyrsta,“ segir Guðlaugur. Hann segir stjórnmalamenn hafa gert of lítið úr vandanum og brugðist of seint við. Hann ítrekar að þessi gagnrýni beinist ekki að starfsfólki skólanna, sem nú um stundir vinni gott starf undir erfium kringumstæðum.

- saj

Dýraverndunarsinnar:

Grunaðir um líkþjófnad

BRETLAND Lögregla í Bretlandi hefur handtekið fimm manns í tengslum við rán á líki hinnar 82 ára gömlu Gladys Hammond. Líkinu var rænt úr kirkju í Staf-fordskíri í október 2004. Þrír karlar og kona eru grunuð um samsæri og önnur kona er sökuð um að hafa ráðist á lögreglumenn.

Hammond var ættingi fólks sem rak eldisstöð fyrir naggrísi sem seldir voru til tilraustofa víðs vegar um Bretland.

Mikla athygli vakti þegar líkinu var stolið og voru þá dýraverndunarsinnar strax grunaðir. Enda kom fljótlega í ljós til að tilgangurinn með því að stela líkinu var tilraun til að kúga eigendur eldisstöðvarinnar til að hætta rekstrinum.

Eldisstöðinni var svo lokað í ágúst síðastliðnum eftir að eigendunum hafði borist fjölmargar hótanir frá öfgasinnuðum dýraverndunarhópum.

Pingforseti brýtur lög:

Sekur um samsæri

WASHINGTON, AP „Ég hef ekkert gert af mér. Ég er saklaus,“ sagði repúblikaninn og þingmaðurinn Tom DeLay á blaðamannafundi í Hvíta húsinu í Washington í gær. DeLay þurfti að yfirgefa stöðu sína sem forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings í gær eftir að kvíddómur í Texas úrskurðaði hann sekan um samsæri og lögbrot í fjármögnun kosningabaráttu sinnar.

DeLay gagnrýndi saksóknarann Ronnie Earle harðlega og kallaði hann meðal annars öfgamann. „Okkar verk í Texas er að ákæra þá sem gerast brotlegir um misnotkun á valdi sínu og upplýsa almenning um þess háttar mál,“ var svar Earles við gagnrýninni. DeLay er fyrsti deildarforseti sem þarf að segja af sér í meira en hundrað ár.

- saj



TOM DELAY FYRRVERANDI PINGFORSETI DeLay gengur til fundar við flokksfélaga sína í Repúblikanafloknum í Washington í gærkvöld eftir að hafa tilkynnt afsögn sína á blaðamannafundi. Kvíddómur í Texas úrskurðaði DeLay sekan um samsæri og lögbrot við fjármögnun kosningabaráttu.

Sigurjón Sighvatsson í viðræðum um meirihlutakaup á dönsku fasteignafélagi:

Átta milljarða fasteignafélag

VIÐSKIPTI Fasteignafélag í eigu Sigurjóns Sighvatssonar mun, ef samningar nást þar um, kaupa meirihluta í dönsku fasteignafélagi sem á um 150 íbúðir, verslunar- og skrifstofuhúsnæði og byggingarland í Kaupmannahöfn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Sigurjón nú í Kaupmannahöfn þar sem viðræður vegna kaupanna eru á lokastigi en gert er ráð fyrir því að gengið verði endanlega frá þeim um helgina. Danska félagið, sem er í eigu einstaklinga, er metið á um átta milljarða íslenskra króna og er ekki skráð á markað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru það Íslandsbanki í Lúxemborg og Íslandsbanki hér heima sem vinna að fjárfestingunni með Sigurjóni en félag Sigurjóns og fjölskyldu hans, Heimiliskaup ehf.,



FRÁ KAUPMANNAHÖFN Sigurjón Sighvatsson vill kaupa danskt fasteignafélag með eignir í Kaupmannahöfn.

mun fjárfesta í danska félaginu. Eignir danska félagsins eru einkum í hjarta Kaupmannahafnar.

Íslendingar hafa að undanförunni verið umsvifamiklir í Kaup-

mannahöfn og er skemmtast að minnst kaupanna á verslunarmiðstöðvunum Magasin Du Nord og Illums auk raftækjaverslananna Merlin.

- hb



SPURNING DAGSINS

Valgeir, er Spilverkið gerandi í Baugsmálinu?

„Nei, en það er fagnaðarefni að jafn músíkalskur maður og Tryggvi Jónsson skuli vitna í gott kvæði eftir Þorstein Valdímarsson við lag eftir sjálfan mig.“

Valgeir Guðjónsson lék á gítar og söng í Spilverki þjóðanna en í meintu hátunarbrefi til Jón Geralds Sullenberger vitnaði Tryggvi Jónsson, fyrrum forstjóri Baugs, í texta úr lagi Spilverksins.

Landspítalinn er yfirfullur og mikið álag er á starfsfólki:

Sjúklingar fluttir á Akranes

HEILBRIGÐI „Það er mjög erfitt ástand um þessar mundir því við stjórnnum ekki aðstreymi sjúklinga,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítala - háskóla-sjúkrahúss. „Bæði er verið að taka á móti bráðveiku fólki en líka fólki sem hefur verið á biðlistum. Þetta er háannatími og það leiðir til þess að spítalinn er yfirfullur og rúmlega það.“

Spítalinn hefur verið að leita til annarra sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenninu, og einhver dæmi eru um að sjúklingar séu fluttir á Akranes.

Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri segir undanfarna viku

hafa verið toppinn á ísjakanum eftir annasaman septembermánuð. Hún segir enga augljósa ástæðu vera fyrir miklum veikindum undanfarið og telur að þetta sé ekki haustflensa. „Við höfum þó reyndar á tilfinningunni að mönnunarekla á hjúkrunarheimilum í haust hafi hugsanlega áhrif,“ segir Anna, en fyrir vikið hafi ekki verið hægt að útskrifa jafnmarga. Það sé þó aðeins hluti vandans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LANDSPÍTALINN Miklar annir hafa verið þar síðasta mánuðinn.

Þórhallur Gunnarsson:

Flytur sig yfir á Torgið

FJÖLMIÐLAR Þórhallur Gunnarsson hefur flutt sig frá Stöð 2, þar sem hann hefur séð um þáttinn Ísland í dag, yfir til Ríkissjónvarpsins. Þar á bæ verður Þórhallur ritstjóri nýs dægurmálaþáttar sem hefur nú vinnuheimilið Torgið í stað Opins húss og verður á dagskrá í kjölfar kvöldfréttanna.



ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Nýr ritstjóri Torgsins.

Þórhallur fyllir þarna skarð Loga Bergmanns Eids-sonar sem í fyrradag hætti hjá Ríkissjónvarpinu og gekk til liðs við Stöð 2.

- saj



STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA Segir viðurlög vera hörð við því að brjóta gegn friðhelgi einkalífssins.

Samgönguráðherra:

Vill sérstök viðbrögð

BAUGSMÁL Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur skipað Póst- og fjarskiptastofnun að bregðast sérstaklega við vegna fréttanna í Fréttablaðinu sem byggja á skjölum sem bláðið hefur komist yfir. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum og starfsmönnum þeirra.

Í bréfi til stofnunarinnar segir Sturla að tölvupóstur og önnur gögn um einkamálefni fólks njóti ríkrar verndar í stjórnarskrá og fjarskiptalögum. Hann segir viðurlögin hörð.

- saj

SVEITARSTJÓRNARMÁL

BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR VILL SAMEINGU Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir yfir stuðningi sínum við sameiningu Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps í kosningum 8. október. Þá hvetur bæjarstjórnin íbúa í Hafnarfirði til að kynna sér vel þær upplýsingar sem liggja fyrir og jafnframt að taka þátt í kosningunum. Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins ParX um áhrif sameiningar segir að fjölmargir þættir bendi til þess að sameining þessara sveitarfélaga sé góður kostur fyrir íbúa beggja sveitarfélaga.

Ráðherra vissi af Jóni Gerald í janúar 2002

Jónína Benediktsdóttir fundaði með viðskiptaráðherra um mál Jóns Geralds og Baugs þremur vikum áður en Davíð Oddsson fundaði með Hreini Loftssyni um málið í London. Hreinn hefur sagt að Davíð hafi þá nefnt Jón „Gerhard“.

BAUGSMÁL Jónína Benediktsdóttir átti fund um Jón Gerald og Baug með ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Valgerði Sværrisdóttur, þremur vikum áður en Davíð Oddsson fundaði með Hreini Loftssyni, stjórnarformann Baugs, í London.

Fundur Valgerðar og Jónínu var 4. janúar 2002 en Hreinn og Davíð funduðu 26. janúar sama ár. Hreinn hefur haldið því fram að á þeim fundi hafi Davíð Oddsson nafngreint Jón „Gerhard“ og fyrirtækið Nordica sem ætti í vafasömum viðskiptum við Baug. Davíð hefur æ síðan neitað því að hafa haft vitneskju um Jón Gerald á þessum tíma.

Strax eftir heimkomuna frá London lýsti Hreinn því fyrir stjórnarmönnum í Baugi að á fundi sínum með Davíð í London hefði forsætisráðherra lýst því að spilling ætti sér stað hjá feðgunum Jóni Ásgeiri Jóhannessyni,



VALGERÐUR SVÆRRISDÓTTIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA Staðfestir að hún hafi átt fund um mál Jóns Geralds Sullenberger með Jónínu Benediksdóttur 4. janúar 2002.

forstjóra Baugs, og Jóhannesi Jónssyni, stjórnarmanni fyrir-tækisins. Í því sambandi nefndi Davíð, að sögn Hreins, fyrirtækið Nordica og forráðamann þess Jón „Gerhard“.

Þegar fjölmiðlar skýrðu fyrst frá fundi Hreins og Davíðs, rúmu ári eftir fundinn, sagðist Davíð ekki hafa heyrt minnst á Jón Gerald Sullenberger fyrr en í tengslum við lögreglurannsóknina á Baugi.

Hreinn varaði aðra stjórnendur Baugs við því strax eftir fundinn með Davíð í London að þess væri að vænta að lögregla eða yfirvöld samkeppnimála eða skattamála myndu eithvað aðhafast gagnvart fyrirtækinu á næstunni. Á stjórnarfundum í Baugi í

febrúar í fyrra lýstu stjórnarmenn miklum áhyggjum sínum vegna andúðar forsætisráðherra á Baugi. Stjórnarmenn ræddu málið í þau og þar kom fram hjá Þorgeiri Baldurssyni, stjórnarmanni og formanni fjáröflunarnefndar Sjálfstæðisflokksins, að „valdamiklir aðilar í viðskiptalíf-inu hefðu miklar áhyggjur“ vegna forsætisráðherra. Þar var fært til bókar að fyrirtækið Nordica hefði verið tengt Baugi.

Aðspurð sagðist Valgerður Sværrisdóttir ekki hafa skýrt Davíð Oddssyni frá fundi sínum og Jónínu. Hún staðfesti að hafa átt þennan fund með Jónínu en sagðist ekki hafa rætt þennan fund efnislega við nokkurn ráðherra.

sda@frettabladid.is



JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR Ræddi mál Jóns Geralds við viðskiptaráðherra þremur vikum áður en Davíð Oddsson og Hreini Loftsson ræddu um Baug í London.



Kristín Gísladóttir sjúkráþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Fundað um framtíð Reykjavíkurlugvallar:

Samráð við landsbyggðina

SVEITASTJÓRNARMÁL Stýrihópur um framtíðarskiplag í Vatnsmýrinni hefur uppi áform um að halda kynningarfundum á Ísafirði, Akureyri og Egilstöðum um hugsanlegan flutning Reykjavíkurlugvallar. Stefnt er að því að kynna málið fyrir notendum utan höfuðborgarsvæðisins. Fundina stendur til að halda í lok október. „Það á að reyna að velja upp mörgum flötum málsins og veita svör við þeim spurningum sem kunna að koma upp,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

Dagur segir það brýnt að borgaryfirvöld geti útskýrt sjónarmið sín milliliðalaust. „Það þarf að ná þessu máli upp úr skotgröfunum,“ segir Dagur. Stýrihópurinn hefur hafið samstarf við umhverfisráðuneytið um undirbúning fundanna. Dagur segir að stefnt sé að því að á þessum fundum verði



ANNA KRISTÍNSDÓTTIR, DAGUR B. EGGERTSSON OG HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Stýrihópur um málefni Vatnsmýrarinnar áætlað að kynna málið á Akureyri, Ísafirði og Egilstöðum.

þeir fulltrúar yfirvalda sem geti svarað spurningum sem eðlilegt sé að komi upp hjá þeim sem nýta

sér flugvöllinn. Dagur telur að vaxandi skilningur sé fyrir því að breytinga sé að vænta.

- saj

Við flytjum!

Allar vörur í Sigtúni á
rýmingsarsölu

Allt á að
seljast



Rýmingsarsala

Sigtúni


blómaval
heillandi heimur



e-KORTHAFAR ATHUGIÐ

10%

ENDURGREIÐSLA

Peir sem greiða með e-korti fá 10% endurgreiðslu
af öllu eldsneyti hjá ESSO í dag.



**AÐEINS Í
DAG!**

e kort
www.ekort.is

Dior

Falleg húð með fullkomnum raka!

HYDRACTION

Hydraction kremið veitir fullkominn raka í öllum húðlögum, þökk sé nýrri tækni*.

Fínar línur hverfa, húðin verður mjúk, fersk og ljómar af vellíðan.

* Tækni við að færa raka á milli húðlaga, fékk Nóbelsverðlaunin árið 2003

FRÉTTABLAÐ/ÁP

www.dior.com



Dior dagar í Hagkaupum Smáralind og Kringlunni dagana 29. sept. til 5. okt.

Við kynnum glæsilega haustliti ásamt frábærri rakalínu.

Ef þú kaupir krem eða tvær vörur í litalínu þá er gjöfin þín: Fallegt Dior snyrtiveski með spegli, Dior Addict ultragloss, Dior Addict naglalakk ásamt glæsilegum spegli með lukkustjörnu Hr. Christian Dior.*

*Gildir meðan birgðir endast



Gildir til 5. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa Kringlu, Skeifu og Smáralind.



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir „Gillzenegger“ réttu nafni?
- 2 Hvaða flokkur missti sæti sitt í fjárlaganefnd Alþingis sökum hlutkestis?
- 3 Hvaða forseti var að sverja embættis-eiðinn í fimmta sinn?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Vegtollar í Kaupmannahöfn:

Meirihluti fylgjandi

DANMÖRK Ökumenn og eigendur bifreiða í Kaupmannahöfn gætu þurft að greiða vegtolla í framtíðinni.

Samkvæmt nýrri könnun sem birt er í Kaupmannahafnarþóstinum sýnir að sextíu prósent aðspurðra telja rétt að ökumenn greiði sérstaklega fyrir afnot af vegum. Fjórðungi þessara bifreiðaeigenda eru hugmyndinni hlyntir. ■

BANDARÍKIN

HEPPINN INNFLYTJANDI Innflytjandi frá Kenía datt í lukkupottinn daginn sem hann fékk bandarískan ríkisborgararétt. Skömmu eftir að hann sór borgararétt sinn uppgötvaði hann að á lottómiða sem hann hafði keypt kom vinningur upp á um 117 milljónir króna.

Könnun Fjölmenningsseturs á Ísafirði meðal innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi:

Innflytjendur vilja taka þátt í stjórnámálum

FÉLAGSMÁL Um 70 prósent innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi hafa áhuga á að taka þátt í starfi stjórnálflokks eða stjórnálflokksamtaka á Íslandi fengu þeir tækifæri til þess.

Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningssetursins á Ísafirði, segir þetta vera eina af niðurstöðum úr umfangsmikilli könnun sem gerð var á viðhorfum og aðstæðum þessa fólks síðastliðið haust. Þessi niðurstaða var nýverið unnin úr könnunargögnum.

„Það er jafnframt athyglisvert að innflytjendurnir sem eru af Asískum uppruna virðast vera ákveðnari í að taka þátt heldur en

hinir sem komið hafa frá Evrópulöndum,“ segir Elsa. „Það er marktækur munur á því hve miklu fleiri af fyrrnefnda höpnum vilja taka þátt í stjórnálflokki.“

Elsa segir að þessi mikli munur á fyrirhugaðri kosningabátttöku aðspurðra innflytjenda stafi trúlega einkum af því hvaða forsendur þeir hafi fyrir dvölinni hér.

„Þeir sem eru komnir hingað til að vinna í einhvern fjölda ára, en ætla ekki að setjast hér að til frambúðar líta allt öðrum augum á þessa hluti heldur en hinir sem eru komnir til að vera,“ segir hún. „Hinir síðarnefndu vilja fremur hafa áhrif í samfélaginu.“

—jss



ÍSAFIÖRÐUR Þar búa margir innflytjendur sem vilja láta til sín taka í stjórnálflokki.

England dæmd fyrir misþyrmingar í Abu Ghraib:

Þriggja ára fangelsisdómur



BANDARÍKIN Herréttur í Texas dæmdi í fyrrakvöld Lynndie England í þriggja ára fangelsi fyrir að niðurlægja og misþyrma föngum í Abu Ghraib fangelsinu í Írak.

England, sem var sakfelld af sex af sjö ákæruliðum á mánudaginn, hlýddi svipbrigðalaus á dómsuppkvaðninguna. Áður en hún var leidd út úr fangelsinu, járnud á fótum og höndum, eyddi hún stundarkorni með 11 mánaða gömlum syni sínum.

England kvaðst við réttarhöldin hafa verið leiksoppur unnusta síns, James Graner, sem fékk hana til að niðurlægja fangana á meðan hann tók af þeim myndir. Graner var sjálfur dæmdur í tjú ára fangelsi. ■

Á LEIÐ ÚR RÉTTARSALNUM Nafn Lynndie England verður ávallt tengt einum ömurlegasta kafla hernámsins í Írak.



ÞÓRSHÖFN Á LANGANESI Þangað hefur svikafyrirtæki teygð klær sínar til að verða sér úti um nokkur hundruð þúsund krónur.

Lenti í klónum á svikafyrirtæki

Ung kona sem rekur lítið gistiheimili á Þórshöfn á Langanesi lenti í klónum á svikafyrirtæki. Það rukkar hana nú ítrekað um 300 þúsund krónur.

SVIKAMYLLA Karen Rut Konráðsdóttir, sem rekur lítið gistiheimili á Þórshöfn á Langanesi, lenti í klónum á svikafyrirtæki, sem nú rukkar hana í sífellu um háar fjárhæðir.

„Í september í fyrra fékk ég sent eyðublað frá hótelfefsíðu sem



KAREN RUT KONRÁÐSDÓTTIR Hefur verið rúkkud bréflaga og símleíðs.

heitir Hot-elguide,“ segir Karen Rut. „Þar var ég beðin um að uppfæra skráningu mína á vefnum. Ég vissi raunar ekki að gistiheimilið væri skráð á þessum vef. En allt um það, skráningin fylgdi með plagginu og þar voru ýmsar upplýsingar sem voru rangar. Ég sendi í sakleysi mínu leiðréttingu á skráningunni þar sem hún var á vefnum og ekki vildi ég hafa hana ranga. En með því að fylla hana út og senda til baka var ég um leið að undirrita samning um auglýsingu í þrjú ár upp á 300 þúsund krónur.“

Karen segir að skuldbindingin

hafi staðið í smáu lettri neðst á eyðublaðinu, þó svo að tekið hafi verið fram efst á því að hún gæti sent inn leiðréttingu á skráningunni án þess að kaupa auglýsingu. Eyðublaðið hafi því verið mjög villandi og auðvelt að misskilja það.

„Þetta fyrirtæki hefur svo sent mér rukkanir reglulega og alltaf hækkað upphæðin,“ bætir Karen Rut við. „Nú síðast var mér svo boðið að greiða þriðjung af upphæðinni til að loka málinu og fékk til þess frest í einn dag. Eftir það verður upphæðin aftur sú sama og við bætist nú enn frekari lögfræðikostnaður og innheimtugjöld, að sögn talsmanna fyrirtækisins.“

Hún hefur leitað ráða hjá Samtökum verslunar og þjónustu eins og ótal fleiri sem hafa lent á „auglýsingasamningi“ hjá vefsíðufyrirtækjum af þessari tegund. Hún fékk þar sömu ráðleggingar og aðrir, að láta innheimtuhótanir sem vind um eyru þjóta og borga ekki fyrir þjónustu sem hún hafi verið göbbuð til að kaupa. Hún segist ætla að fylgja þeim ráðum.

jss@frettabladid.is



GISTIHEIMILIÐ Svikafyrirtækið þefaði uppi þetta litla gistiheimili og sendi „skráningar-gögn“ til rekstraraðilans.

NISSAN PATHFINDER

Gott gengi á Nissan Pathfinder í september 2005.

Gengið eftir hádegi 28. september 2005

USD 63.04
JPY 0.56
EUR 75.68



SKIPT_um landslag



ÉG ÆTLA EKKI AÐ HANGA INNI Í VETUR

Pathfinder fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Pathfinder eyðir einungis 10 dísil-lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fina í frábærum útivistarbil fyrir sumar jafnt sem vetur.

LÆKKAÐ VERÐ

Verð	Fyrir	Eftir
Pathfinder XE beinskiptur	3.990.000.-	3.790.000.-
Pathfinder SE beinskiptur	4.450.000.-	4.290.000.-
Pathfinder SE sjálfskiptur	4.650.000.-	4.490.000.-
Pathfinder LE sjálfskiptur	4.990.000.-	4.990.000.-
Pathfinder LE IT sjálfskiptur	5.350.000.-	5.190.000.-

STADALBÚNAÐUR

- Pokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og girstöng
- Krómaðar höldur inni í bil
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnispeglum
- Lítað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í speglinum
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturuðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

250.000 krónum flottari!

Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í september fá 32" dekk, krómstígbretti og dráttarkrók í kaupbæti.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hlímsvör 2a	Eyrrandi 1	Sæmundargötu 3	Holtsgötu 52	Dalbraut 2b	Vikurbraut 4	Búðareyri 33	Sindragötu 3	Óseyri 5
800 Selfossi 482-3100	530 Hvammstanga 451-2230	650 Sauðárkrúki 453-6141	260 Njaróvík 421-8808	300 Akranesi 431-1376	780 Höfn í Hornafni 478-1990	730 Reyðarförður 474-1433	400 Ísaförður 456-4540	603 Akureyri 461-2960

CLINIQUE



JÁ, HÚÐIN GETUR ORÐIÐ FRÁBÆR! vatn - sápa - vísindi

Við kynnum 3 einföld þrep, sérhönnuð fyrir þarfir þessarar húðar. Þessi þrep leiða í ljós hvernig Clinique-hreinsilínan, sem hönnuð er af húðlæknum, getur gert húðina hreina og geislandi.

Þrepin 3 eru: Facial Soap, andlitssápa sem hreinsar, í fljótandi formi eða sápustykki – Clarifying Lotion sem fjarlægir dauðar húðfrumur – Dramatically Different rakamjólk eða gel sem sléttir og bætir áferðina.

Ofnæmisprófað – 100% ilmefnalaust.

ERLENDIR RÁÐGJAFAR FRÁ CLINIQUE

Í dag, fimmtudaginn 29. september, verður **Anette Gardner** til ráðgjafar í Debenhams – Gardner er norskur ráðgjafi frá Clinique.

Á morgun, föstudag, verður danski Clinique-ráðgjafinn **Jan Lago** í Debenhams.

Komdu og fáðu 2ja daga skammt af 3ja þrepa hreinsilínunni okkar.*

*Meðan birgðir endast

DEBENHAMS

SMÁRALIND



REYKT Í ÁRÓÐURSSKYNI Á þingi Verkamannaflokksins sem nú stendur yfir í Brighton vakti það athygli þegar listamaðurinn David Hockney kveikti sér í sígarettu til að knýja á um réttindi til handa reykingamönnum.

Ráðist á konu á sjötugsaldri í Vestmannaeyjum:

Kvartaði undan nágrönnum

LÖGREGLUMÁL Kona á sjötugsaldri varð fyrir líkamsárás í Vestmannaeyjum aðfaranótt sunnudags eftir að hafa kvartað undan hávaða hjá nágrönnum.

Að sögn lögreglunnar í Vestmannaeyjum er atburðarásin óljós, en konan virðist hafa bankað upp á í íbúðinni fyrir ofan hennar og gert athugasemdir við gleðskapinn. Það vakti ekki mikla lukku og svo fór að nokkrir gestanna réuðust að konunni og veittu henni áverka. Húsráðandi er ekki talinn hafa tekið þátt í árásinni. Málið er enn í rannsókn.

Konan var lögð inn á sjúkrahús eftir árásina og er talið að



VESTMANNAEYJAR Partígestir kunnu ekki að meta kvartanir vegna hávaða.

hún sé með sprungur í tveimur hryggjarliðum eftir árásina, en hún hefur nú verið útskrifuð.

Lögreglan í Vestmannaeyjum vildi koma því á framfæri að fólk hefði frekar samband við lög-

regluna en húsráðendur á þessum tíma sólarhringsins, þegar allur gangur er á því hvort fólk sé þá í ástandi til að jafna ágreining og óvíst hverjir séu gestir húsráðanda.

Dæmdur morðingi:

Gefin banvæn eitursprautu

BANDARÍKIN Yfirvöld í Indiana tóku í fyrrinótt Alan Matheney af lífi með eitursprautu en hann var dæmdur til dauða fyrir morðið á fyrrverandi eiginkonu sinni árið 1989.

Matheney framdi morðið þegar hann fékk átta klukkustunda langt leyfi úr fangelsi en hann sat þá inni fyrir að hafa ráðist á eiginkonuna fyrrverandi, nauðgað henni og skilið eftir nær dauða en lífi.

Matheney er 41. maðurinn sem tekinn er af lífi í Bandaríkjunum í ár og sá fimmti í Indiana en þar hafa ekki fleiri verið teknir af lífi á einu ári síðan 1938. ■



BURT MEÐ KARLEMBUNA María Rauch-Kallat, kvennamálaráðherra Austurríkis.

Jafnrétti í Austurríki:

Þjóðsöngnum breytt

AUSTURRÍKI Austurríkismenn hafa ákveðið að uppræta karlembuna í þjóðsöng landsins. Að frumkvæði kvennamálaráðherrans Maríu Rauch-Kallat verður texta þjóðsöngsins nú breytt þannig, að línan „Ættjörð ert þú mikilla sona“ verður „Ættjörð mikilla dætra, sona“. Þá verður á öðrum stað í söngnum „bræðrakór“ breytt í „gleðikór“ og „föðurland“ í „ættjörð“.

Þjóðsöngurinn var saminn fyrir samkeppni eftir að Austurríki varð aftur sjálfstætt ríki í kjölfar Síðari heimsstyrjaldar. Höfundur vinningstextans var kona, Paula von Preradovic, en lagið er eftir Mozart.

Halda áfram þreifingum

Forystumenn stóru flokkanna tveggja í Þýskalandi, CDU og SPD, héldu í gær áfram viðræðum um hugsanlegt stjórnarsamstarf. Deilan um það hverjum beri að leiða slíka stjórn er enn óleyst.

ÞÝSKALAND, AP Aðstoðarmenn Gerhards Schröder, fráfarandi kanslara Þýskalands úr Jafnaðarmannaflokki, og Angelu Merkel, formanns Kristilegra demókrata, sýndu engin merki um vilja til málaþögnar í deilunni um það hvort þeirra ætti að verða kanslari er forystumenn beggja flokka settust niður í Berlín í gær til að halda áfram þreifingum um hugsanlegt stjórnarsamstarf.

Talsmenn flokkanna sögðu viðræðurnar að svo komnu máli aðeins myndu snúast um frekari þreifingar um stefnulega snertifleti, einkum og sér í lagi að því er varðar ríkisfjármálin.

Ekki liggur fyrir enn nein ákvörðun um að flokkarnir fari út í formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Merkel sagði í gær að „mörg skref“ yrði að stíga enn áður en til slíks kæmi. Meðal skilyrða sem hún hefur sett fyrir því er að Schröder og hans menn sætti sig við að hún, sem leiðtogi stærsta þingflokksins, hefði tilkall til þess að leiða slíka ríkisstjórn.

Í þýskum fjölmiðlum eru kenningar um að hugsanleg lausn á „kanslarspurningunni“ kunni að felast í því að bæði Schröder og Merkel víki fyrir þriðja manni. Sá

gæti orðið Christian Wulff, vinsæll forsætisráðherra Neðra-Saxlands úr flokki Merkel. Önnur lausn er sögð geta falist í því að Schröder og Franz Müntefering, formaður SPD, hefðu stólastakpti og Müntefering yrði varakanslari í stjórn sem einhver annar CDU-maður en Merkel færi fyrir. Þessi síðarnefnda tilgáta var tunduð í dagblaðinu Süddeutsche Zeitung í gær, en Klaus-Uwe Benneter, framkvæmdastjóri SPD, vísaði henni á bug sem „hreinum getgátum“. „Stefnumál okkar eru samtvinnuð leiðtoga okkar, Gerhard Schröder – það er ekki hægt að skilja þau að“, sagði hann.

Báðir aðilar hafa sagst eiga von á því að þreifingaviðræður haldi áfram í næstu viku, en þá verða loks endanleg úrslit þingkosninganna ljós, þar sem á sunnudag verður kosið í því eina kjördæmi þar sem fresta þurfti kosningunum vegna andláts eins frambjóðandans. Skoðanakannanir benda þó ekki til að úrslitin úr þessu kjördæmi í Dresden breyti neinu um valdahlutföllin milli stóru flokkanna á þingi, þar sem CDU hefur þremur fulltrúum fleiri en SPD.

audunn@frettabladid.is



STENDUR FAST Á FORYSTUTILKALLI Angela Merkel, formaður CDU, setur þingflokksfund í gær, en eftir hann gekk hún til viðræðna við SPD.

Félagsmálaráðherra um nýgert samkomulag:

Mikil þörf fyrir leiguíbúðir

FÉLAGSMÁL „Það er mikil þörf fyrir íbúðir af þessu tagi,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra um nýgert samkomulag stjórnvalda þess efnis að veitt verði lán á sérstökum kjörum til bygginga allt að 40 leiguíbúða á ári í fjögur ár.

Samkvæmt samkomulaginu mun Íbúðalánasjóður veita sérstök lán á 3,5 prósentu vöxtum til byggingar íbúðanna. Vextir af lánunum verða niðurgreiddir úr ríkissjóði, um 33 milljónir króna á ári. Lánin verða veitt þeim er leigja íbúðirnar til einstaklinga eða fjölskyldna er uppfylla skil-

yrði um tiltekin tekju- og eignamörk. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög, félög fatlaðra, öryrkja og aldraðra auk námsmanna njóti forgangs innan þessa lánaflökks.

Félagsmálaráðherra segir að viðlíka samkomulag hafi verið gert fyrir fimm árum. Það sé nú að renna út.

„Okkur þótti árangurinn af því vera þess eðlis að ástæða væri til að framlengja það,“ segir ráðherra og bætir við að það hafi ekki síst komið sér vel fyrir byggingafélög námsmanna og fleiri slík. Vitað sé um mikil áform um fjölgun íbúða af þessu tagi.

- jss



ÁRNI MAGNÚSSON Segir samkomulag um lánveitingar til byggingar leiguíbúða hafa borið góðan árangur.

Frumútgáfa á íslenskri skáldsögu í kilju

eftir einn kraftmesta höfund þjóðarinnar

Við erum skyndilega stödd í háskalegri hversdagsveröld þar sem ekkert er sem sýnist, þar sem óttinn magnast í hverju skrefi og okkur grunar ekki hvar leiðin endar; ef hún endar þá nokkurn tíma.

Sagan Í frostinu er saga margra í nútíma samfélagi; hún er ógnvænlega kunnugleg, vekur til umhugsunar, skemmtir og særir í einni svipan.

Í frostinu er fyrsta skáldsaga Jóns Atla Jónssonar en hann er eitt athyglisverðasta leikskáld þjóðarinnar um þessar mundir.

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

kr. 1.790

Leiðbeinandi verð

Segðu þitt álit um Vatnsmýrina!



Taktu þátt
í opnum
samráðsdögum
í dag og laugardag

Alþjóðleg samkeppni - hafðu áhrif á forsendurnar

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að halda alþjóðlega hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar. Áður en forsendur samkeppninnar verða skilgreindar er kallað eftir hugmyndum, viðhorfum og væntingum borgarbúa og landsmanna allra um svæðið. Þetta er einstakt tækifæri fyrir þig til að hafa áhrif á mótun á annað hundrað hektara lands sem gegna mun

lykilhlutverki í borgarmynd Reykjavíkur í framtíðinni.



Pitt álit skiptir máli!

Margar leiðir til þátttöku

- **Samráðsdagar**, þar sem leitað er eftir hugmyndum og viðhorfum almennings til skipulags Vatnsmýrarinnar í framtíðinni, verða haldnir **fimmtudaginn 29. september**, kl. 15-22, og **laugardaginn 1. október**, kl. 10-17, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.
- Þú getur komið hvenær sem þér hentar báða dagana. Vekjum þó sérstaka athygli á einnar stundar umræðufundum fimmtudag kl. 16 og 20 og laugardag kl. 11 og 14.
- Þú getur heimsótt heimasíðuna **www.vatnsmryri.is** til að fá upplýsingar um Vatnsmýrarsvæðið og dagskrá Samráðsdaga.



MÓTUM BORG NÝRRA TÍMA

Tilda

BASMATI RICE

Gæðagrjónin í umbúðum fyrir allar stærðir af heimilum!



500 g **169** kr 338 kr/kg
 1 kg **299** kr 230 kr/kg
 5 kg **1.149** kr 230 kr/kg
 20 kg **4.333** kr 217 kr/kg

Hunt's

TÓMATSÓSUR

Pínulitlar, risastórar og allt þar á milli!



170 g **69** kr Paste
 400 g **199** kr Pizza
 411 g **99** kr Diced
 750 g **199** kr Italian
 2,98 kg **359** kr Sauce

Kjúklingur

HEILL, FROSINN

Nú er rétti tíminn til að fylla allar kistur og frystiskápa!



1 kg **379** kr

Cheerios Twin Pack	2x525 g	429,-
Winnie the Pooh kex	200 g	199,-
Newman's Own poppkorn	3x99 g	99,-
Elite kex King Size	24 stk	899,-
Malt-O-Meal morgunkorn	19,5 g	29,-
Malt-O-Meal Coco Roos	340 g	179,-
GG hangjalegg		20% afsláttur
GG brauðskinka		20% afsláttur

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir:

Kvartað vegna lyfjaskorts

LYFJAMÁL Kvörtunum vegna skorts á lyfjum við alvarlegum sjúkdómum hefur fjölgað allverulega það sem af er þessu ári, að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis.

Hann segir að lækna og sjúklingar hafi kvartað yfir því við Landlæknisembættið að tiltekin lyf hafi ekki reynst vera til. Læknar hafi oft fengið þau svör að um margra daga til margra vikna bið yrði að ræða. Jafnvel algeng lyf, svo sem Ibuprofen, hafi margfalt ekki verið til. „Málið er litíð alvarlegum augum,“ segir Matthías. „Meðal annars hafa forstjóri Lyfjastofnunar og landlæknir ritað heil-

brigðisráðherra bréf, þar sem lagt er til að unnið verði að lagabreytingu til þess að veita meira aðhald í þessum málum. Það er ólíkandi að nauðsynleg lyf, sem lyfjafyrirtækjunum ber að hafa á lager, séu ekki til staðar og valdi sjúklingum, læknum og lyfjafraeðingum apótekanna erfiðleikum. Lyfjastofnun og landlæknisembættinu ber að bregðast við réttmætum kvörtunum þótt heilidsalar kunni að kveinka sér.“



LYFJASKORTUR Læknar og sjúklingar hafa kvartað til Landlæknisembættisins vegna þess að tiltekin lyf við alvarlegum sjúkdómum hafa ekki verið fánleg.

Lok viðskipta Nordica og Baugs

Tölvupóstsamskipti Tryggva Jónssynar, þáverandi forstjóra Baugs, og Jóns Geralds Sullenberger á vormánuðum 2002, þegar viðskiptum Baugs og Jóns Geralds var að ljúka. Samskiptin varða fjárhagslegt uppgjör Tryggva og Jóns Geralds vegna viðskipta Baugs og vöruhúss Jóns Geralds í Bandaríkjunum. Tölur í hornklofum eru upphæðir í bandarískum dollurum reiknaðar yfir í íslenskar krónur á núverandi.



8. MAÍ 2002
Tölvupóstur Tryggva til Jóns Geralds:

Sæll Jón. [...] eftirfarandi er hugmynd mín að lausn málsins.

- Þú nefndir á talhöföfnu að þú þyrftir að vita hvernig við ætluðum að standa að málum. Eins og ég sagði þér fyrir par mánuðum síðan, og hefur komið fram í okkar samtölum síðar, þarftu að gera ráðstafanir sem miða að því að losa vöruhúsið. Þú hefur heyrt skoðanir [nafni sleppt] og hans manna. Í mín eyru hafa þær ekki breyst. Verði um aukin viðskipti að ræða þá er það hið besta mál, en á meðan þú hefur ekki heyrt neitt frekar um það frá [nafni sleppt] þarftu að gera ráð fyrir að svo verði ekki, eins og ítrekað hefur komið fram. Hvorki ég né Jón Ásgeir getum haft áhrif á framtíðarviðskipti. Eins og þú hefur orðið var við hefur litíð gengið hingað til í að efla viðskiptin. Framundan eru skipulagsbreytingar hjá okkur, sem ég bið þig um að fara með sem trúnaðarmál því það hefur ekki verið kynnt hér innanhúss (verður gert í lok mánaðarins) og með þeim breytingum verða dagleg áhrif okkar hér engin. Þú sagðir mér um daginn að þú værir að vinna í því að fá meðleigjendur í vöruhúsinum. Það er gott og nákvæmlega það sem þarf að gerast. Jafnframt sagðirðu mér að þú værir kominn í samstarf með fyrirtæki á Norðurlöndum (ég hef heyrt að það sé [nafni sleppt] og [nafni sleppt]). Það er einnig hið besta mál. [...] En, sem sagt, línan hefur ekkert breyst. Gerðu ráð fyrir að loka vöruhúsinu, nema þú hafir borðleggjandi samninga við [nafni sleppt] og/eða [nafni sleppt].
- Þú óskaðir eftir \$250 þúsund [15,8 milljónir kr.] vegna taprekstrar liðinna ára. Ef ég man rétt (ég get látið fletta því upp, en þú átt einnig að hafa tölur) þá erum við þegar búnir að greiða þér þá fjárhæð (\$80 þúsund [5 milljónir kr.] árið 1999 og síðan \$50 þúsund [3,2 milljónir kr.] og \$120 þúsund [7,6 milljónir kr.] á þessu ári. Stemmir það ekki? Uppsafnað tap þitt síðan 1999 er \$419 þúsund [26,4 milljónir kr.] með afskriftum og \$364 þúsund [23 milljónir kr.] án afskrifta. Eigið fé Nordica [vöruhússins] er neikvætt um \$391 þúsund [24,7 milljónir kr.] í árslok 2001 samkvæmt efnahagsreikningi. Mér finnst það því fullvél í lagt að leggja rekstrinum til \$250 þúsund [15,8 milljónir kr.] í viðbót af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi er uppsafnað tap ekki svo mikið og í öðru lagi getum við ekki borið einir ábyrgð á rekstrinum. Þar hlýtur þú að koma til líka (enda rann hagnaður árána á undan til þín), svo og viðskipti við aðra aðila þó þau séu ekki mikil í samanburði við Aðföng. Ég er hins vegar tilbúinn að mæla með því við mína menn að greiða \$150 þúsund [9,5 milljónir kr.] í viðbót. Þá er fjárhæðin komin í \$400 þúsund [25,2 milljónir kr.] sem er hærri fjárhæð en sem nam peningalegu tapi síðustu ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok

2001 \$774 þúsund [48,8 milljónir kr.]. Á því ári voru greiddar \$144 þúsund [9,1 milljónir kr.] í reksturinn, þar af fóru \$56 þúsund [3,5 milljónir kr.] í afborganir og fjárfestingar, \$55 þúsund [3,5 milljónir kr.] í vexti og rest í rekstrarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því \$816 þúsund [51,7 milljónir kr.]. Sama gildir með árið 2000, það er afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan.

Síðan er það spurning hversu verðmæt eignin er. Er hún \$1300 þúsund [82 milljónir kr.] eða \$1500 þúsund [94,6 milljónir kr.]? Eða einhver önnur fjárhæð? Þetta þekkir þú betur en ég, en þegar við ræddum um þessi mál í byrjun þá töluðum við um þessar fjárhæðir. Síðan hafa þær væntanlega frekar lækkað en hækkað vegna afskrifta.

Nettóeign er því nú \$525-\$725 þúsund [33,1-45,7 milljónir kr.] miðað við framangreint verðmætamat. Ef við miðum við ársbyrjun 2000, þegar reksturinn var yfirtekinn héðan, er nettóeign líklega um \$100 þúsundum [6,3 milljónir kr.] lægri.

Þegar við fórum yfir þessi mál í ársbyrjun 2000 þá vorum við sammála um að þú fengir 30 prósent (þá var búið að taka tillit til vinnuframlags þíns), og að við tækjum síðan yfir reksturinn að mestu leyti. Eins og þú manst fannst JÁ þetta of hátt hlutfall. En ef við höldum okkur samt við þessi 30 prósent, og miðum við \$1400 þúsunda [88,3 milljónir kr.] verðmat á bátnum eins og við gerðum þá, þá er hlutur þinn eftirfarandi:

Miðað við skuldir í ársbyrjun 2000 væri hlutur þinn \$162 þúsund [10,2 milljónir kr.]
 Miðað við skuldir í ársbyrjun 2001 væri hlutur þinn \$175 þúsund [11 milljónir kr.]
 Miðað við skuldir í ársbyrjun 2002 væri hlutur þinn \$188 þúsund [11,9 milljónir kr.]

Til að ná \$250 þúsund [15,8 milljónir kr.] í þinn 30 prósent hlut þyrfti verðmæti bátsins að vera \$1600 þúsund [100 milljónir] í ársbyrjun 2002 og \$1700 þúsund [107,2 milljónir kr.] í ársbyrjun 2000. Ef við hins vegar miðum áfram við \$1400 þúsunda [88,3 milljónir kr.] verðmæti þyrfti eignarhlutur þinn að vera 40 prósent í ársbyrjun 2002 og 46 prósent í ársbyrjun 2000.

Ég legg því til að þú fái \$200 þúsund [12,6 milljónir]. Miðað við \$1400 þúsunda [88,3 milljónir kr.] verðmæti þyðir þetta 37 prósent eignarhlutur miðað við ársbyrjun 2000 en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærri eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir JÁU í því sambandi. Ég vona að þér finnst þetta sanngjörn lausn.

Láttu mig heyra hvað þér finnst um þetta, það er hvort þetta sé að þínu mati sanngjarn eða ósanngjarn annars vegar og hins vegar hvort þessi lausn dugi til að fleyta þér yfir erfiðasta hjallann. Þetta eru samtals \$350 þúsund [22,1 milljónir kr.] sem ég legg til að greiða þér, það er \$150 þúsund [9,5 milljónir kr.] vegna rekstrar og \$200 þúsund [12,6 milljónir kr.] vegna New Viking.

Til að undirstrika það sem áður hefur komið fram að þá tel ég að með slíku uppgjöri, sem að framan er lýst, sé fjárhagsleg ábyrgð okkar á Fróni afgreidd, það er ekki koma til frekari greiðslur nema þá vegna beinna viðskipta. Það sama gildir væntanlega um ábyrgðir. *Kveðja.*

11. MAÍ 2002

Tölvupóstur frá Jóni Gerald til Tryggva:
Sæll Tryggvi er eitthvað að fréttá?

12. MAÍ 2002

Tölvupóstur frá Tryggva til Jóns Geralds:

Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykka þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir. Samtals eru þetta \$350 þúsund sem á greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgærðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega banka-ábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin. Ég veit að þessi frágangur á eftir að taka einhvern tíma svo láttu mig vita ef ég get eitthvað gert fyrir þig núna. *Kveðja Tryggvi.*

13. MAÍ 2002

Tölvupóstur frá Jóni Gerald til Tryggva:

Sæll Tryggvi takk fyrir póstin. Eftir samtal ykkar veit Jóhannes að ég mun tapa öllu meira að segja húsið allt fer af því að maður er heiðarlegur og treystir því sem manni er sagt. *Kveðja í bili.*

8. MAÍ 2002
Jón Gerald svarar samdægurs:



Sæll Tryggvi minn. Takk fyrir póstin. Í stórum dráttum sætti ég mig við neðangreint bréf og vonandi skilur þú það að eftir 10 ára samstarf og vinnu með feðgunum þá stend ég uppi með tvær hendur tómar. En hvert er mitt val! Tíminn er svo dýrmætur eins og þú veist og eins og staðan er núna þá er salan til Aðfanga 2002 \$171 þúsund [10,8 milljónir kr.] og tapið orðið um \$80 þúsund [5 milljónir kr.] það sem af er þessu ári. Tryggvi minn ég er tilbúinn að ganga að þessu en verð þó að fá á hreint að ef ég afsala mér New Viking fyrirtækinu þá verða lánin sem á því hvíla greidd eða endurfjármögðuð á ykkar nafni. [...] Vonandi á þetta eftir að verða betra ár því ég hef ákveðið að beina mínum kröftum á fleiri aðila en Aðföng. *Kveðja.*

Nöfn þeirra sem ekki tengjast málinu með beinum hætti hafa verið fjarlægð. Fréttablaðið hefur ekki í höndum fleiri tölvupósta frá þessum tíma er varða fjárhagslegt uppgjör Jóns Geralds Sullenberger við Baug.

Feministafélag Íslands:

Fordæmir vinnubrögð

LÖGREGLUMÁL Feministafélag Íslands átelur vinnubrögð lögreglunnar í Reykjavík sem urðu til þess að saksóknari ákvað að láta niður falla mál þriggja manna sem sakaðir voru um hópnaudgun. Konan leitaði strax til lögreglu, sem flutti hana á neyðarmóttökuna, og kærði hún nauðgunina í framhaldi af því. Saksóknari féll frá ákæru vegna skorts á sönnunum frá lögreglu.

„Málið er áfall fyrir fórnarlömb kynferðisafbrotta, og sýnir að réttaröryggi þeirra er ekki tryggt,“ segir í tilkynningu frá félaginu, sem óskar þess að vinnubrögð lögreglunnar verði bætt. ■

Þing Verkamannaflokks:

Breski herinn áfram í Írak

BRETLAND. AP Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, varaði í ræðu á flokksþingi breska Verkamannaflokksins í gær við því að framundan væru fleiri „myrk augnablik“ í Írak. En hann ítrekaði yfirlýsingu forsætisráðherrans Tonsy Blair frá því daginn áður um að útilokað væri að breska herliðið í Írak yrði kallað heim í brád.

„Að byggja upp nýtt ríki hefur aldrei verið auðvelt,“ sagði Straw og tók þannig undir orð Blairs um að það væri skylda Breta að verja lýðræðið í Írak. Straw tók einnig fram að það væri „óhugsandi“ að beita hernaði gegn Íran til að fá þarlend stjórnvöld til að hverfa frá

meintrí kjarnorkuvígðunaðaráætlun sinni.

Í ræðu sinni í fyrradag sýndi Blair heldur ekkert fararsnið á sér, það er hann gaf engar vísbendingar um hvenær hann hygðist víkja úr forsætisráðherrastólnum. Blair lýsti metnaðarfullri stefnuskrá ríkisstjórnarinnar á þessu þriðja kjörtímabili hennar undir hans stjórn. Virtist hann með þessu vonast til að sá armur flokksins, sem þrýst hefur á um að hann viki sæti fyrir Gordon Brown innan tíðar, hefði sig hægan. Blair er í mun að tryggja að stjórnartíðar sinnar verði minnst fyrir önnur og uppbyggilegri mál en Íraksmálið. - aa



JACK STRAW Breski utanríkisráðherra bryndi áherslumál utanríkisstefnunnar fyrir flokksmönnum.



HVAÐ NÆST? 100 vísindamenn frá ýmsum löndum spreyta sig nú í keppni um hæfasta vélmennið á sýningu sem fram fer í Ilmenau í Þýskalandi. Ekki er gott að segja í hverju hæfileikar þessa vélmennis liggja.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Dýrt búðahnúpl

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í síðustu viku rúmlega fertugan karlmann fyrir þjófnað úr Hagkaupum í Skeifunni.

Maðurinn var sakaður um að hafa stolið fatnaði og búsaðöldum að verðmæti 12.500 krónur. Við réttarhöld hélt hann fram sakleysi sínu og sagðist hafa ætlað að bjarga barni sem var hætt komið á bílastæði fyrir utan verslunina, og hefði því farið út án þess að greiða fyrir vörurnar. Dómara fannst þessi útskýring hins vegar ólíkleg.

Manninum er gert að greiða 20.000 króna sekt í ríkissjóð, eða sitja ella í fangelsi í tvo daga. Jafnframt þarf hann að greiða 100.000 krónur í sakarkostnað. - smk



LANDSPÍTALINN Atvikanefnd hefur tekið til starfa.

Landspítalinn:

Öryggi sjúklinga aukið

HEILBRIGÐISMÁL Atvikanefnd hefur verið skipuð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Markmiðið með starfi hennar er að auka öryggi sjúklinga og starfsmanna. Hún skal fjalla skilmerkilega um afbrigðileg atvik í starfsemi spítalans sem víkja frá því sem vænst er og viðurkenndum starfsreglum, að því er segir á vefsíðu spítalans.

Nefndin skal eiga frumkvæði að athugun einstakra mála en jafnframt geta forstjóri og framkvæmdastjórn lækninga og hjúkrunar óskað eftir því að hún skoði tiltekin málefni. Þá geta einstakir starfsmenn komið ábendingum til nefndarinnar. ■

Flutningur þjóðskrár:

Þjóðskrá ratar heim

STJÓRNMÁL Meðal þess sem rætt var á ríkisstjórnarfundum á þriðjudag var flutningur þjóðskrár frá Hagstofu til dómismálaráðuneytis. Það var Davíð Oddsson, sem þangað til í gær gegndi embætti hagstofuráðherra sem viðraði málið.

„Það hefur verið lengi á dagskrá að gera þessa breytingu bæði til hagræðis og til að styrkja framkvæmd stjórnarsýslureglna,“ segir Björn Bjarnason dómismálaráðherra. Ef tillagan verður að lögum flytur þjóðskráin aftur í Skuggasund þar sem hún var áður til húsa. - saj

CHICAGO TOWN

Deep Dish

2 PEPPERONI

CHICAGO TOWN

örbylgjupizzur

kr. 299,-

BONUS

Æðislega ga

brosum

Humarveisla

3.599

kr.pk

2 kg af meðalstórum grillhumri

599

kr.pk.

Humar 500 gr



899

kr.kg.

Bautabúrs purusteik



999

kr.kg.

Bautabúrs rauðvínssvínakótleitur

Nýung!



Kellogg's Special 500 gr
kaupir 2 pk
færð bakpoka frítt með

+



=



50%
afsláttur



**vöflur
og njómi!**



99

kr.stk

Náttúra jurtarjómi

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 29. sept. til 2. okt. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

man í Nettó

úti lífið

Gott í
helgarmatinn



879

kr.kg

Borgarnes Londonlamb



399

kr.kg

PIRI PIRI kjúklingavængir



149

kr.pk

Basmati hrísgrjón

Berjadagar

uhmm



199

kr.pk.

Bromber



159

kr.pk.

Bláber



99

kr.pk.

Jarðarber



159

kr.pk.

Hindber



99

kr.pk.

Rífsber



199

kr.kg.

Vinber, blá, rauð og græn

netto

„ORÐRÉTT“

Smekklegt

„Þú varst nú starfandi á Þjóðviljanum og þekktir þetta vel. Þér er mikið í mun að koma þessu máli yfir á Sjálfstæðisflokkinn.“

DAVÍÐ ODDSSON, FORMADUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS, RIFJAR UPP STARFSREYNSLU G. PÉTURS MATTHÍASSONAR FRÉTTAMANNIS Í UMRÆÐU UM BAUGSMÁLID Í FRÉTTABLAÐINU.

Ástríðan drífur áfram

„Þrátt fyrir að nota búningana úr sjónvarpinu þegar við skemmtum úti í bæ er alltaf eitthvert vesen í kringum það.“

JÓHANN G. JÓHANNSSON LEIKARI Í DV UM ÞÆR RAUNIR SEM FYLGJA BARNASKEMMTUNUM.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JÓI FEL BAKARI OG SJÓNVARPSKOKKUR

Byrjar aftur að taka á því

„Það er allt gott að fréttu, við erum nýbúin að taka upp næstu seríu okkar,“ segir bakarinn og sjónvarpskokkurinn Jói Fel. „Við ljúkum þessu alltaf á haustmánuðum svo það fer lítill tími í þetta á veturna.“

Jói hefur yndi af skotveiðum og fer alltaf á gæs þegar færi gefst. „Ég er búinn að fara tvisvar í haust og þær hafa nokkrar fallið.“ Gæsin segir hann að sé fyrst og fremst haustmat sem hann eldi jöfnum höndum fram yfir áramót. En gæsir eru ekki það eina sem Jóa finnst gaman að skjóta. „Ég ætla líka á rjúpu. Ég grét mikið þegar sett var veiðibannið á rjúpunna en mest var grátið þegar ég komst ekki á hreindýr. Það finnst mér skemmtilegast að veiða. Ætli það sé ekki vegna

þess að mesta „machið“ er í kringum það, testósterónið fer á fullt,“ segir hann og hlær.

Um skeið hefur Jói glímt við þrálát bakmeiðsl og fyrir fjórum mánuðum fór hann í sína þriðju brjóslosaðgerð. Hann er hins vegar óðum að jafna sig og byrjar senn að æfa aftur. „Það er aðalmálið hjá mér núna að komast aftur í ræktina,“ segir hann og þvertur fyrir að hafa hlaupið í spik meðan á veikindunum stóð. „Ég er alltaf í góðu formi. Ég hef lyft í 20 ár og hef góðan grunn, en því er ekki að neita að ég missti mig aðeins í bjórinn og grillið í sumar,“ segir Jói og kveðst ekki verða lengi að losa sig við alla umframbyrði um leið og hann byrjar að taka á því.



nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

LOGI BERGMANN HÆTTUR Á RÚV



MARÍA REYNDAL LEIKSTJÓRI

Áfall

Logi Bergmann Eíðsson er hættur á Fréttastofu RÚV eftir fjórtán ára starf hjá stofnuninni. Um árabíl hefur hann lesið kvöldfréttir fyrir landsmenn en mun nú lesa fréttir á Stöð 2.

„Þetta kemur á óvart, ég hélt hann væri svo ánægður yfir að fá Pál Magnússon upp á RÚV,“ segir María Reyndal leikstjóri um skyndilegt brotthvarf Loga. Ákvörðun hans kemur henni ekki síst á óvart í ljósi þess að Logi hafði nýlega verið ráðinn ritstjóri á nýjum sjónvarpsþætti. „Hann var svo glaður í blöðunum yfir þessum nýja þætti.“

María kveðst ekki eiga eftir að sakna hans sérstaklega af RÚV því hann verði áfram í sjónvarpinu og býst ekki við að horfa meira á Stöð 2 í kjölfar breytinganna.

Stærstu tíðindin telur María þó felast í því að Logi mun væntanlega gegna hlutverki spyrils í Gettu betur áfram. „Það er áfall. En það er fint að nota tækifærið og stokka þá keppni aðeins upp. Fá konu sem spyril og kannski karl sem stígvörð. Það væri ágætt.“

87 ára með Mitt kort

Yfir fjögur þúsund manns á öllum aldri hafa sótt um svokallað Mitt kort Landsbankans sem fólk getur myndskreytt sjálf. Sérstök nefnd fer yfir kortin til að tryggja að höfundarréttar sé gætt sem og velsæmis.

„Kortin hafa fengið afar góðar viðtökur,“ segir Rebekka Ólafsdóttir, hjá markaðsdeild Landsbanka Íslands, um nýja þjónustu bankans, Mitt kort, sem er þeim kostum búin að fólk getur myndskreytt sjálf. Auglýsingar fyrir kortin hafa verið áberandi undanfarið og sjálfsgætt ekki farið framhjá neinum sem horfir á sjónvarp að staðaldri.

Að sögn Rebekku hafa riflega fjögur þúsund manns sótt um debet- og kreditkort sem fólk getur myndskreytt sjálf og kortin virðast höfða til breiðs aldrushóps; elsti handhafi debetkorts af þessu tagi hingað til er 69 ára en sá elsti sem hefur fengið sér kreditkort er hvorki meira né minna en 87 ára. Ekki fylgir sögunni hvernig þeir myndskreyttu kortin sín enda er starfsfólk bundið bankaleynd.

Að ýmsu er að huga þegar kortum sem þessum er útdeilt, til dæmis hvort myndirnar brjóti í bága við höfundarréttarlög eða misbjóði velsæmiskennnd fólks. Til þess var sérstök nefnd sett á laggirnar sem fer yfir kortin eftir samræmdum stöðlum og sker úr um þau vafaatriði sem upp kunna að koma. Þrír sitja í nefndinni, þar á meðal Rebekka.

„Það kemur vissulega fyrir að



REBEKKA ÓLAFSDÓTTIR Ver allt að hálfri klukkustund á dag í að fara yfir kortaumsóknir og skera úr um vafaatriði.

við synjum kortum en í flestum, ef ekki öllum, tilfellum er það vegna höfundarlaga. Það er ekki óalgengt að ungir strákar vilji nota vörumerki uppáhaldsfótboltaíðsins síns í ensku deildinni, en þau njóta höfundarréttar. En ef viðkomandi

fær leyfi frá félaginu þá er það að sjálfsögðu í góðu lagi.“ Hún tekur þó fram að litlu broti af umsóknum sé sýnað vegna mynda.

Nefndin ver allt að hálfri klukkustund á dag í að fara yfir kortaumsóknir og Rebekku rekur

ekki minni til þess að hafa þurft að sýna ósæmilegri mynd. „Það koma í mesta lagi sárasklaugar myndir af fólki í kossafleinsi, en ekkert sem fær mann til að súpa hveljur,“ segir Rebekka.

bergsteinn@frettabladid.is

Klárir í kuldann...



Pondus

Gúmmistígvél með kuldafóðri
Litir: Svart og vínrautt
Stærðir: 22 - 35
Verð: kr.2.995.-

Trigger

Gúmmistígvél með kuldafóðri
Litir: Svart; Rautt, Bleikt, Fjólublátt
Allir litir: 21 - 30
Rautt og svart - Stærðir: 21 - 40
Verð: kr.4.995.-



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)



FLOTTIR Ráðherrar Íslands ferðast á milli skrifstofubygginga í Reykjavík í glæsikerrum.

Bílafloti ríkisstjórnarinnar er metinn á 70 milljónir:

Opinberar glæsikerrur

Það var tilkomumikil sjón að sjá glæsikerrur ráðherranna renna í hlað við stjórnarráðið í Lækjargötu þegar ríkisstjórnin kom saman til fundar á þriðjudag.

Bílarnir eru meðal annars af gerðunum Audi, BMW, Mitsubishi og Volvo og kveðst bílaáhugaður telja að hver vagnanna kosti að meðaltali um sex milljónir króna. Lætur því nærri að

bílafloti ráðherranna kosti um 70 milljónir.

Ráðherrabílnir eru jafnan vel þrífir og bónaðir, þess gæta bílstjórar þeirra sem hugsa um þá líkt og ungabörn. Sést það glögglega þegar þeir þússa af þeim rykkorn og fingraför meðan beðið er eftir ráðherrunum á fundum í Alþingishúsinu eða annars staðar.

Landhelgisgæslan:

Málfræði fyrir fjölmiðla

Landhelgisgæslan hefur sent fjölmiðlum ábendingar um hvernig nöfn flugfara hennar skulu fallbeygd. Gæslan á tvær þyrlur og eina flugfél og eru nöfn þeirra fengin úr goðafræðinni.

Syn er flugvél Landhelgisgæslunnar og hefur einkennisstafina TF-SYN. Hún heitir eftir gyðjunni Syn sem varnar óviðkomandi innngöngu í hallir ása og mælir á þingum gegn þeim sem henni þykir sanna mál sitt með ýkjum og lygum. Sums staðar er hún kölluð dyravörður Fensala, bústaðar Friggjar. Beyging nafnsins er: Syn um Syn frá Syn til Synjar.

Sif er minni þyrla Gæslunnar og hefur einkennisstafina TF-SIF. Hún heitir eftir Sif sem er sögð vera gyðja hins gullna akurs og er hún ein af ásynjunum, kona ássins Þórs. Beyging er: Sif um Sif frá Sif til Sifjar.

Líf, stærri þyrlan hefur einkennisstafina TF-LIF. Hún heitir eftir Líf, goðsögulegri kvenveru sem lifði af Ragnarök. Einnig er hún sögð vera sú sem hjúkrar. Beygingin er: Líf um Líf frá Líf til Lífjar.

- bps





Tilboðin gilda frá fimmtudegi 29. sept. til sunnudags 1. okt. eða meðan birgðir endast

25 MELROSE'S TEGRISJUR

129 KR.

EKKERT BRUÐL



129 KR.

200 KAFFIPOKAR



8 í kassa



8 KUBBAR

49 KR.



100 UPPPVOTTATÖFLUR

699 KR.

100 töflur

59 KR.

SPAGETTÍ/KÍLÓ

39 KR.

GNOCCI/500g

39 KR.

PENNE RIGATE 500g

69 KR.

MAKKARÓNUR/KÍLÓ

Þetta allt í Bónus!

BJARNABRUGG 500 ml

39 KR.



Frosið slátur

30% afsláttur við kassann

SS FROSIN LIFRARPYLSA

426 KR.

30% afsláttur við kassann Merkt verð 608kr.

SS FROSIN BLÓDMÖR

398 KR.

30% afsláttur við kassann Merkt verð 568kr.

2 brúsar



469 KR.

Frosinn KS lambabógur

FROSINN LAMBABÓGUR

599 KR.

Frosin KS lambalæri

699 KR.

FROSIN LAMBALÆRI

HEILT KÍLÓ/VELJID SJÁLF!

199 KR.



Hautslátrun 2005


Frosna Euroshopper grænmetið í kílópokum



SVONA ERUM VIÐ

FJÖLDI GRUNNSKÓLANEMA SEM LÆRIR DÖNSKU

Heimild: HAGSTOFAN



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Tryggir rétt borgaranna

Umboðsmaður Alþingis tilkynnti í gær þingflokki stjórnarandstöðunnar að hann teldi ekki að forsendur væru fyrir því að hann tæki til sérstakrar athugunar hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til aðkomu að sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins svokallaða. Stjórnarandstöðuflokkarnir höfðu óskað eftir því að hann tæki þessi mál til umfjöllunar. Tryggvi Gunnarsson er umboðsmaður Alþingis.

Hvert er hlutverk umboðsmanns Alþingis?

Í lögum um umboðsmann Alþingis segir að hann eigi að hafa eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Hann eigi að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins og gæta þess að jafnræðis sé gætt og stjórnslan vönduð. Í lögum segir líka að í störfum sínum eigi umboðsmaður Alþingis að vera óháður fyrir mælum frá öðrum, þar með töldu sjálfu Alþingi. Umboðsmaðurinn hefur

víðtækar heimildir til þess að rannsaka mál. Hann getur krafist stjórnvöld um upplýsingar og skriflegar skýringar og getur jafnframt óskað þess að menn séu kvaddir fyrir dómara til þess að bera vitni eftir þörfum.

Hvað verður um niðurstöður umboðsmannsins?

Ef umboðsmaður Alþingis hefur tekið mál til athugunar er honum skylt að ljúka því formlega. Hann getur ekki kveðið upp lögformlegan úrskurð, en hann getur hins vegar látið í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalda brjóti í bága við lög eða sé að öðru leyti óvönduð. Ef hann gagnrýnir stjórnvaldsathöfn verður hann einnig að gefa leiðbeiningar um úrbætur. Ef hann telur að um lögbrot sé að ræða getur hann jafnframt gert víðeigandi yfirvöldum viðvart. Álitsgerðir umboðsmanns Alþingis hafa leitt til þess að lög hafa verið endurskoðuð.



SPURT & SVARAÐ

KORNUPPSKERA Í HÆTTU



ÓLAFUR EGGERTSSON FORMAÐUR LANDSSAMBANDS KORNÞÉNDNA OG BÓNDI Á ÞORVALDSEYRI.

Bændur uggandi

Um þriðjungur kornuppskeru bænda á Eyjafjarðarsvæðinu er í hættu vegna snjókomu norðanlands um síðustu helgi.

Hversu mikil verðmæti eru þetta sem liggja undir skemmdum?

Við getum gert ráð fyrir 630 til 720 tonnum. Uppskeruverðmætið er þá á milli tólf og fimmtán milljónir króna. Er þetta stór hluti af heildarrekstrarföllum bænda?

Nei, en kornræktun hefur farið vaxandi og þetta hefur auðvitað töluverð mikil áhrif því menn hafa verið að spara fóðurkaup á móti þessari upphæð. Ef þetta skemmist þurfa bændur að kaupa fóður fyrir svipaða upphæð.

Eru bændurnir tryggðir?

Nei. Það eru engar tryggingar. Tryggingafélögin hafa ekki boðið upp á tryggingu á uppskeru úti á vellum. En svo hefur, aftur á móti, Bjargráðasjóður stundum komið til hjálpar í svona tilfellum, en ég veit ekki hvernig það verður.



UPPGANGUR Á AUSTURLANDI Vegna álversframkvæmda og skorts á vegaförum er líklegt að sameining Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps verði ekki að veruleika eftir kosningarnar 8. október.

Rétt sameining en röng tímasetning

Sameining Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps er rökréttur og vænlegur sameiningarkostur. Flest bendir hins vegar til að sameining nái ekki fram að ganga að þessu sinni þar sem þorri íbúanna hefur takmarkaðan áhuga á sameiningu nú.

Önnur tveggja sameiningarkosninga á Austurlandi 8. októ-

ber snýst um sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps. Fjórir kynningarfundir hafa verið haldnir og dræm aðsókn á þá endurspeglar almennt áhugalessi íbúa byggðarlaganna fjögurra á kosningunum eftir níu daga.

Með tilliti til íbúafjölda mættu flestir á kynningarfundinum í Mjóafirði, eða 15 af 38 íbúum fjarðarins. Einungis 18 mættu á fundinn á Stöðvarfirði, 16 á Reyðarfirði og 40 voru á kynningarfundinum sem haldinn var á Fáskrúðsfirði síðastliðinn mánudag.

Sameining sveitarfélaga er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að efla sveitarstjórnarstigið, ná fram hagræðingu í rekstri og gera sveitarfélögum kleift að standa undir vaxandi kröfu íbúanna um aukna þjónustu. Í því ljósi er sameining sveitarfélaganna fjögurra fýsilegur kostur enda ásteytingarsteinar bæði fáir og smáir. Mikinn samhljóð má finna í samfélagsgerðum Fjarðabyggðar og Austurbyggðar og framtíðarsýn íbúanna er af svipuðum toga.

Þann 1. desember í fyrra bjuggu 3.175 manns í Fjarðabyggð og 873 í Austurbyggð en einungis 51 í Fáskrúðsfjarðarhreppi og 38 í Mjóafjarðarhreppi. Líklegt verður að telja að sveitarstjórnarlögum verði breytt innan fárra ára í þá veruuna að fámenn sveitarfélög neyðist til að sameinast stærri sveitarfélögum. Sameiningar Mjóafjarðarhrepps og Fjarðabyggðar annars vegar og Fáskrúðsfjarðarhrepps og Austur-

byggðar hins vegar eru því í raun fyrirsjáanlegar, hver sem niðurstaða kosninganna um aðra helgi verður.

Nánast öruggt má telja að á einhverjum tímamarki renni Fjarðabyggð, Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps í eina sæng, nauðug eða viljug. En það er hins vegar afar ólíklegt að það gerist í kjölfar kosninganna eftir níu daga. Oft er deilt um skuldir og eignir sveitarfélaga í aðdraganda sameiningar en því er ekki til að dreifa eystra að þessu sinni. Tímasetningin er einfaldlega röng.

Íbúar Fjarðabyggðar gengu í gegnum sameiningu fyrir sjö árum þegar Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Reyðarfjarðarhrepps sameinuðust og Austurbyggð varð til fyrir tveimur árum við sameiningu Búðahrepps og Stöðvarhrepps.

Í kjölfar allra sameininga má búast við óánægju af ýmsum toga á meðal íbúanna á meðan verið er að móta nýtt samfélag þar sem kasta þarf fyrir róða gömlum hefðum og festa ný vinnubrögð í sessi. Íbúar Fjarðabyggðar eru að komast yfir þann þröskuld en vaxtarverkirnir eru enn í Austurbyggð.

Slíkar óánægjuraddir dofna og hverfa með tímanum en lengri tími þarf að líða áður en þeir óánægðu kjósa frekari sameiningu yfir sig.

Ekkert sveitarfélag á Íslandi hefur gengið í gegnum jafnmiklar breytingar, á jafn stuttum tíma, og Fjarðabyggð nú vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Álagið á stjórnsluna er við

þölmörk og íbúarnir fullir bjart-sýni á eigin hag og sveitarfélagsins. Sameining sveitarfélaga er ekki það sem íbúar Fjarðabyggðar eru að hugsa um á þessu hausti.

Þó svo að Fjarðabyggð verði afar skuldsett sveitarfélag um hríð, þá munu tekjurnar af álverinu og auknar tekjur í kjölfar íbúafjölgunar, leida til þess að Fjarðabyggð verður eitt stöndugasta sveitarfélag landsins í framtíðinni. Hví skyldu íbúar Fjarðabyggðar leyfa nágrönnum sínum að sitja við kjótkatlana þegar suðan er rétt að byrja að koma upp?

Góðar samgöngur innan sveitarfélags eru einar af höfuðforsendum þess að sameining verði ekki til þess að draga úr þjónustu við íbúanna. Með Fáskrúðsfjarðargöngum var einu ljóni hrint úr vegi sameiningar sveitarfélaganna fjögurra en ný og betri göng á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, og göng á milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar, eru enn utan seilingar.

Sameining Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps mun því að líkindum ekki ná fram að ganga að þessu sinni. Það gæti hins vegar orðið vænlegt til árangurs að bjóða upp á þennan sameiningarkost að fengnum betri samgöngum og eftir að álversævintýrið nær jafnvægi.



FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON
kk@frettabladid.is

DV

DÆMDUR
DÓPSALI Í
BACHELOR

„Vona að þessar
gömlu syndir verði
mér ekki að falli“

Þorir þegar aðrir þegja!

SONY®

Hugsaðu stórt!



KEP42M1SI
42" Sony Plasma sjónvarp
299.950 krónur
DVD upptökutæki fylgir frítt með.



KLV-32M1SI
32" Sony LCD sjónvarp
259.950 krónur
DVD upptökutæki fylgir frítt með.



KLV-30HR3S
30" Sony LCD sjónvarp
199.950 krónur
DVD upptökutæki fylgir frítt með.

Fáðu þér vegg sjónvarp og DVD upptökutæki fylgir!



Fylgir með!
DVD upptökutæki
44.950 kr.

RDR-GX210

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

ÚTGJÖLDIN

> VERÐ Á BÍÓMIÐA Á VENJULEGA SÝNINGU MIÐAÐ VIÐ VERÐLAG Í NÓVEMBER HVERS ÁRS

Ár	Kr.
1980	15 kr.
1985	130 kr.
1990	400 kr.
1995	550 kr.
2000	700 kr.
2003	800 kr.

neytendur
hagur heimilanna

■ HVAD KOSTAR...AÐ LÁTA SKOÐA BÍLINN?

Dýrt að mæta ekki í endurskoðun

Einn af föstum útgjaldaliðum hvers árs er að fara með bílinn í skoðun. Ef farið er með bílinn í skoðun hjá Frumherja er aðalskoðunargjald fyrir venjulegan fólksbíl 5.200 krónur en fyrir bíla yfir fimm tonnum eru það 9.100 krónur. Ef ekki er allt í lagi og settur er endurskoðunarmiði á bílinn hefur eigandinn 30 daga til að koma með hann í endurskoðun. Það kostar 1.000 krónur fyrir fólksbíl en 1.900 krónur fyrir stærri bíla. Ef hins vegar er komið með bílinn eftir þennan 30 daga frest eykst kostnaðurinn enda þarf þá að skoða allan bílinn aftur. Þá kostar það aukalega 3.400 krónur fyrir fólksbílinn en 5.100 krónur fyrir bíla yfir fimm tonnum. Hjá Aðalskoðun er verið svipt, aðalskoðunargjald fyrir fólksbíl er 5.150 kr. og 9.150 kr. fyrir stærri bíla.



■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

RKÍ opnar nýja verslun í Hafnarfirði

Í gær opnuðu deildir Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu verslun með notaðan fatnað í Strandgötu 24 í Hafnarfirði. Þar með rekur Rauði krossinn tvær verslanir en hin er á Laugavegi 12 í miðbæ Reykjavíkur.

Allt stefnir í að Rauði krossinn tiki á móti þúsund tonnum af notuðum fatnaði í ár en móttakan fer fram á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu þáðan sem fatnaðurinn er sendur í fataflokunarstöð í Gjótuhrauni 7.



Allur fatnaður sem berst er nýttur, hluti hans er seldur óflokkaður úr landi, hluti fer til hjálparstarfs erlendis og innanlands. Allur ágóði fataflokunarverkefnisins rennur í hjálparsjóð Rauða krossins.

Fiskur spornar við ofþyngd

Fiskneysla er líklegri til að sporna við ofþyngd en kjötneysla. Þetta kom fram í erindi Ingibjargar Gunnarsdóttur næringarfræðings sem hún flutti á fundi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins í tilefni af 40 ára starfsafmæli stofnunarinnar.

Ingibjörg vísaði í rannsókn á þyngdarstjórnun þar sem þátttakendur þjáðust af vægri offitu. Þeim var skipt í fjóra hópa sem allir voru settir á mataræði með jafnmiklum orkuforða, en sá munur var á að einn hópurinn fékk engan fisk, annar þorsk þrisvar í viku, sá þriðji lax þrisvar í viku og sá fjórði fiskiolíutöflur. Eftir átta vikur höfðu allir hóparnir lést en heildarþyngdartaði var meira hjá þeim sem fengu fisk eða fiskiolíu en hjá hópnum sem fékk engan fisk.

Ekki er ljóst hvað veldur því að fiskneysla sporni við ofþyngd frekar en kjötneysla, en að sögn Ingibjargar munu næstu rannsóknir miðast við að bregða ljósi á það.

FIMMTUDAGS-TILBOÐ

KULDASKÓR ■



Bubbi Byggir
3.995 kr. - verð áður
1.495 kr. - verð nú
litur: blátt
stærðir: 25 - 32

TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST ■

Toppskórin

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPÍÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16

NEYTANDINN: SIGURÐUR P. RAGNARSSON VEÐURFRÆÐINGUR

Varð vonsvikinn með tryggingar

Þegar ég horfi yfir það sem ég hef keypt yfir ævina fyrir utan náttúrulega heimilið og mat þá eru bestu kaupin sennilega sumarbústaðurinn minn," segir Sigurður P. Ragnarsson hinn kunnviðurfrétta- maður. Sumarbústaðurinn sem er í Borgarfirði keypti Sigurður fyrir þremur árum og er alsæll. „Þar hittu ég naglann á höfuðið," segir Sigurður sem finnst tómt sæla að dvelja í sveitinni. „Parna eyðir maður öllum sínum bestu stundum með fjölskyldunni," segir Sigurður sem dundar sér þar við smíðar og annað þv um líkt. „Mér finnst heillandi að komast út í náttúruna. Þar sem ég er lærður í náttúruvísindum vil ég komast þangað sem stutt er til fjalla og á vit ævintýrana," segir Sigurður og finnst bústaðurinn hvorrar krónu virði. Sigurður telur sig hafa verið nokkuð heppinn í gegnum tíðina og var lengi að rífa upp verstu kaupin. Hann komst þó að þeirri niðurstöðu að ein verstu kaup hans hefðu verið á tryggingum.

„Fyrir nokkrum árum taldi ég mig vera eins vel tryggðan og kostur var og síðan var brotist inn í bílinn minn, nýjan jeppa. Ég rak mig á eintómar læstar dyr," segir Sigurður um viðskipti sín við tryggingafélagið þegar hann reyndi að fá bæt- ur fyrir tjónið. „Það var mikið svekkelsi," segir Sigurður sem í dag leitar eftir þeim trygg- ingum sem eru ódýrastar í hvert skipti.



GÓÐ HÚSRÁÐ

■ Þórunn Högnadóttir
Þórunn Högnadóttir sjónvarpsþáttastjórnandi hringir oft í mömmu sína til að fá góð ráð sem sù hefur greinilega undir rífi hverju. Þór- unni setur til dæmis edik í vatn þegar hún þrífur glugga og segir þá glansandi á eftir. Þá notar hún matarsóða til að þrifa innan úr kaffi- könnum. „Tannkrem er það besta sem þú færð á postu- lín," segir Þórunn sem nýtir tannkremið til fleiri verka eins og að þrifa vaska. Annað gott ráð til að þrifa vaska er að nota þvottaefni. „Það var fyrir tilviljun að ég uppgötvaði það. Ég var að leggja í bleyti í vaskinum og þvoði vaskinn á eftir og hann varð eins og spegill," segir Þórunn sem sækir bæði ráð til mömmu sinnar og ömmu. Eld- gamalt ráð sé til dæmis að nota kaffikorg til að þrifa pela. „Þá setur maður þínu kaffikorg og vatn, hristir pelann og þá verður hann hreinn og finn."



Nesti fyrir fullorðna

Fólk á að fá þrjátíu pró- sent af orku dagsins úr hádegisverðinum. Best er að búa til eigin hádegis- mat því það er hollara og alltaf ódýrara en að kaupa hann tilbúinn.

Hádegisverður er mikilvæg mál- tíð. Þar fæst sú orka sem notuð er til að halda sér vakandi í vinn- unni og daglegu amstri. Hádegis- maturinn vefst fyrir mörgum og oft á tíðum freistast fólk til að fara út í búð eða á veitingastað og kaupa sér eitthvað í gogginn sem til lengri tíma lituð er kostna- aðarsamt. Guðrún Þóra Hjalta- dóttir næringarráðgjafi hefur nokkur góð ráð fyrir fólk sem vill koma lagi á hádegissíði sína með því að hugsa bæði um heils- una og fjárhaginn. „Ég hvet fólk til að útbúa mat- inn sjálfvæga þess að þú veit maður hvað maður er að borða og það er alltaf ódýrara," segir Guðrún og bætir við að úr hádegis- verðinum eigi fólk að fá þrjátíu prósent af orku dagsins. Algeng- asta nestið og það sem er ávallt klassískt er að útbúa samloku ásamt einum ávexti eða jógúrt- dós, skyri eða skyrdrykk en hægt er að útbúa nestið annað hvort kvöldið áður eða að morgni, eftir því sem hentar.

Nestið þarf þó ekki að vera til- breytingasnautt enda álegg af mörgum toga. „Ég ráðlegg fólk

að kaupa venjulegt kjöt eins og hangikjöt og skinku og taka fit- una af, því það er bragð- meira og bragðbetta," segir Guð- rún, sem er lítið hrifin af kjöt- áleggi sem er fullt af vatni. Nefnir hún brauðskinku, sem hún segir að eigi ekkert sameig- inlegt með venjulegri skinku. Nokkrar góðar hugmyndir til að auka fjölbreytni áleggssins eru til dæmis að setja rifsberjahlaup á lifrarkæfuna og olífur á kjúklingaáleggjið. Soðin egg, tómatar og grænmeti eru vinsæl en síðan er hægt að breyta út af venjunni og setja reykta silung, salat úr sýrdum rjóma og sinnepi og eplabíttum, allt eftir smekk.

Annað gott ráð er að elda meira í kvöldmatinn og taka með næsta dag. Guðrún á son í smíðan- ámi sem finnst best að taka með sér afganga í boxi og hita í ör- bylgu. Hún segir að í raun megi gera slíkt við allan mat, hins vegar séu pottréttir eða eitthvað með sósu yfirleitt girnilegra.

Ekki eru allir svo skipulagðir að þeir gefi sér tíma til að útbúa nesti. Fyrir þá bendir Guðrún á salatbari eða einfaldlega að fólk kaupi sér samloku eða langloku. „Ein samloka gefur þó ekki næga orku til að dekka hádegjið," varar hún við og segir því nauðsynlegt að fá sér jógúrt eða skyr með. Mötuneytismatur er misjafn en Guðrún segir hann þó oft á

HOLLT OG GOTT Góð næring hefur mikið að segja um andlega liðan. Góður hádegisverður getur gert gæfumuninn á því hvort fólk sé vel upplagt í vinnunni. Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma til að borða.



þú ert mjög góð- an. Þá sé hann oft nið- urgreiddur og því hagstæður. Guðrún segir mikilvægt að fólk sé sátnt við hádegismatinn og hann sé lystugur því annars sé hætta á að fólk langi í eitthvað annað og freistist til að grípa í kex eða aukabita. „Það er mjög mikið at- ríði að setjast niður og gefa sér tíma í að borða," segir Guðrún og mælir eindregið með því að fólk drekki mikið vatn.

Guðrún segir allt of algengt að fólk borði of lítið í hádeginu. Hún hafi fengið til sín konur sem borði eina skyrdós í hádeginu og fari síðan út að ganga. „Þetta skilar engu," heldur Guðrún fram enda verði fólk pirrað þegar það sé illa nært og næring hafi mikið að segja um andlega liðan og afköst í starfi.



SUMIR BORÐA EKKI NÓG Ein skyrdós í hádeginu er ekki nóg til að fullnægja orku- þörfinni.

Margir setja tjaldvagna, húsbíla, felli- og hjólhýsi í geymslu yfir veturinn:

Kostar frá 10 upp í 50 þúsund

Samkvæmt óformlegri verðkönn- un Fréttablaðsins getur kostnaður við vetrargeymslu á tjaldvögnum, húsbílum, felli- og hjólhýsum numið frá 10 og upp í 50 þúsund krónur. Verðið ræðst af tegund og stærð hýsisins en einnig af gerð og staðsetningu geymslunnar.

Segja má að þumalputtareglan sé sú að verðið lækki í jöfnu hlut- falli við fjarlægð frá Reykjavík en þar eru hýsin flest og spurnin eftir geymslu mest.

Á Suðurnesjum og Árborgar- svæðinu kostar vetrargeymsla á stóru felli- og hjólhýsi í kringum 35 þús-

und krónur. Verðið er lægra fyrir minni felli- hýsi og tjaldvagna en getur farið upp í um 50 þúsund krónur fyrir geymslu á húsbíl.

Verðið er talsvert lægra í grennd við Akureyri, þar kostar frá 10 og upp í 15 þús- und að geyma felli- og hjólhýsi.

Víðast hvar eru leigupláss vetrarins uppseld en sums staðar er enn hægt að fá inni.

Húsnæði sem reist hefur verið fyrir margs konar atvinnustarf- semi er nú nýtt fyrir geymslur



undir felli- hýsi og tjaldvagna. Má nefna að gömul refa- og svínabú þjóna nú nýju hlutverki og í stað fjórfætlinga á fódurum standa þar vagnar sem bíða þess að eigend- urnir dragi þá út í vorið á ný.

HEFST Á MORGUN KL. 20:30
1
DAGUR Í IDOL!

FYRSTA ALVÖRU PARTÍ VETRARINS

Idol-Stjörnuleit snýr aftur!



**ACER TravelMate 4502LCi**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

89.900**ACER TravelMate 2301LCi**

1.3GHz Centrino M Celeron, 256MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

59.900**ACER TravelMate 4501LMi**

1.5GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD-RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB ATI 9700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

99.900**ACER TravelMate 662LCi**

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" SXGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

89.900**ACER TravelMate 4102WLMi**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

119.900**ACER Aspire 5024WLMi**

1.8GHz AMD Turion64, 512MB DDR vinnsluminni, 80GB harðdiskur, slot DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

119.900**ACER TravelMate 4601WLMi**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X600 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900**ACER Aspire 1692WLMi80**

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

129.900**ACER Aspire 9104WLMi**

2.0GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust net, Sjónvarpskort, Windows XP Home

149.900**ACER TravelMate 8005LMiB**

1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" SXGA skjár, 128MB ATI 9700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900**ACER TravelMate 2313WLMi**

1.5GHz Celeron M Centrino, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB Mirage skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

89.900**ACER TravelMate 4101WLMi**

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

99.900**ACER TravelMate 292LMi**

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

79.900**ACER Aspire 5001LMi**

1.6GHz AMD Turion64, 512MB DDR vinnsluminni, 40GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB Mirage skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

79.900

Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbengi.

VL12
Vaxtalaust í 12 mánuði**FYRSTA GREIÐSLA 1.NÓ**



30.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 135.763
12.492

acer

ACER FERRARI 3000

2500+ AMD M Athlon, 512MB DDR minni, 60GB harðiskur, DVD-RW skrifari, 15" SXGA skjár, 128MB ATI 9200 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

149.900



40.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 93.060
7.492

acer

ACER Aspire 2001WLCi

1.4GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðiskur, Combodrif, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI 9200 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

89.900



20.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 113.763
9.158

acer

IBM ThinkPad R51-01

1.5GHz Pentium M Centrino, 256MB DDR minni, 40GB harðiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

109.900



40.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 103.477
8.325

apple

Apple iBOOK - 03

1.0GHz PowerPC G4, 256MB DDR minni, 40GB DDR harðiskur, Combodrif, 14" XGA skjár, 32MB ATI 9200 skjákort, þráðlaust netkort, Mac Os 10.3 Panther stýrikerfi

99.900



**ÞU TILBOÐ
10.000 KR
FYRSTIR
FYRSTIR FÁ**

GARVÉLAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR

**OPNUM
9:00
FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ**



10.000 LÆKKUN 8 stk


VL12
Samváls kr. 93.060
7.492

hp invent

HP Compaq NX6110-2

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 40GB harðiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

89.900



10.000 LÆKKUN 5 stk

VL12
Samváls kr. 103.477
8.325

hp invent

HP Compaq NX6110-D

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

99.900



20.000 LÆKKUN 14 stk

VL12
Samváls kr. 113.763
9.158

hp invent

HP Compaq NX6110-3

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

109.900



25.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 129.290
10.408

sony

SONY VAIO B3VP

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 14.1" XGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

124.900



10.000 LÆKKUN 5 stk

VL12
Samváls kr. 149.993
12.075

Gateway

GATEWAY M460X

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 60GB harðiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

144.900



10.000 LÆKKUN 10 stk

VL12
Samváls kr. 144.817
11.658

dell

DELL Inspiron 6000

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X300 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

139.900



50.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 103.477
8.325

acer

ACER TravelMate 803LCi

1.6GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðiskur, Combodrif, 15" SXGA skjár, 64MB ATI 9000, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

99.900



40.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 113.763
9.158

acer

ACER Aspire 1801WSMi

2.96GHz Intel P4 515, 512MB DDR minni, 80GB harðiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

109.900



50.000 LÆKKUN 2 stk

VL12
Samváls kr. 113.763
9.158

acer

ACER Aspire 2012WLCi

1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 60GB harðiskur, Combodrif, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI 9700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

109.900



30.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
Samváls kr. 134.466
10.825

sony

SONY VAIO F115B

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 60GB harðiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

129.900



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Náin tengsl í þjóðarfjölskyldunni eru okkur erfið.

Meðvirkt þjóðfélag

Þegar þrjár dagar voru liðnir frá uppljóstrun Fréttablaðsins á laugardaginn, sem margir telja að setji Baugsmálið allt í nýtt ljós, óháð stöðu þess í réttarsölunum, mátti greina það á umræðum manna á meðal að þjóðin væri orðin þreytt á hamaganginum og orðasennunum og þyldi vart fleiri fréttir í þessum dúr. Einn helsti álitgjafi landsmanna andvarpaði og skrifaði í pistli á netinu að málið liti út eins og „léleg sápa“. Samt var það grafalvarlegt og fréttirnar í rauninni ískyggilegar. Úti um allan bæ sögðu menn: „Getum við ekki talað um eitthvað annað?“

Hinir mörgu þættir Baugsmálsins og ýmissa annarra stórmála á undanförunum árum sýna að þó að íslenskt samfélag kunni að vera nútíminn holdi klæddur í okkar eigin augum fer því fjárríki að við séum nútímaleg eða upplýst í daglegri glímu okkar við breyskleikana í hinu opinbera lífi þjóðarinnar. Í stað þess að horfast í augu við vandamálin og takast á við við þau af þekkingu og hugrekki hneigjumst við til að sópa þeim undir teppi, loka dyrum og gluggum og sussa á aðra í fjölskyldunni.

Við Íslendingar erum að ýmsu leyti einstök þjóð. Það vita engir betur en við sjálfir. Við erum eins og ein stór fjölskylda. Við erum ríkastir og hamingjusamastir allra manna, búum að einstæðum menningararfi, tölum merkilegasta tungumálið, eigum sterkasta karlinn og fegurstu konuna, víkingasveitir kaupþýslumanna okkar hafa gert rómuð strandhögg utan landsteinanna og ekki er útilokað að við eigum með réttu skilið að vera kölluð gáf- adasta og skemmtilegasta þjóð veraldar. Um þetta allt getum við lesið í greinum í erlendum blöðum og tímaritum sem stöðugt eru þýddar á okkar ástkæra, ylhýra mál. Það hafa meira að segja verið gerðir um okkur sjónvarpsþættir í útlöndum.

Einn skugga ber þó á. Sálfæringar sem horfa á íslenskt þjóðfélag utan frá þykjast geta merkt í fari okkar algeng fjölskyldueinkenni sem þeir kenna við óheilbrigði. Þeir kalla þetta „meðvirkni“. Við erum svo fámenn og svo nátengd hvert öðru að við höfum tilhneigingu til að skoða öll málefni í persónulegu ljósi frændsemi eða kunningsskapar. Í flestum fjölskyldum eru einhverjir brestir sem fólk gengur misjafnlega vel að takast á við; áráttuhegðun, drykkjuskapur, framhjálald, óyndi, skapbrestir eða eitthvað í þeim dúr. En eitt er flestum slíkum viðureignum sameiginlegt; viðleitnin til að „halda andlitinu“, loka dyrum og gluggum svo nágrenninn heyrir ekki rifrildið, frétti ekki af hneykslinu, og þráin eftir friði og sáttum eftir erfiðar uppkomur. Þetta hvort tveggja, feluleikurinn og sáttarþráin, er svo sterkt og inngróið að oftar en ekki leiðir það til bælingar og kemur í veg fyrir að vandamálin, sem nauðsynlega þarfnast úrlausnar, rati í réttan farveg.

Hinir mörgu þættir Baugsmálsins og ýmissa annarra stórmála á undanförunum árum sýna að þó að íslenskt samfélag kunni að vera nútíminn holdi klæddur í okkar eigin augum fer því fjárríki að við séum nútímaleg eða upplýst í daglegri glímu okkar við breyskleikana í hinu opinbera lífi þjóðarinnar. Í stað þess að horfast í augu við vandamálin og takast á við þau af þekkingu og hugrekki hneigjumst við til að sópa þeim undir teppi, loka dyrum og gluggum og sussa á aðra í fjölskyldunni. Þessi hneigð er svo rótgróin í fjölskyldusál þjóðarinnar að við gerum okkur sjaldnast grein fyrir því í hvaða fari við erum föst, hvað þá að við áttum okkur á að meðvirkni er óheilbrigt ástand. En út úr þessum víta- hring verðum við að brjótast ef við viljum raunverulega ganga nútímanum á hönd.



REYKINGANÁMSKEIÐ FYRIR VINNUSTAÐI

Námskeiðin eru sniðin að þörfum fyrirtækja sem vilja aðstoða starfsfólk sitt við að hætta að reykja og verða þannig verðmætari starfsmenn. Ýmsar kannanir hafa leitt í ljós að reyklingamaður kostar fyrirtæki um **250 þúsund krónur á ári** umfram aðra starfsmenn (minni framleiðni vegna vinnuhléa, veikinda, óbeinna reykinga ofl.)

Liðsinnis námskeiðin eru undirbúin og framkvæmd af fagfólki á sviði hjúkrunar, hvatningar og iðjupjálfunar. Árangur er m.a. tryggður með stöðugri eftirfylgni, fundum, símtölum og með aðstoð reykningalyfja.

Liðsinni • Borgartúni 20 • Sími 533 6300 • www.liðsinni.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Næsti Bjarni geimfari?

Stefán Pálsson, hinn vaski sagnfræðingur og bloggari í flokki vinstri grænna, hefur nýverið gert stórmerka uppgötvun og ritað um hana á netið. Stefán komst að því að helsti leiðtogi stuðningsmanna Íraksstríðsins meðal almennings í Bandaríkjunum, Kristinn nokkur Taylor, er af íslenskum ættum. Ekki nema von að Stefán velti fyrir sér hvort þessi maður eigi eftir að verða þjóðhetja á Íslandi og spyrji: „Er hann næsti Bjarni geimfari?“



UNFIT TO REPORT

Þögli meirihlutinn

Stefán skrifar á blogg sitt: „Um helgina voru fjölmennar aðgerðir andstæðinga Íraksstríðsins í Washington. Sannar það nokkuð þótt 200 þúsund hafi mótmælt – kynni einhver að spyrja – hvað með þá sem heima sátu, er ekki hinn þögli meirihluti hlynntur stríðinu og situr því heima? Hugmyndin um að þeir sem ekki taki þátt í andófi hljóti að tilheyra þöglum meirihluta sem sé á öndverðri skoðun, er auðveld og þægileg leið til að loka augunum fyrir mótmælum af öllu tagi. Stundum gerist það hins vegar að menn trúna eigin áróðri og hyggjast mobilisera þennan þögla meirihluta. Þá getur niðurstaðan orðið áhugaverð. Um helgina ákváðu stuðningsmenn stríðsins í Írak að sýna klærnar. Þeir boðuðu til

aðgerða þar sem lýst var stuðningi við stríðið og mótmælafundi gegn mótmælendum.“

Tólf manns mættu

En aðgerðirnar „floppuðu illilega“. Stefán skrifar: „Tólf manns í Washington mættu á fund stríðsinnar – sem þó hafði verið kynntur í mörgum stórum fjölmiðlum í tengslum við umfjöllun um aðgerðir friðarsinnar. – Þinlegt.“ Um Íslendinginn segir hann: „Kristinn Taylor er að mér sýnist varaformaður þessara samtaka, sem einkum virðast beina spjótum sínum að Sindy Sheehan (mómmunni sem mótmælir Bush og stríðinu) en hins vegar samsæri homma og lesbía í Bandaríkjunum.“ Hvort þetta nægir til frægðar heima á Íslandi skal ósagt látið.

gm@frettabladid.is

Innmúruð og ófrávíkjanleg tryggð

Ekkert undir sólinni er alveg nýtt. Það rifjast upp fyrir mér orð og nú í nýrri merkingu. Þetta orð er að vísu til í Orðabók Háskólans og tengist þar múrverki í öllum dæmum nema einu, sem er sótt í kvæði Matthíasar Johannessen, fyrrverandi ritstjóra *Morgunblaðsins*, og þar segir: „Ég opna hjarta mitt, þetta innmúraða búr ljóða minna“ (*Fagur er dalur*, 1966). Hins vegar minnst ég þess ekki fyrir mína parta að hafa heyrt þetta lýsingarorð áður nema einu sinni, og það var þegar Jimmy Hoffa, verklyðsforinginn, var fyrir mörgum árum múraður inn í brúarstólpa einhvers staðar meðfram New Jersey Turnpike, eða svo er sagt. Lík hans er ófund- ið enn, enda innmúrað.

Nú hefur Styrmir Gunnarsson, ritstjóri *Morgunblaðsins*, svipt hulunni af Baugsmálinu og eiginlega gert að engu háværar og harkalegar andbárur nokkurra sjálfstæðismanna og Jóns Geralds Sullenberger gegn grunsemdum um pólitísk upptök málsins. Nú virðist Morgunblaðsritstjórinn hafa tekið af allan vafa um tildrög málsins með því að upplýsa, óvart að því er virðist, að hann hafi ásamt Kjartani Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, og Jóninu Benediktssdóttur, frambjóðanda sama flokks, átt aðild eða jafnvel frumkvæði að lögsókninni á hendur Baugsfeðgum og fjórum mönnum öðrum – lögsókn, sem héraðsdómur taldi ófullnægjandi þrátt fyrir þriggja ára undirbúning og vísaði frá dómi. Vert er að staldra m.a. við þessi ummæli ritstjórans: „En það er alveg sama hvaða menn Jón Steinar þekkir. Tryggð hans við ónefndan mann er innmúrað og ófrávíkjanleg og þess vegna þurfið þið Jón Gerald ekki að hafa nokkrar áhyggjur.“

Við ónefndan mann? Hvern? Fídel Kastró? Kim Il Sung? Hver er svo hátt settur á ritstjórnarskrifstofum *Morgunblaðsins*, að það er ekki þorandi að nefna hann

Í DAG

MEÐVIRKIR
MÁTTARSTÓLPAR

PORVALDUR GYLFASON



Í ljósi þeirra upplýsinga, sem liggja nú fyrir og verða ekki ve- fengdar, virðist erfitt að verjast þeirri ályktun, að ritstjóri *Morgunblaðsins* hafi ásamt framkvæmdastjóra Sjálfstæðis- flokksins og þáverandi lög- manni blaðsins og núverandi hæstaréttardómara – í krafti innmúraðrar og ófrávíkjan- legrar tryggðar við ónefndan mann! – átt aðild eða jafnvel frumkvæði að lögsókninni gegn Baugi.

á nafn í skeyti, þar sem sjálfur gullkistuvörður Sjálfstæðis- flokksins er nafngreindur vaf- ingalaust?

Hér er mikið í húfi. Fólkíð í landinu hlýtur að þurfa að fá að vita, hverjum Jón Steinar Gunnlaugsson, nýskipaður hæstaréttar- dómari, hefur að dómi Morgun- blaðsritstjórans svarið innmúraðan og ófrávíkjanlegan hollustueið. Lög um dómstóla frá 1998 kveða á um, að dómara séu „sjálfstæðir í dómstörfum.“ Í lögum segir enn fremur: „Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Hvernig getur nokkur maður setið deginum lengur á dómastóli í Hæstarétti, ef „tryggð hans við ónefndan mann er innmúrað og ófrávíkjanleg“? Og hafi innmúrað og ófrávíkjanleg tryggð verið for-

senda skipunar Jóns Steinars Gunnlaugssonar í dómarastarf í Hæstarétti, þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort aðrir embættis- menn í dómkerfinu hafi þá einnig þurft að sverja innmúraðan og ófrávíkjanlegan hollustueið „við ónefndan mann“?

Ýmsar aðrar spurningar vakna við þessar óvæntu uppljóstranir. Hvað ætli eigendum Landsbankans finnist um það, að Kjartan Gunnarsson bankaráðsmaður sitji á fundi á ritstjórn Morgunblaðs- ins, þar sem verið er að skipu- leggja lögsókn gegn fyrirtæki, sem varð skömmu síðar einn helsti viðskiptavinur bankans? Hvaða hagsmuni ætli Kjartan hafi verið að verja á þeim fundi? Orð Styrmis Gunnarssonar bregða einnig birtu á það mál. Í ritgerð sinni um formann Sjálfstæðis- flokksins í bókinni *Forsætisráð- herrar Íslands* (2004) setur Styrmir fram þá tilgátu, „... að Davíð hafi verið ljóst að áhrifamenn í Framsóknarflokknum, sem jafn- framst stjórna S-hópnum, stefndu leynt og ljóst að því að ná yfirráð- um yfir Búnaðarbankanum (þótt áhugi þeirra hafi í upphafi beinst að Landsbankanum) og að hann mundi ekki geta staðið gegn því og þess vegna talið nauðsynlegt að Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við.“ Þetta getur varla skýrara verið.

Í ljósi þeirra upplýsinga, sem liggja nú fyrir og verða ekki ve- fengdar, virðist erfitt að verjast þeirri ályktun, að ritstjóri *Morgunblaðsins* hafi ásamt fram- kvæmdastjóra Sjálfstæðisflokks- ins og þáverandi lögmanni blaðs- ins og núverandi hæstaréttardóm- ara – í krafti innmúraðrar og ófrá- víkjanlegrar tryggðar við ónefnd- an mann! – átt aðild eða jafnvel frumkvæði að lögsókninni gegn Baugi. Á þessu stigi er ekki gott að vita, hvernig málinu lýkur. Mætti kannski bjóða Þórólfi Árna- syni að segja af sér? Það gafst vel síðast. ■



Talstöðin
FM 90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarinn fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kadal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson FRÉTTASTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatáhlíð 24, 105 Reykjavík. ADALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

LANCÔME
PARIS

Haut-
Vetur

2005-2006

frá Gucci Westman
með Drew Barrymore
í "Rose Mystère"

Lancôme dagar 29. september - 5. október

Hautlitirnir eru komnir. Sjón er sögu ríkari. Líttu við og láttu förðunar- og snyrtifræðinga LANCÔME kenna þér nýjustu förðunartæknina.



Þessir vönduðu förðunarbústar fylgja þegar keyptir eru 2 hlutir úr haustlitunum.

Falleg snyrtibudda stútfull af vörum í ferðastærðum fylgir þegar keyptar eru LANCÔME vörur fyrir 5.500.- kr. eða meira.

 Lyf & heilsa
Kringlunni

Ekki hægt að réttlæta

Alla jafna finnst mér mér DV vera hressilegt og vel skrifað dagblað.



JÓHANNES JÓNSSON

Það hefur fjallað um ýmis brýn þjóðfélagsmál sem aðrir fjölmiðlar þögðu um. DV sýnist til því komið til að vera. Ég hef þó ekki alltaf verið sáttur við nærgöngulan og óvægin fréttaflokkning blaðsins. Það kann að vera vandasamt að draga mörkin á milli þess sem telst eiga erindi við lesendur og hins sem á það ekki.

Við komu mína til landsins á þriðjudaginn sá ég forsíðufrétt DV 26. september. Mér finnst hún vera langt utan við það sem réttlætanlegt er.

Um leið og ég lýsi sárum vonbrigðum mínum með „fréttina“ þá vona ég að hér hafi verið um mistök að ræða.

Heilagt stríð

Þá er langþráður draumur Palestínaraba í höfn. Gasasvæðið er nú í þeirra höndum. Mikill var fögnuðurinn; ein sneiðin enn af pínulitlu landsvæði Ísraelsmanna, svörtum fánum veifað, hleypt af byssum í sigurvímu og bænahús g y ð i n g a brennd. Þeir hafa heitið því að láta ekki staðar n u m i ð þarna. Við tókum Ísrael „piece by piece“, það er sneið fyrir sneið, fyrst við gátum ekki glept það í heilu lagi í upphafi.



ÓLÍNA JÓHANNSDÓTTIR

Við viljum Vesturbakkann (Júdeu og Samaríu), svo viljum við Jerúsalem og eftir það Ísrael allt. Arabar vilja enga gyðinga fyrir botni Miðjarðarhafs það er augljóst mál. Þetta er heilagt stríð. Burt með gyðingana, burt með krossfarana. Það er nóg til af heilabvegnum ungu fólki sem er tilbúið að fórna sér fyrir allah í þeirri sælu trú að þeirra bíði eilíf sæluvist á himnum. Því fleiri sem þeim tekst að myrða því meiri sæla bíður þeirra.

Já þetta er heilagt stríð! Hvenær ætlar heimurinn að sjá það og taka arabana alvarlega. Hver vill ekki láta taka sig alvarlega?

Þeir eru ekki neitt að grínast, 21. öldin er öld íslams segja þeir. Þeir eru bara svo tvöfaldir í roðinu allflestir að það er ekki von að krossfarar átti sig á því.

Skil ekkert í Sharon að láta undan þrýstingi araba þó svo að þeir séu margfalt fleiri og eigi samanlagt um það bil 1000 sinnum meira land en gyðingar svo ekki sé nú minnst á oliugróðann. Óþarfi fyrir hann að vera með einhverja minnimáttarkennd. Mér finnst hann standa sig eins og sönn hetja. Það er bara að átta sig á að arabar meina ekki frið; þeir meina HEILAGT STRÍÐ.

Já þetta er sko ekkert grín!

Höfundur er áhugamaður um málefni Ísraels.

Opið bréf til ritstjóra Morgunblaðsins

UMRÆÐAN
BAUGSMÁL



GUNNAR INGI GUNNARSSON
LÆKNIR

Styrmir minn!


Eins og þú veist, þá hef ég keypt Moggann minn daglega í áratugi. Segja má að sérhver brún liðinna daga hafi verið nátengd Mogganum. Mogginn hefur því gefið mér dagsnesti undanfarinna áratuga – með aðskildum myndum – bæði tímanna og mannanna.

Mogginn hefur líka gefið mér pólitískar myndir – myndir, sem ýmist hafa fallið að mínum – eða ekki. Ég hef brugðist við þeim bæði í hljóði og skrifum. Oftast í hljóði. Og eitt hefur mér ávallt fundist vera á hreinu – hingað til: Með eða á móti Mogganum, þá hef ég alltaf getað treyst honum. Svo hefur mér fundist. Stundum hef ég mátt þola Mogganum óþægilegustu andhverfu skoðana minna, eins og til dæmis varðandi ESB-aðild, gagnagrunns- og fjölmiðlamálið. En oftast hef ég þó fundið klára samleið með kratiskum viðhorfum Moggans í grundvallar velferðar- og öðrum mannúðarmálum. En nú sýnast mér

kominn óvænt tímamót. Tímamót tilfinninga og trúnaðar. Tímamót söknuðar og jafnvel sorgar. Því mér finnst ég hafa misst vin. Mér finnst ég hafa misst Moggann minn. Og þú, Styrmir minn, þú átt þarna sök í máli. Þú hefur sýnilega átt þátt í því að nota Moggann minn til að leggja fólk og fyrirtæki í einelti. Það er mér algjörlega óskiljanlegt. Þú, sem prédikar svo oft gott siðferði handa okkur hinum. Þú, sem hefur viljað vera góði tóngjafinn í íslensku þjóðlífi. En misnotar svo sjálfur Moggann minn á nornafundum með frænda mínum og Kjartani, til að fá útrás fyrir illan ásetning að modum Jónínu Ben.

Hvað hefur eiginlega komið fyrir ykkur? Og eigendur Moggans blessa svo ósómamann í stað þess að syrgja með þér. Mér hefur þótt afskaplega vænt um Moggann minn – allt frá bernsku. Og því hef ég getað fyrirgefið honum margt. En Mogginn minn er nú kominn í hlutverk, sem ég sætti mig ekki við. Og því neyðist ég nú til að láta leiðir okkar skilja. Ég get ekki styrkt ykkur og Moggann í ljótri aðför að fólki og félögum, sem þið flokkið sem óvini ykkar. Þess vegna segi ég hér með upp áskrift minni að Morgunblaðinu – frá og með dagsetningu þessa bréfs. Með þökk fyrir allt gamalt og gott, Gunnar Ingi Gunnarsson.

Nýjar og skemmtilegar barnabækur



Fornt og frægt kvæði

Í Völuspá segir völva frá því hvernig heimurinn var skapaður. Hér gera Þórarinn Eldjárn og Kristín Ragna Gunnarsdóttir þetta forna og fræga kvæði aðgengilegt fyrir börn á öllum aldri í leikandi vísum og litríkum myndum.



Sýning á myndum Kristínar Rögnu og ljóðum Þórarins Eldjárns úr bókinni: Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 7, 17. sept. – 7. okt. Börn sérstaklega velkomin!

1. sæti Barnabækur 21. – 27. sept.




Fullt af óvæntum uppákomum

Enn ein bráðfyndin bók eftir írsku rithöfundinn Roddy Doyle. Þegar Herra Mack er stungið í fangelsi fyrir vopnað rán – sem hann ætlaði sér náttúrulega aldrei að fremja – og konan hans er í óða önn að slá háleynilegt heimsmet þurfa krakkarnir að bjarga sér sjálf ... með dyggri aðstoð hundsins Hróa.



Ekki villast!

Skemmtileg bók sem hægt er að leggja yfir tímunum saman. Þú velur þér persónu, til dæmis Kleópötru Egyptalandsdrottningu eða tunglfarann Neil Armstrong, og kemur þeim á sinn rétta stað í sögunni eftir óútreiknanlegum brautum völundarhússins. Góða skemmtun!



Í fuglabjarginu

Rissa skriður úr egginu sínu í stóru fuglabjargi á Íslandi. Þegar líður á sumarið fljúga ungarnir hver af öðrum. Allir nema Rissa sem vill ekki læra að fljúga. Ný og stórglæsileg bók eftir Kristínu Steinsdóttur og Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur, höfunda verðlaunabókarinnar Engill í vesturbænum.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðana-síðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísu eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 7.31 13.18 19.04
 AKUREYRI 7.16 13.03 18.47
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

heimili o.fl.

SÆNGUR OG RÚMFÖT
 Hlýlegt á haustin. BLS. 6

heilsa o.fl.

TANNHIRÐA
 Er mjög mikilvæg. BLS. 4

tíska o.fl.

ARMBÖND OG HÁLSMEN
 Skart fyrir haustið. BLS. 3

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL.

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 29. sept.,
 272. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Í skólaferðinni fór-
 um við á bátahjól
 sem er bátur sem
 keyrir á vatninu!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði


Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is

visir



Dr. Gunnar með gönguskóna sem hafa farið með honum um fjöll og firnindi.

Fer í gönguskónum um fjöll og firnindi

Gunnar Lárus Hjálmarsson tónlistarmaður hugsar lítið um tísku.
 Hann vill fyrst og fremst að fötin séu þægileg.

„Það er nú engin flík í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Til að velja eitthvað tek ég bara gönguskóna mína,“ segir Gunnar Lárus Hjálmarsson, öðru nafni Dr. Gunnar, aðspurður um uppáhaldsflik-

ina. Hann valdi skóna þar sem hann gerir einungis eitthvað skemmtilegt svo sem vera úti í íslenskri náttúru og ganga á fjöll þegar hann klæðist þeim. „Maður fer ekkert í svona skó bara til að keyra í Bónus,“ segir hann og bætir því við að hann hafi lítið vitað um skóna þegar hann keypti þá. „Mér var sagt að þetta væri ítalskt eðalleður og ég keypti einhverja fitu með til áburðar.

Þetta er eina flíkin sem maður þarf eitthvað að dunda sér með.“

Skóna keypti Gunnar til að fara að ganga meira um hverfi sitt, Vesturbæinn, en gönguferðirnar urðu fljótt lengri. Nú hefur hann gengið upp á öll hugsanleg fjöll í nágrenni Reykjavíkur og segir skóna eiga þar stóran þátt, enda númer eitt, tvö og þrjú að hafa góðan fót-

búnað í löngum göngum.

Gunnar hugsar mjög lítið um tísku og finnst aðalatriðið að klæðnaðurinn sé sem þægilegastur. „Ég vil helst vera í fötum með fullt af vösum, til dæmis buxum með hliðarvasa, til að geyma alls konar drasl sem ég á. Maður hefur ekki náð þeim fullkomleika að vera með tösku.“ Gunnar reynir þó að komast í búðina Old Navy þegar hann fer til Bandaríkjanna. „Það er

Breska tískukeðjan Mosaic hagnaðist um ríflega 300 milljónir króna á fyrri árshelmingi rekstrarárs félagsins. Á tímabilinu féll til töluverður kostnaður vegna kaupna á Karen Millen og Whistles auk kostnaðar vegna endurfjármögnunar og hlutafjárútbóðs. Að þeim kostnaði frátöldum nam hagnaðurinn rúmum milljarði á tímabilinu. Innan félagsins eru einnig tískukeðjurnar Oasis og Coast.

Velta félagsins jókst um sautján prósent á fyrri árshelmingi og um nítján prósent á öðrum ársfjórðungi, þótt rekstrarumhverfi hafi verið óhagstætt í smásölu í Bretlandi á tímabilinu.

Forstjóri félagsins Derek Lovelock segir niðurstöðuna gleðilega og ánægjulegt að geta birt svo góða niðurstöðu í fyrstu ársfréttaskýrslu sem skráð íslenskt fyrirtæki. Hann segir að uppbygging á öðrum ársfjórðungi hafi verið ör. Á fyrri helmingi ársins hafi verið opnaðar 43 búðir



VETRARTÍSKAN Gert er ráð fyrir að áfram verði góður vöxtur í rekstri tískukeðjunnar Mosaic. Hér má sjá dæmi um það sem verður í búðum Oasis í vetrarbyrjun.

þar af 33 með samstarfsaðilum í Kína. Meðal þeirra var fyrsta búðin í Peking. Stefnir er að áframhaldandi skriðþunga í fjölgun verslana og meðal annars gert ráð fyrir að flaggskipsbúð Karen Millen verði opnuð á Regent Street í miðborg Lundúna á árinu.

Hann segir þriðja ársfjórðung hafa farið vel af stað og áætlað að veltuaukning ársins í heild verði átján prósent og hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði verði 59 milljón pund eða ríflega 6,5 milljarðar króna.

- hb

HVAÐ ER Í GANGI?



Hvergi í Evrópu eru fleiri bílar en í Reykjavík, nærri einn bíll á hvern einstakling á bílprófsaldri. Nánast allt útstreymi lofttegunda sem veldur mengun í Reykjavík kemur frá akstri ökutækja. Með því að ganga, hjóla og taka strætó getur þú minnkað mengun og bætt heilsuna.

ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ DREPA Á BÍLNUM
ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ

Virkjum okkur!



Reykjavíkurborg

SILVIO BERLUSCONI (1936-)
á afmæli í dag.



„Aðeins ég get snúið gæfuhjólunum þessu landi í vil.“

Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, er jafnan kokhraustur en ófáum þykir hann ekki vandur að meðulum.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 29. SEPTEMBER 1997

Tengsl kúariðu og Creutzfeldt-Jakob staðfest

Á þessum degi árið 1997 staðfestu breskir vísindamenn að þeim hefði tekist að sýna fram á tengsl milli heilasjúkdóma í mönnum og kúm. Þá sögðu þeir líklegt að 21 einstaklingur í Bretlandi sem hafði fengið nýtt afbrigði af Creutzfeldt-Jakob heilasjúkdómnum hefðu líklega veikt eftir að hafa borðað nautakjöt sýkt af kúariðu.

Vísindamennirnir töldu sig einnig geta sýnt fram á að líkurnar á því að sýkjast af Creutzfeldt-Jakob yltu að einhverju leyti á erfðasamsetningu fólks. Um 38 prósent landsmanna í Bretlandi voru með erfðasamsetningu sem gerði þá líklegri til að fá sjúkdóminn en ekki neyttu þeir sýkts kjöts. Kúariða greindist fyrst í Bretlandi árið 1986 og áratug síðar vöknudu grunsemdir um tengsl veikinnar og Creutzfeldt-Jakob sjúkdómsins. Evrópusambandið lét setja útlutningsbann á breskt nautakjöt í kjölfarið. Árið 1998 leiddi opinber rannsókn í ljós 3.253 tilfelli af kúariðu og að átján hefðu látist úr Creutzfeldt-Jakob eftir að hafa borðað sýkt kjöt. Kúariða hefur hingað til ekki valdið nærri eins miklum búsjúfum og til dæmis gin- og klaufaveiki, en hefur engu að síður vakið athygli og ótta meðal manna vegna smithættunnar og hinna hræðulegu afleiðinga sem hún hefur í för með sér. Kúariða og Creutzfeldt-Jakob veldur heilarýrnun sem leiðir að lokum til dauða.



MERKISATBURÐIR

- 1567 Hügenottar reyna að ræna Karli IX Frakklandskonungi í trúarbragðastríðunum.
- 1906 Landssími Íslands tekur til starfa við hátíðlega athöfn.
- 1938 Adolf Hitler, Benito Mussolini, Édouard Daladier og Neville Chamberlain undirrita Münchenarsamkomulagið.
- 1944 Sovéttmenn ráðast inn í Júgóslavíu.
- 1974 Auður Eir Vilhjálmstöðttir tekur prestvígslu fyrst íslenskra kvenna.
- 1978 Jóhannes Páll I páfi deyr eftir aðeins 33 daga í embætti.
- 1988 Bandaríkjamenn skjóta fyrstu mönnuðu geimferjunni á loft eftir Challenger slysið hálfu þriðja ári fyrr.

GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON VERÐUR BÆJARSTJÓRI Á AKRANESI

Alæta á íþróttir

Guðmundur Páll Jónsson hefur verið oddviti fram-sóknarmanna í bæjarstjórn Akraness í ellefu ár. Hinn 1. nóvember tekur hann við starfi Gísla Gíslasonar bæjarstjóra, sem verður hafnarstjóri Reykjavíkurhafnar. „Það kom mér ekki á óvart að sóst væri eftir Gísla Gíslasyni í þetta starf. Hann er okkar hæfasti maður til að takast á við þetta verkefni,“ segir Guðmundur Páll, sem hefur starfað með Gísla sem bæjarfulltrúi í ellefu ár. „Ég þekki mjög vel til allra verka Gísla og fyrir hvað hann stendur,“ segir Guðmundur og telur það gott vegna þess fyrir sig inn í starfið.

Guðmundur hefur unnið hjá HB Grandu og áður Haraldí Böðvarssyni í um níttján ár og lengst af sem starfsmannastjóri. Hann fær nú tímabundið leyfi frá störfum meðan hann sinnir bæjarstjórnarstarfinu en hann er ráðinn út kjör-tímabilið. Hvað verður eftir það vill Guðmundur ekki upplýsa heldur segir tímanna verða að leiða það í ljós.

Guðmundur hlakkar mikið til að takast á við starfið. „Sveitarstjórnar-

vettvangurinn er mjög spennandi vettvangur. Samfélagið er þróttmikið og mikið að gerast. Til dæmis hafa aldrei fleiri hús verið byggð en á þessu ári. Mitt hlutverk er bara að fylgja eftir þessum mikla þrótti og krafti,“ segir Guðmundur Páll, sem hefur mikinn áhuga á íþróttum og þjóðmálum. Hann segir ljóst að ekki sé hægt að búa á Akranesi án þess að hafa áhuga á fót-bolta. „Ég er alæta á íþróttastarf og íþróttalíf,“ segir Guðmundur, sem æfði og keppti í sunði á sínum yngri árum. „Ég er Skagamaður út í gegn enda fæddur og uppalinn á Akranesi,“ segir Guðmundur, sem segir ótrúlega gott að búa á Akranesi sem íþróttááhuga-maður og -iðkandi og sem faðir ungra barna sem stunda íþróttir.

Guðmundur og eigin-kona hans hafa fallið fyrir golfíþróttinni eins og svo margir. „Okkar fyrsta reynsla er mjög áhuga-verð og gott að geta átt sameiginlegar stundir og áhugamál,“ segir Guðmundur og telur mjög heppilegt að hjón fari saman á golfnámskeið. ■



BÆJARSTJÓRINN VERÐANDI Guðmundur er Skagamaður út í gegn enda fæddur og uppalinn á Akranesi.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Einarsdóttir

fyrirverandi kaupmaður, Hofteigi 30, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju föstudaginn 30. september klukkan. 15.00.

Elisabet Erlingsdóttir

Atli Ásbergsson

Hörður Erlingsson

Erna J. Sigmundsdóttir

Oddi Erlingsson

Sigurborg E. Billich

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

Kristín Hallsdóttir

Kedjevægen 5, Örebro, Svíþjóð,

sem lést miðvikudaginn 14. september, verður jarðsöngin þann 30. september í Máster Olofs kapell, Örebro, Svíþjóð.

Kjell Söderberg

Guðný Ólafía Stefánsdóttir

Hallur Viggósson

Kristrún Birna Viggósdóttir

Dagný Viggósdóttir

Guðni Þór Viggósson

Vernharður Sveinn Vigsteinsson

Þórunn Kristín Vigsteinsdóttir

Björn Hallsson

Edda Hallsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Linda Sigurðardóttir

Jón Rafn Einarsson

Óskar Rúnar Samúelsson

Ylva Viggósson

Maria Jannesson

Martin Widö

Jarþrúður Rafnsdóttir

Finnbogi Gústafsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, dóttur, tengdaóttur og ömmu,

Guðnýjar (Nínu) Jóhannesdóttir

Einhamri (áður Jörundarholti 26), Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Akraness.

Hjörleifur Jónsson

Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir

Lísbet Fjóra Hjörleifsdóttir

Guðrún Hjörleifsdóttir

Fjóra Guðbjarnardóttir

Lilja Helgadóttir

og barnabörn.

Elvar Trausti Guðmundsson

Gunnar Sigurðsson

Hilmar Ægir Ólafsson

★ SÓLSTEINAR

★ Gæði

★ Góð þjónusta

★ Gott verð

★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566

www.solsteinar.is

200 Kopavogur • sol@solsteinar.is



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarförir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Kristín Jónsdóttir

Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 20. september. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. september klukkan 15.00.

Reynir Jóhannesson

Elisabet Reinhardsdóttir

Reinhard Reinhardsson

Stefanía Reinhardsdóttir Khalifeh

og barnabörn.

Sigvaldi H. Ægisson

Karólína I. Guðlaugsdóttir

og barnabörn.

AFMÆLI

Sigmundur Guðbjarnason prófessor er 74 ára.

Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar, er 61 árs.

Ólafur Örn Haraldsson, framkvæmdastjóri Ratsjárstofnunar, er 58 ára.

Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður er 55 ára.

Arni Bjarnason, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, er 53 ára.

Bera Nordal listfræðingur er 51 árs.

ANDLÁT

Pétur Guðni Kristbergsson, Brunnstíg 5, Hafnarfirði, andaðist á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 16. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Hulda Guðbjartsdóttir, Elliðavöllum 10, Keflavík, andaðist á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 21. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Gísl Víðar Harðarson slökkviliðs- og sjúkraflytningamaður, Óðinsvöllum 4, Keflavík, lést fimmtudaginn 22. september.

Sigríður Rákel Þórarinsdóttir frá Þernuvík, áður búsett í Akurgerði 34, lést á heimili sínu, Norðurbrúnn 1, sunnudaginn 25. september.

Franz E. Pálsson, Granaskjólí 1, Reykjavík, lést á Landspítala Landakoti mánudaginn 26. september.

Aðalbjörg Halldórsdóttir frá Grenjaðarstað, lést þriðjudaginn 27. september.

JARÐARFARIR

13.00 **Aðalsteinn Valdimar Jónsson** veltstjóri, Stígahlíð 6, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Grafavogskirkju.

13.00 **Einar Sigurðsson**, Hátúni 10b, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskapellu.

13.30 **Valgerður Guðmundsdóttir** ljósmóðir frá Seljabrekkum, Mosfellsveit, síðar búsett á Dalvík, verður jarðsöngin frá Dalvíkurkirkju.

15.00 **Kristín Jónsdóttir**, Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

Afmæli

Þann 5. október verður frú Árbjörg Ólafsdóttir, Suðurhólum 30, 90 ára.

Í tilefni afmælisins mun hún taka á móti ættingjum og vinum í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju sunnudaginn 2. október á milli klukkan 15 og 17.





VEGGFÓÐUR.

Nýtt tímarit um hönnun

– vertu með frá byrjun!

VEGGFÓÐUR er tímarit þar sem falleg heimili, hönnun og matargerð spila stóra rollu. Blaðið er í samstarfi við samnefndan þátt á Sirkus með Völu Matt og verður blaðið kynnt sérstaklega í hverjum þætti. Ritstjórar tímaritsins eru Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson.

VEGGFÓÐUR kemur út 12 sinnum á ári og kostar aðeins kr. 699.

FYRSTA TÖLUBLAÐ KEMUR ÚT 30. SEPTEMBER.

Síminn er 550 5000
askrift@veggfodur.is



Tilboð fyrir nýja áskrifendur

FÁÐU ÞÉR **12 MÁNAÐA ÁSKRIFT** NÚNA Á AÐEINS **KR. 5.872** OG FÁÐU FALLEGA GJÖF AÐ AUKI.

1

Petal Essence Face Accents þriggja lita andlisfarði frá Aveda og Aveda box sem hentar afar vel undir. Gott til þess að hafa í veskinu eða skápnum.



2

Aqualina Bodymousse sem er jógúrtlína fyrir allar viðkvæmstu húðgerðir. Sú besta til að næra húðina og gera hana mjúka. Jógúrtlínan kemur í 3 baðtegundum sem hægt er að velja á milli: kirsuberja, Ananas og villiberja.



3

Zirh taska með snyrtivörum fyrir karlmenn. Tilvalið í ferðalagið eða helgarferðina.





Heyrst hefur ...

... að Olga Færseth, sem lék með ÍBV undanfarnir tvö sumur, gerir sér vonir um að spila á fasta landinu næsta sumar og öll helstu liðin á suðvesturhorninu eru sögð gera hósar sínar grænar fyrir mestu markadrotningu íslenskrar kvennaknattspyrnu frá upphafi. Nú er að sjá hvaða lið vinnur kapphlaupið um Olgu.



GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐSSON: VILL EKKI FARA AFTUR TIL VÍKINGS Á NÆSTA SUMRI

Spennandi að vera áfram með Valsliðinu

Grétar Sigfinnur Sigurðsson, sem lék með Val í Landsbankadeild karla í sumar, hefur áhuga á því að vera áfram leikmaður hjá Val en framtíð hans til þessa hefur verið óljós þar sem Grétar er einungis á lánsamningi frá Víkingi, sem komst upp úr 1. deildinni í sumar. „Mér hefur liðið vel hjá Val og vonandi verð ég áfram hjá félaginu. Eftir að Sigurður Jónsson ákvað að hætta sem þjálfari Víkings fór nú eiginlega minn áhugi á því að vera hjá félaginu því hann kenndi mér margt og ég ber mikla virðingu fyrir honum sem þjálfara. Ég hef nú ekki trú á því að Víkingur vilji halda mér óánægðum en félagin

verða að ná samkomulagi um það hvornig félagaskiptum mínum verður háttáð.“

Grétar stefnir á að verða Íslandsmeistari með Val á næsta tímabili og vonast eftir því að geta verið hjá félaginu að minnsta kosti eitt ár í viðbót. „Ég vil taka þátt í því

uppbyggingarstarfi sem nú er hafð að Hlíðarenda og ég er viss um að við getum orðið Íslandsmeistarar á næstu leiktíð. En ég stefni á að komast í atvinnu-mennsku í framtíðinni og svo vil ég líka komast í landsliðið eins og allir metnaðarfullir leikmenn.“

Enginn stjórnarmaður Víkings hafði talið að Grétar um að koma aftur til félagsins. „Ég hef ekki heyrt í neinum hjá Víkingi um að koma aftur til baka. Það þarf ekkert að vera neitt undarlegt þar sem stjórnin er örugglega að ganga frá samningamálum við leikmenn og þjálfara. En það væri þægilegt ef málin myndu skýrast sem fyrst því það er slæmt að hafa þessi mál í lausu lofti. Það hlýtur að vera farsælast að fá niðurstöðu í þessi mál sem fyrst.“



> Við hrósum ...

... Sebastian Alexanderssyni, þjálfara og markverði Selfyssinga, sem átti stórbrotinn leik í 29-26 sigri Selfoss á Þór í gær. Sebastian varði 30 skot í leiknum, þar af 3 víti, og skoraði auk þess síðasta mark Selfoss í leiknum. Selfoss hefur komið mörgum á óvart með því að næla í 3 stig í fyrstu 3 umferðunum.

> Við veltum fyrir okkur ...

... hvort Bogdan Kowalczyk viti af því að Sigurður Valur Sveinsson sé að þjálfa besta varnarlið DHL-deildarinnar - lið sem hefur aðeins fengið á sig tæpt 21 mark að meðaltali í fyrstu þremur umferðum DHL-deildar karla.



MEISTARADEILDIN

E-RÍÐILL:

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Schalke-Ac Milan (2-2), Fenerbahce-PSV (3-0), AC Milan (5-3), Fenerb. (4-3), PSV (1-3), Schalke (2-3).

F-RÍÐILL:

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Rosenborg-Lyon (0-1), Real Madrid-Olympiakos (2-1), Lyon (4-0), Rosenb. (3-2), R. Madrid (2-4), Olymp. (2-5).

G-RÍÐILL:

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Liverpool-Chelsea (0-0), Anderlecht-Real Betis (0-1), Liverpool (4-2), Chelsea (1-0), Real Betis (2-3), Anderl. (0-2).

H-RÍÐILL:

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Internazionale-Rangers (1-0), Porto-Artmedia (2-3), Inter (6-2), Artmedia (3-3), Rangers (3-3), Porto (4-6).

Baráttan var í fyrirrúmi

Átta leikir fóru fram í Meistaradeild Evrópu í gærkvöld. Skorað var í þeim öllum að leik Liverpool og Chelsea í undanskildum.

FÓTBOLTI Það var sannkallaður stórmeistaraslagur á Anfield í Liverpool þegar núverandi Evrópu-meistarar Liverpool og Englandsmeistarar Chelsea gerðu markalaust jafntefli í bragðdaufum baráttuleik. Liverpool taldi sig í tvígang eiga að fá vítaspyrnu en Massimo Di Santis dómari frá Ítalíu var ekki á sama máli. Í fyrri skiptið virtist Didier Drogba brjóta á Sami Hyypia og í seinna skiptið varði William Gallas skalla frá Jamie Carragher með hendi. „Við spiluðum betur en Chelsea og það var hreint með ólíkindum að við skyldum ekki fá víti í leiknum. En svona er fótboltinn, stundum fær minna liðið ekki neitt frá dómurinum,“ sagði Rafael Benitez knattspyrnustjóri Liverpool.



ÞETTA VAR EKKERT Fyrirlíði Chelsea, John Terry, fær hér gult spjald fyrir brot á Xabi Alonso í leik Liverpool og Chelsea á Anfield í gær.

Það var greinilegt að Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, lagði leikinn upp með að ná jafntefli því í lokin tók hann sinn fremsta mann, Didier Drogba, af velli og setti Þjóðverjann Robert Huth miðvörð inn á í hans stað. Eiður Smári Guðjohnsen sat allan tímann á bekknum og á því enn eftir að koma við sögu í Meistaradeild Evrópu þetta leiktímabilið. „Vanalega er heimaliðið ósátt með að ná ekki sigri en mér sýnist sem þeir séu ánægðir,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea.

Hjá Real Madrid var tvítugur strákur, Roberto Soldado, hetja liðsins þegar hann gerði sigurmark þeirra gegn Olympiakos í 2-1 sigri á Bernabeu-vellinum í Madrid. Fyrri mark Real gerði

Raúl sem var hans 50. í Meistaradeildinni. Englendingurinn David Beckham lagði upp bæði mörkin fyrir heimamenn sem eru þeir sigursælustu í sögu Meistaradeildarinnar.

Í Mílanó á Ítalíu sigruðu heimamenn lið Glasgow Rangers frá Skotlandi með einu marki gegn engu. Mark Inter gerði David Pizarro í fyrri hálfleik. Skömmu áður hafði Julio Cruz klúðrað vítaspyrnu fyrir Inter. Í Þrændheimi í Noregi töpuðu heimamenn fyrir frönsku meisturunum í Lyon. Eitt mark skildi liðin að og það gerði Brasilíumaðurinn Chris á lokamínútu fyrri hálfleiks.

Í Þýskalandi fór fram skemmtilegur leikur þegar Schalke náði tvívégis að jafna gegn AC Milan og gera 2-2 jafntefli við ítölsku risana. Clarence Seedorf gerði fyrsta mark Milan í leiknum eftir aðeins 22 sekúndur. Annað mark Milan gerði Andriy Shevchenko. Mörk Schalke gerðu þeir Sören Larsen frá Danmörku og Tyrkinn Halit Altintop.

En aðalsigurvegjar kvöldsins voru strákarnir í Artmedia frá Bratislava í Slóvakíu. Þeir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu fyrrum Evrópumeistara Porto 3-2 á úti-velli eftir að hafa lent 2-0 undir.

hjonvar@frettabladid.is

Valsmenn töpuðu sínum fyrstu stigum í DHL-deild karla í Höllinni í gær: Íslandsmeistarar Hauka sterkari í lokin

HANDBOLTI Haukar unnu mikilvægann sigur á Val, 32-29, í DHL-deildinni í leik sem var jafn og spennandi lengst af.

Valsmenn byrjuðu betur og höfðu góð tök á leiknum framan af. Það virtist taka Haukana nokkurn tíma að venjast hraðanum í leik Valsmanna en þeir röðuðu inn mörkunum á upphafsmínútunum. Munurinn varð mestur 4 mörk þökk sé góðri markvörslu Hlyns Jóhannessonar en Haukar áttu góðan endasprett og minnkuðu muninn í eitt mark fyrir hálfleik.

Haukar hófu seinni hálfleikinn af miklum krafti og mestu munaði um að Árni Sigtryggsson vaknaði til lífsins eftir slakan fyrri hálfleik og skoraði grimmt. Valsmenn héngu í þeim og jafnt var á flestum tölum allt þar til 10 mínútur voru eftir. Góður leikafli hjá Haukum kom þeim í fjögurra marka forskot þegar fimm mínútur voru eftir og það reyndist Valsmönnum um megn að vinna það upp.

Hjá Val var Hlynur Jóhannesson sterkur í fyrri hálfleik með 14 skot varin en markvarslan hjá



FYRSTA TAPIÐ Valsmaðurinn Sigurður Eggertsson sést hér skora eitt af sjö mörkum sínum gegn Haukum í gær en það dugði þó ekki til.

Val datt niður í seinni hálfleik. Mohamadi Loutoufi og Sigurður Eggertsson voru illviðráðanlegir í sókninni en aðrir skiluðu ekki nógu miklu.

Haukaliðið náði loks að sýna sitt rétta andlit eftir tvo slaka

leiki. Birkir Ívar sýndi jafna og góða markvörslu og þeir Jón Karl Björnsson, Árni Sigtryggsson og Freyr Brynjarsson léku vel og þá átti Gísli Jón Þórisson góða innkomu í seinni hálfleik.

- hrm

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild karla í handb.:

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Valur-Haukar (29-32), Mörk Vals: Mohamadi Loutoufi 9, Sigurður Eggertsson 7, Baldvin Þorsteinsson 6/1, Ingvar Árnason 2, Kristján Karlsson 2, Hjalti Pálmason 2, Davíð Höskuldsson 1. Mörk Hauka: Jón Karl Björnsson 8/2, Árni Þór Sigtryggsson 7, Freyr Brynjarsson 5, Gísli Jón Þórisson 4, Kári Kristjánsson 3, Andri Stefan 3, Ólafur Björnsson 1, Arnar Pétursson 1. FYLKIR-FH (27-22 (12-10)). Mörk Fylkis: Heimir Örn Árnason 8, Arnar Þór Sæþórsson 6, Hreinn Þór Hauksson 6, Brynjar Þór Hreinsson 3, Ingólfur Axelsson 1, Arnar Jón Agnarsson 1, Ásbjörn Stefánsson 1. Mörk FH: Andri Berg Haraldsson 6, Linas Kalasauskas 4, Pálmi Hlößversson 3, Valur Örn Arnarson 3, Hjörtur Hinriksson 3, Daniel Berg Grétarsson 2, Tómas Sigurbjörgsson 1.

FRAM-AFTURELDING 26-21 (14-11)

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Fram: Sergei Serenko 7, Jóhann Gunnar Einarsson 5, Haraldur Þorvarðarson 4, Þorri Gunnarsson 3, Guðjón Dreggsson 2, Jón Björgvin Pétursson 2, Sífús Sífússon 2, Guðlaugur Arnarson 1. Mörk Aftureldingar: Ernir Hrafn Arnarson 7, Einar Ingi Hrafnsson 4, Daniel Jónsson 2, Hrafn Ingvarsson 2, Haukur Sigurvinsson 2, Vlad Trúfan 1, Hilmar Stefánsson 1, Ásgeir Jónsson 1, Magnús Einarsson 1.

KA-HK 29-29

Tölræfandi barst ekki áður en Fréttablaðið fór í prentun.

STJARNAN-ÍR 30-38 (15-19)

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Mörk Stjörnunnar: Arnar Theóðórsson 6, Björn Friðriksson 5, David Ketkela 5, Patrekur Jóhannesson 5, Kristján Kristjánsson 4, Þórólfur Nielsen 3, Gunnalaugur Garðarsson 2. Jacek Kowal varði 14 skot. Mörk ÍR: Ragnar Már Helgason 9, Ólafur Sigurjónsson 8, Tryggvi Haraldsson 7, Hafsteinn Ingason 5, Andri Númason 5, Ísleifur Sigurðsson 2, Þorleifur Björnsson 1, Davíð Ágústsson 1. Gísli Guðmundsson varði 16 skot.

SELFOSS-ÞÓR AK. 29-26 (17-14)

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Mörk Selfoss: Vladimír Duric 9, Ívar Grétarsson 8, Ramunas Mikalonis 6, Gylfi Már Ágústsson 3, Hörður Bjarnason 2, Sebastian Alexandersson 1. Sebastian Alexandersson varði 30 skot þar af 3 víti. Mörk Þórs: Rúnar Sigtryggsson 6, Aigars Lazdins 4, Sindri Haraldsson 4, Arnór Þór Gunnarsson 3, Heiðar Aðalsteinsson 3, Sindri Viðarsson 2, Sigurður B. Sigurðsson 2, Brendan Þorvaldsson 1, Bjarni Gunnar Bjarnason 1. Shota Tevdzadze varði 16 skot.

ÍBV-VÍKINGUR/FJÖLNIÐ 33-31 (14-13)

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include Mörk ÍBV: Mladen Cacic 10, Goran Kuzmanoski 9, Jan Vítipil 3, Grétar Þór Eyþórssen 3, Michal Dostalín 3, Ólafur Víðir Ólafsson 2, Erlingur Richardsson 2, Davíð Þór Óskarsson 1. Mörk Víkings: Sverrir Hermannsson 10, Árni Björn Þórarinnsson 9, Björn Guðmundsson 8, Brjánn Bjarnason 4.

STADAN:

Table with 4 columns: Team, Goals, Assists, Points. Rows include Fram (3, 3, 0, 0, 80-67, 6), KA (3, 2, 1, 0, 87-78, 5), Haukar (3, 2, 0, 1, 80-75, 4), ÍR (3, 2, 0, 1, 104-89, 4), Valur (3, 2, 0, 1, 99-83, 4), Fylkir (3, 2, 0, 1, 65-62, 4), Aftureld. (3, 1, 1, 1, 73-77, 3), Selfoss (3, 1, 1, 1, 81-89, 3), HK (3, 1, 1, 1, 89-87, 3), Þór AK. (3, 1, 0, 2, 75-79, 2), ÍBV (3, 1, 0, 2, 82-107, 2), Stjarnan (3, 1, 0, 2, 87-85, 2), FH (3, 0, 0, 3, 64-75, 0), Vík./Fjöl. (3, 0, 0, 3, 74-87, 0).


fiac LOFTPRESSUR advertisement with images of air compressors and contact information for PÓR HF Reykjavík - Akureyri.

ÚR SPORTINU

Stuðningsmannaklúbbur Leeds United á Íslandi ætlar sér að fara í hópförð hinn 20. október til þess að sjá tvo leiki í enska boltanum, Leeds United gegn Sheffield United og Manchester United gegn Tottenham Hotspur. Athygli vekur að einungis er hægt að kaupa miða á leik Manchester United og Tottenham fyrir fram en klúbbmeðlimir verða að kaupa miða á staðnum til þess að sjá Leeds spila. Sennilega er ástæðan sú að Leeds leikur þessa stundina í 1. deild á Englandi en Manchester United og Tottenham eru vitanlega í úrvalsdeildinni. Stjórn Leedsklúbbsins getur þó útvegað miða á hagstæðum kjörum.



Knattspyrnusamband Íslands var sektað um 500 þúsund íslenskar krónur vegna fjölda áminninga sem A-landslið karla fékk í tveimur síðustu leikjum í undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu. Fjórir leikmenn íslenska liðsins fengu að líta gula spjaldið í leiknum gegn Króatíu á Laugardalsvelli og í leiknum gegn Búlgaríu voru fimm leikmenn áminntir. Fyrir þessar níu áminningar var KSÍ sektað um 500 þúsund krónur. **Eiður Smári Guðjohnsen** landsliðsfyrirliði og **Hermann Hreiðarsson** voru meðal þeirra fimm sem áminntir voru í leiknum gegn Búlgaríu og verða þeir tveir því í banni í leiknum gegn Svíþjóð í næsta mánuði.



Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, var æfur út í fjölmiðla eftir leikinn gegn Benfica í Meistaradeild Evrópu en þá gagnrýndu nokkrir blaðamenn leikskipulag liðsins. **Ferguson** sagðist ekki ætla að reyna að fræða blaðamennina um fótbolta, hann væri einfaldlega búinn að gefast upp á því. „Það er alltaf sama sagan með ykkur blaðamenn. Þið teljið mig vera að stjórna liðinu illa og viljið breyta leikskipulaginu. Mér finnst breskir fjölmiðlar vera á villigötum. Þið viljið alltaf breyta öllu, sama hvernig gengur. Látið mig um að stjórna liðinu. Eg hef náð ágætis árangri með því að treysta á mína eigin vitneskju um fótbolta. Ekki vera að skipta ykkur af mínum störfum því ég held að það muni engu breyta um hvernig ég sé hlutina fyrir mér,“ sagði reður **Alex Ferguson**.



Matthías E. Sigvaldason hefur skrifað undir samning við Fjölni um að þjálfja meistaraflokk kvenna í knattspyrnu hjá félaginu næstu tvö ár. **Matthías** hefur lengi þjálfað yngri flokka en hann hefur starfað sem þjálfari hjá Leiftri og Fjölni. **Matthías** lék á sínum tíma með Fjölni, Leiftri og Dalvík og þjálfaði meðal annars meistaraflokk kvenna hjá Leiftri árið 1999. **Matthías** hefur einnig þjálfað meistaraflokk karla hjá Fjölni en það var árið 2001. Gott unglíngastarf í Grafarvöginum á vafalaust eftir að styrkja meistaraflokk Fjölnis á næstu árum.

Fabio Capello, knattspyrnustjóri Juventus, er ekki hrifinn af hugsnarhætti Svians **Zlatan Ibrahimovic**, sem er á mála hjá Juventus. **Capello** gagnrýndi **Zlatan** nokkuð eftir leikinn á móti Rapid Vín, þó hann hafi skorað eitt mark og lagt upp annað fyrir **David Trezeguet** þar að auki. „**Zlatan** er vissulega frábær knattspyrnumaður, en hugarfar hans verður að breytast. Hann hugsar ekki nógu mikið um liðsfélaga sína. Hann vill alltaf vera með boltann sjálfur og spilar ekki nægilega mikið. Þetta er nokkuð sem ég verð að vinna í með honum en forsendan fyrir því að ná árangri er að hann breyti um hugarfar.“



Óvissa með þátttöku Árna Gauts í leiknum gegn Svíum

Sölvi Geir Ottesen er eini nýliðinn í íslenska landsliðinu fyrir leikina gegn Pólverjum og Svíum. Sambýliskona Árna Gauts á von á barni daginn eftir Svíaleikinn og því óvissa um hvort hann leiki gegn Svíum.

FÓTBOLTI Óvíst er hvort Árni Gautur Arason landsliðsmarkvörður geti leikið gegn Pólverjum og/eða Svíum 7. og 12. október næstkomandi þar sem sambýliskona hans á von á barni og er skrifuð á fæðingardeildina daginn eftir Svíaleikinn. „Ég ræddi við Árna Gauti í dag [í gær] og við fórum yfir málin. Líklega verður hann með gegn Pólverjum en við verðum að sjá til með Svíaleikinn,“ sagði Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið eftir að hann og Logi Ólafsson völdu íslenska landsliðið fyrir vináttuleik gegn Pólverjum og leik gegn Svíum í undankeppni HM. Báðir leikirnir eru ytra.

Ásgeir sagði að tveir markmenn væru efstir á listanum til að kalla inn í landsliðshópinn ef Árni Gautur verður fjarri góðu gamni, þeir Daði Lárusson hjá FH og Fjalar Þorgeirsson hjá Þrótti.

Tveir af okkur bestu leikmönnum, Eiður Smári Guðjohnsen og

Hermann Hreiðarsson, eru í leikbanni gegn Svíum. Ásgeir segir að hvorugur þeirra hafi beðið um fri í Póllandsleikinn og hann og Logi líti á þann leik sem hreinan undirbúning gegn Svíaleiknum og því hafi verið ákveðið að gefa Eiði og Hermann alveg fri.


Einn nýliði er í íslenska landsliðinu, Sölvi Geir Ottesen, varnarmaður Djurgården í Svíþjóð. Sölvi Geir er fastamaður í U21 árs landsliðinu sem mætir Svíum daginn fyrir A-landsleik þjóðanna.

„Sölvi Geir nýtist okkur í leikinn gegn Pólverjum og svo er alltaf möguleiki að nýta hann á bekknum gegn Svíum þótt hann hafi spilað daginn áður með ungmennaliðinu. Við höfum fylgst með honum í síðustu leikjum hjá U21 árs liðinu og hann hefur staðið sig virkilega vel. Við vitum að hann hefur lítið fengið að spreyta sig hjá Djurgården en hann er leikmaður framtíðarinnar og við viljum prófa hann. Það eru stór skörð höggvín í vörminna. Auk Hermanns vantar þrjá tvo menn vegna meiðsla, þá Pétur Marteinsson og Ólaf Örn Bjarnason,“ segir Ásgeir.

Aðspurður um Harald Guðmundsson, leikmann Aalesund, sagði Ásgeir að hann hefði fengið sitt tækifæri en nú væri komið að Sölva Geir að spreyta sig.

Að sögn Ásgeirs hefur ekki verið tekin ákvörðun um hver verður fyrirliði í leikjunum í fjarveru Eids Smára og Hermanns. Ásgeir viðurkenni að Árni Gautur væri sterkur kandidat enda hefði hann áður gegnt þeirri stöðu.

En hafa Ásgeir og Logi gert það upp við sig hvort þeir gefa kost á sér áfram sem landsliðsþjálfarar



VERÐUR HANN MED? Árni Gautur Arason gæti misst af landsleikjunum gegn Póllandi og Svíþjóð.

GETTYIMAGES

þegar undankeppni HM lýkur eftir leikinn í Svíþjóð?

„Þetta hefur ekkert verið rætt og við höfum alltaf sagt að við klárum þessa tvo leiki og þá kemur í ljós hvað verður,“ sagði Ásgeir.

Leikurinn gegn Pólverjum fer fram á heimavelli Legia, Wojska Polskiego-leikvanginum í Varsjá, sem var upphaflega byggður árið

1916 og tekur rúmlega 15.000 manns í sæti.

Allt stefnir í að uppselt verði á leik Svíþjóðar og Íslands á Råsunda-leikvanginum í Stokkholmi. Þegar hafa selst 31.000 miðar en leikvangurinn tekur 37.000. Þetta gæti verið úrslitaleikur fyrir Svía að komast á HM í Þýskalandi næsta sumar.

thorsteinn@frettabladid.is

Logi Ólafsson landsliðsþjálfari þrisar sig sælan að fá bara tvö göt á hausinn:

Lenti í árekstri við 17 tonna truck

FÓTBOLTI Logi Ólafsson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, lenti í gær í alvarlegum árekstri við 17 tonna malarflutningabíl fyrir utan höfuðstöðvar KSÍ. Bill Loga er líklega ónýtur en betur fór en á horfðist því hann slapp með minniháttar meiðslum.

Logi sagði í samtali við íþróttadeildina að hann hefði verið að keyra frá Laugardalsvöllum þegar malarflutningabíllinn keyrði á vinstra fram-

brettið. Malarflutningabíllinn var að keyra efni vegna framkvæmda við stækkun stúkunnar í Laugardalnum. Logi var fluttur á slysaedeild þar sem gert var að sárum hans.

„Ég þrifa mig sælan að vera þó ekki með meira en tvö göt á hausnum og sokkið auga. Hefði malarflutningabíllinn lent hálfum metra innar og á bílstjórahurðina værum við ekki að ræða málin núna. Það má segja að þetta hafi

verið lán í óláni,“ sagði Logi, sem hafði nýlengi verið að velja íslenska landsliðið fyrir leikina gegn Pólverjum og Svíum þegar hann ók frá höfuðstöðvum KSÍ.

Logi átti að lýsa stórleik Liverpool og Chelsea í Meistaradeildinni í gær en var fjarri góðu gamni vegna árekstrarins. Hann verður hins vegar tilbúinn til starfa fyrir landsleikina 7. og 12. október næstkomandi.

- þg

Sigurður Valur Sveinsson, þjálfari Fylkis, eftir sigur á FH í Árbænum í gær:

Erum að sýna liðunum hvernig á að spila vörn

HANDBOLTI „Við erum að sýna liðunum hvernig á að spila vörn. Þetta hefur ekki sést í mörg ár,“ sagði Sigurður Sveinsson, þjálfari Fylkis, eftir að lærisveinar hans sigruðu FH-inga 27-22 í Árbænum í gær.

Gestirnir komust aldrei yfir í leiknum en voru skammt undan í fyrri hálfleik. Í þeim síðari hafði Fylkir síðan yfirhöndina algjörlega. Heimur Örn Arnason var markahæstur með átta mörk en öll nema eitt skoraði hann í fyrri hálfleiknum. „Við ætlum ekki að gefa neitt eftir á heimavelli. Við náðum góðri vörn og fækkuðum tæknivitleysunum og þar með fengum við fleiri hraðauppþráum en venjulega, það er stígandi í sókninni hjá okkur,“ sagði Sigurður en Fylkismenn hafa aðeins fengið á sig 62 mörk í fyrstu þremur leikjum sínum á mótinu, þrettán færri en næsta lið fyrir ofan og aðeins 20,7 í leik.

Atli Hilmarsson, þjálfari FH, var ekki jafn hress. „Við vorum að spila mjög illa og sóknarleikurinn heldur áfram að vera



SVONA Á AÐ SPILA VÖRNINA Sigurður Valur Sveinsson, þjálfari Fylkismanna sem hafa spilað bestu vörnina í DHL-deild karla til þessa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ATNON BRINK

vandamál hjá okkur, hann þurfvum við að skerpa. Þá var markvarslan óvenjuslök. Fylkir hefur skemmtilegt lið sem berst vel og átti skilið að sigra,“ sagði Atli Hilmarsson en FH-liðið hefur

tapað þremur fyrstu leikjunum undir hans stjórn. FH tapaði einnig leikjum sínum fyrir Aftureldingu (21-22) og Fram (21-26) en þeir voru báðir á heimavelli.

- egm

Landslið Svía valið:

Sterkur hópur

FÓTBOLTI Lars Lagerbäck, þjálfari sænska landsliðsins í knattspyrnu, hefur valið leikmannahóp Svía sem mætir Króatíu og Íslandi í undankeppni HM í næsta mánuði. Hópur sænska liðsins er mjög sterkur enda liðið í toppsæti riðilsins.

Markverðir: **Andreas Isaksson (Rennes)**, **Eddie Gustafsson (Ham-Kam)**.

Varnarmenn: **Christoffer Andersson (Lilleström)**, **Mikael Nilsson (Panathinaikos)**, **Erik Edman (Rennes)**, **Petter Hansson (Heerenveen)**, **Teddy Lucic (Häcken)**, **Olof Mellberg (Aston Villa)**, **Alexander Ostlund (Feyenoord)**.

Miðjumenn: **Niclas Alexandersson (IFK Gautaborg)**, **Daniel Andersson (Malmö)**, **Kim Källström (Rennes)**, **Tobias Linderoth (FC Kaupmannahöfn)**, **Fredrik Ljungberg (Arsenal)**, **Anders Svensson (Elfsborg)**, **Christian Wilhelmsson (Anderlecht)**.


Framherjar: **Marcus Allbäck (FC Kaupmannahöfn)**, **Johan Elmander (Brøndby)**, **Zlatan Ibrahimovic (Juventus)**, **Mattias Jönsson (Djurgården)**, **Henrik Larsson (Barcelona)**, **Markus Rosenberg (Ajax)**.

Tite Kalandadze:

Frá í 4-6 vikur?

HANDBOLTI Georgíumaðurinn Tite Kalandadze, stórskytta Stjórnunnar, er fingurbrotinn og gæti misst af næstu 4-6 vikum.

„Það sem hrjáir hann er brotið bein í handarbakinu, held að það sé kallað miðbein. Það gæti farið svo að hann verði ekki með okkur næstu fjórar til sex vikurnar en á mánudaginn er hann að fara í nýja röntgenmyndatöku og vonandi að þá komi þetta betur í ljós,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjórnunnar.



JCB 3cx Super
árg.1999 Vst.8.364



JCB 3cx
árg.2000 Vst.3.796



Fiat Hitachi Hjólavél
árg.1998 Vst.4.782



Komatsu PC340LC
árg.1996 Vst.8.900



Komatsu PC03
árg. 1998 Vst. 2.425



VÉLAVER HF
Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

Magnús verður líklega næsti þjálfari Víkings

Magnús Gylfason tekur væntanlega við Víkingi af Sigurði Jónssyni sem er með tilboð frá sænsku liði en segist spenntur fyrir því að taka við U21 árs landsliði Íslands.

FÓTBOLTI Magnús Gylfason verður að öllum líkindum næsti þjálfari Víkings, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins og leysir Sigurð Jónsson af hólmi. Magnús var sem kunnugt er leystur undan störfum hjá KR í sumar. Víkingar settu sig strax í samband við Magnús þegar samningar náðust ekki við Sigurð og er vilji beggja aðila að ganga til samninga.

„Magnús kemur alveg eins til greina og aðrir. Hann er í golfi á Spáni. Ég neita því ekki að við höfum rætt við Magnús og reyndar fleiri þjálfara. Það verður gengið frá þjálfaramálanum síðar í vikunni, hver sem það verður,“ sagði Ágúst Friðrik Hafberg, varaformaður knattspyrnu deildar Víkings, við Fréttablaðið. Ekki náðist í Magnús í gær.

Tvö tilboð

Sigurður, sem er í fríi í San Marínó, sagði við Fréttablaðið að því miður hefði ekki náðst samkomulag við Víking um áframhaldandi samstarf.

„Þetta er eins og hjónaband, stundum eru aðilar bara ekki sammála og þá gengur dæmið ekki upp. Annars er ég mjög sáttur við aðskilnað minn hjá Víkingi. Ég skilaði liðinu aftur upp í Landsbankadeildina.“

Sigurður sagðist vera með tvö tilboð í höndunum um þjálfun, annað þeirra er frá Svíþjóð sem aðstoðarþjálfari í góðu liði og hitt er hér heima. Sigurður vildi ekkert tjá sig frekar um það.



ÁFRAM MED YKKUR Magnús Gylfason mun væntanlega öskra á leikmenn Víkings í Landsbankadeild karla í knattspyrnu næsta sumar.

Sigurður hefur aðstoðað Eyjólf Sværissón hjá U-21 árs landsliði Íslands í sumar. Þrálátur orðrómur er á kreiki að Eyjólfur taki við íslenska A-landsliðinu í haust og Sigurður hefur verið orðaður sem næsti þjálfari U-21 árs landsliðsins.

„Ég neita því ekki að mér finnst það spennandi kostur. Það hentar mér vel að þjálfra efnilega knattspyrnumenn,“ sagði Sigurður sem ætlar að leggjast undir feld þegar hann kemur heim úr sumarfríi.

thorsteinngunn@frettabladid.is

Spænskur þjálfari ÍR í körfuboltanum reyndist algjörlega óhæfur í starfi:

Þjálfaraskiptin kosta okkur smáaura

KÖRFUBOLTI „Oscar var á reynslutíma og okkur fannst hann ekki vera að gera réttu hlutina. Það er stutt í mót og liðið ekki í formi, leikkerfin voru varla farin að mótast og við sáum einfaldlega í hvað stefndi.“

Þess vegna var hann látinn fara,“ sagði Þorgeir Einarsson, formaður körfuknattleiksdeildar ÍR við Fréttablaðið um ástæður þess að þjálfarinn Oscar Pedroche frá Spáni var rekinn

frá félaginu skömmu fyrir Íslandsmót. Halldór Kristmannsson og Jón Örn Guðmundsson voru ráðnir í hans stað en báðir hafa leikið með ÍR og þjálfað hjá félaginu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins reyndist Oscar Pedroche óhæfur þjálfari og var gríðarleg óánægja með hann hjá leikmönnum liðsins sem fannst ótrúlegt að hann hefði áður komið nálægt körfuboltaþróttinni.

ÍR-ingar réðu Oscar í sumar í gegnum íslenskan umboðsmann en þá voru þeir komnir í hálfgerð vandræði því þjálfaraleitin gekk vægast sagt illa.

„Við réðum hann eftir mikla leit en hann uppfyllti ekki okkar væntingar. Þjálfaraskiptin kosta okkur smáaura en í hans stað koma tveir frábærir ÍR-ingar sem vita út á hvað þetta gengur,“ sagði Þorgeir.

- þg

Körfuboltahreyfingin horfir fram á hvítleitt vandamál:

Dómaraskortur í körfuboltanum

KÖRFUBOLTI „Það hefur vantað körfuboltadómara undanfarin ár. Dómarar hafa verið yfirhlaðnir verkefnum og hver einasta helgi frá október og fram í apríl hefur verið undirlögð. Við þurfum að manna leiki í meistaraflokkum og yngri flokkum og alls eru þetta 1500 leikir,“ sagði Hannes Þ. Jónsson, formaður dómaranefndar

Körfuboltasambandsins við Fréttablaðið. Körfuboltaleiktíðin hefst eftir hálfan mánuð. Metmæting var á haustfund dómaranefndar KKÍ í vikunni en 36 dómarar mættu sem er samt engan veginn nóg fyrir verkefni vetrarins. Stærsta vandamálið í dómgæslunni er höfuðborgarsvæðið.

„Okkar sárvantar dómara á höfuðborgarsvæðinu og reyndar á Suðurnesjunum líka. KR á t.d. engan dómara, Valur á einn og Grindavík engan. Hins vegar er nóg af dómurum á Suðurlandi og Vesturlandi. Í Borgarnesi eru sex dómarar, hjá sameiginlegu liði Hamri/Selfoss eru fimm og Hrunamenn sem eru í 2. deild eiga 3 dómara,“ segir Hannes.

Dómurum er skipti í þrjá flokka og þeir sem dæma í Inter-sport-deild karla eru í A flokki. Þeir eru 18 en 15 þeirra verða virkir í vetur. „Það má ekkert út af bregða því það þarf tólf dómara í hverja umferð. Það er ljóst að þegar líða fer á veturinn að einhverjir B-dómarar fá tækifæri í efstu deild. Okkur vantar fleiri dómara. Undanfarin þrjú ár hafa 200 manns tekið dómaraþróf en örfáir hafa skilað sér. Sem dæmi



FIBA-DÓMARAR Sigmundur Már Herbertsson og Kristinn Óskarsson.


TEKIUR DÓMARA Í BOLTA-GRINUM FYRIR HVERN DÆMDAN LEIK:	
Körfubolti	
Úrvalsdeild	6.400
Úrslitakeppni úrvalsdeildar	10.100
1. deild kvenna	5.500
Handbolti	
Úrvalsdeild ka. og kv.	8.300
Úrslitakeppni	14.190
Fótbolti	
Úrvalsdeild karla	11.545
Aðstoðardómarar	9.035
Úrvalsdeild kvenna	6.035

Auk þessa fá allir dómarar bílastyrk og dagpeninga í lengri ferðir.

mættu tíu manns á dómaraám-skeiði í vor í Reykjavík en enginn af þeim skilaði sér í dómgæslu á vegum sambandsins,“ segir Hannes.

Um helgina verður dómaranefnd KKÍ með annan dómarafund og vonast Hannes til þess að þeir dómarar sem ekki komust í vikunni mæti og taki skriflegt og verklegt próf. Nóg er af verkefnum og ágætis aukapening að hafa upp úr dómgæslunni.

- þg



LOMANO LUA LUA Lua Lua hefur verið einn af bestu leikmönnum Portsmouth síðustu tvö tímabil.

Ílla veikir framherji:

Lua Lua með malaríu

FÓTBOLTI Lomano Lua Lua, framherji enska úrvalsdeildarfélagssins Portsmouth, veiktist illa á dögnum og hefur nú komið í ljós að hann er með malaríu. Lua Lua var á ferð um Afríkuríkið Kongó þegar hann veiktist en hafði þó ekki meiri áhyggjur af því. „Ég hélt að þetta væri ekkert alvarlegt,“ sagði Lua Lua.

Á æfingu á dögnum féll Lua Lua svo saman og var fluttur í skyndi á sjúkrahús þar sem kom í ljós að Lua Lua var mað malaríu. Talsmaður Portsmouth sagði liðan Lua Lua stöðuga. „Hann verður að hvíla sig næstu vikurnar og verður á sjúkrahúsi þangað til hann hefur jafnað sig af þessum alvarlegu veikindum.“

Lua Lua hefur verið einn af bestu leikmönnum Portsmouth síðan hann kom til félagsins frá Newcastle United og er því ljóst að hans verður sárt saknað í næstu leikjum. - mh

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

26 27 28 29 30 1 2

Fimmtudagur

LEIKIR

19.15 KR og ÍR mætast í DHL-höllinni í Reykjavíkurmótinu í körfubolta karla.



20.15 ÍS og Fjölnir eigast við í íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavíkurmótinu í körfubolta karla.

SJÓNVARP

17.35 Handboltakvöld á RÚV.

17.40 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Sýndur verður gamall leikur úr meistaradeildinni.

19.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn.

20.15 Bandaríska mótardöin í golfi á Sýn.

20.40 Bardaginn mikli. Frægur bardagi á milli Mohamed Ali og Joe Frazier.

22.00 Olíssport á Sýn.

22.30 Strandblak á Sýn.

23.25 Bandaríska mótardöin í golfi á Sýn.

Fjórir af fimm bestu leikmönnum Íslandsmótsins koma frá FH

Allan Borgvardt er besti leikmaður Landsbankadeildar karla árið 2005 að mati íþróttafréttamanna Fréttablaðsins. Íslandsmeistarar FH eiga fjóra af fimm bestu leikmönnum sumarsins.

FÓTBOLTI Daninn Allan Borgvardt fór hreinlega á kostum með FH í sumar. Skoraði 13 mörk í 15 leikjum og lagði upp 6 önnur. Hann fiskaði þar að auki víti sem skilaði marki. Frábært sumar og víðeigandi endir á glæstum ferli hans hjá FH. Rétt á eftir Allan í einkunnagjöf Fréttablaðsins komu félagar hans í FH, Auðun Helgason og Tryggvi Guðmundsson, og fjórði FH-ingurinn, Guðmundur Sævarsson, er svo í fimmta sæti. Fréttablaðið heyrði í þjálfara FH, Ólafi Jóhannessyni, og bað hann um gefa álit sitt á þessum lærisveinum sínum.

Besti framherji landsins
„Allir þessir strákar áttu frábært sumar með FH. Allan var besti framherji landsins í sumar og ég hef margoft sagt að hann sé frábær fótboltamaður. Hann er þar



ÍSLANDSMEISTARAR FH-ingar voru mjög áberandi meðal efstu manna í einkunnagjöf Fréttablaðsins enda unnu þeir yfirburðasigur í Landsbankadeild karla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

að auki einstaklega góður félagi og féll mjög vel inn í okkar hóp. Hann er kærulaus og þægileg týpa. Lífið er ekki flókið hjá honum og það er heldur enginn hroki í honum,“ sagði Ólafur, sem þarf að fylla skarð Allans í vetur enda er hann farinn til Noregs.

Komu ekki heim til að deyja
Þeir Auðun og Tryggvi komu báðir úr atvinnumennsku fyrir tíma-bilið og mörgum knattspyrnu-

manninum hefur reynt það þrautin þyngri að spila á ný hér á landi eftir að hafa verið í atvinnumennsku til margra ára. Það vandamál glímdu Auðun og Tryggvi ekki við enda með hausinn á réttum stað.

„Margir þessara atvinnumanna hafa komið heim til að deyja og fyrsta árið er oft erfitt. Þess vegna ræddi ég þetta við strákana fyrir mótið og gerði þeim grein fyrir þessu. Þeir fóru

báðir beint í vinnu og héldu sér á jörðinni. Voru með rétt hugarfarar og þess vegna tókst þeim svona vel upp í sumar. Auðun er mikill leiðtogi og Tryggvi er frábær knattspyrnumaður og stórskemmtilegur fyrir. Ég vil meina að þetta sé besta endurkoma atvinnumanna í íslenska boltann á ný. Báðir komust þeir líka í landsliðið, sem segir ýmislegt,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH.

henry@frettabladid.is

Meðaleinkunn liða í einkunnagjöf Fréttablaðsins: FH-ingar léku allra liða best

FÓTBOLTI Fréttablaðið var með einkunnagjöf í fyrsta sinn í sumar og var öllum leikmönnum leikjanna 90 gefin einkunn á bilinu 1 til 10. Yfirburðir FH-inga á Íslandsmótinu kristólluðust einnig í einkunnagjöf blaðsins en það voru hins vegar Fylkir og Þróttur sem léku betur en árangur liðanna gaf til um ef marka má frammistöðumat Fréttablaðsins.

FH-ingar léku liða best í júní (6,66) og ágúst (6,30) auk þess að vera í öðru sæti bæði í maí (6,19) og júlí (6,13). Þeir slókuðu á í lok mótsins og voru aðeins í 5. sæti yfir frammistöðuna í lokaumferðum mótsins. FH-liðið lék líka liða best bæði á heimavelli (6,20) sem og útivelli (6,41) og sömu sögu var að segja þegar skoðuð er spilamennska liðanna eftir fyrri (6,45) eða seinni umferð (6,16). Valsmenn voru í 2. sæti á bæði heima- og útivelli líkt og í

fyrri umferðinni en góð spilamennska Skagamanna seinni hluta sumarsins kom þeim í 2. sætið yfir bestu frammistöðu leikmanna liða í seinni umferð.

Góð byrjun Vals

Valsmenn byrjuðu mótið af feiknakrafti og léku best samkvæmt einkunnagjöfinni í bæði maí (6,56) og júlí (6,32) auk þess að vera í öðru sætinu á eftir FH-ingum í júnímánuði. Þeir gáfu hins vegar mikið eftir og fengu fæst stig allra liða í deildinni síðustu fimm vikur Íslandsmótsins.

Þróttarar áttu ekki að falla ef marka má frammistöðumat íþróttafréttamanna Fréttablaðsins en samkvæmt einkunnagjöf- unni voru Þróttarar í 7. sætinu en ekki því síðasta. Þar sitja hins vegar Eyjamenn sem björguðu sér frá falli á markatölu en stóðu sig verst allra liðanna tíu samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins.



ÞJÁLFRATAL Ólafur Jóhannesson og Leifur Garðarsson náðu frábærum árangri með FH-liðið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

blaðsins. Eyjamenn voru upp og niður í sumar. Þeir voru langlélegasta liðið í maí (4,70) samkvæmt einkunnagjöf unni en voru hins vegar komnir upp í 2. sætið í ágúst-

mánuði en stigin sjö sem Eyjamenn náðu sér í næstsíðasta mánuði tímabilsins áttu mestan þátt í því að liðið bjargaði sér frá falli.

ooj@frettabladid.is

Lið ársins í Landsbankadeild karla sumarið 2005: Fimm FH-ingar í liðinu

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH eiga fimm fulltrúa í liði ársins hjá íþróttafréttamönnum Fréttablaðsins. Spútniklið Vals kemur einnig sterkt inn með þrjá fulltrúa.

Liðinu er stillt upp í leikkerfinu 4-4-2 með svokallaðri demantaútfærslu þar sem hinn fjölhæfi Sinisa Valdimar Kekic leysir stöðu varnarsinnaðs miðjumanns á meðan Valsarinn Guðmundur Benediktsson er framliggjandi miðjumaður sem styður við framherjana úr FH, Tryggva Guðmundsson og Allan Borgvardt, sem áttu frábært tímabil með FH. Þeir röðuðu inn mörkum allt sumarið og Allan var valinn besti

leikmaður mótsins hjá Fréttablaðinu en Tryggvi fékk gullskóinn sem hann gulltryggði sér með frægri þrennu í 18. umferð Íslandsmótsins.

Botnlið Þróttar á einn fulltrúa sem er markvörðurinn Fjalar Þorgeirsson en hann átti frábært sumar og var fjórði besti leikmaður Íslandsmótsins samkvæmt einkunnagjöf íþróttafréttamanna blaðsins. Skagamenn eiga að lokum einn fulltrúa í fyrirlíða sínum, Gunnlaugi Jónssyni.

Grétar Sigfinnur Sigurðsson leysir stöðu bakvörðs í liðinu og Baldur og Ásgeir þetta síðan miðjuna.



MEÐALEINKUNN LEIKMÁNNA:

Allan Borgvardt	7,07 (15 leikir)
Auðun Helgason	6,89 (18)
Tryggvi Guðmundsson	6,88 (17)
Fjalar Þorgeirsson	6,83 (18)
Guðmundur Sævarsson	6,72 (18)

BESTA MEÐALEINKUNN LIÐA:

1. FH	6,35
2. Valur	6,10
3. Fylkir	5,84
4. ÍA	5,77
5. Keflavík	5,64
6. KR	5,54
7. Þróttur	5,46
8. Grindavík	5,43
9. Fram	5,42
10. ÍBV	5,35

BESTU LEIKMENN EINSTAKRA LIÐA:

FH

Allan Borgvardt	7,07
Auðun Helgason	6,89
Tryggvi Guðmundsson	6,88
Guðmundur Sævarsson	6,72
Freyr Bjarnason	6,39

Valur

Grétar Sigfinnur Sigurðsson	6,56
Guðmundur Benediktsson	6,39
Bjarni Ólafur Eiríksson	6,39
Atli Sveinn Þórarinnsson	6,35
Baldur Ingimar Aðalsteinsson	6,29

ÍA

Gunnlaugur Jónsson	6,59
Reynir Leósson	6,35
Igor Pesic	6,27
Pálmi Haraldsson	6,00
Bjarki Guðmundsson	6,00

Keflavík

Jónas Guðni Sævarsson	6,22
Hólmur Örn Rúnarsson	6,17
Baldur Sigurðsson	5,89
Guðmundur Steinarrson	5,78
Hörður Sveinsson	5,59

Fylkir

Valur Fannar Gíslason	6,38
Björgólfur Takefusa	6,33
Helgi Valur Daniélsson	6,28
Bjarni Þórður Halldórsson	6,28
Viktor Bjarki Arnarson	6,19

KR

Ágúst Þór Gylfason	6,17
Kristján Finnbogi Finnbogason	6,06
Grétar Ólafur Hjartarson	5,94
Sigurvin Ólafsson	5,92
Sigmundur Kristjánsson	5,64

Grindavík

Sinisa Valdimar Kekic	6,43
Óli Stefán Flóventsson	5,88
Boban Savic	5,83
Óskar Örn Hauksson	5,78
Robert Niestroj	5,56

ÍBV

Birkir Kristinsson	6,50
Ian Jeffs	6,00
Atli Jóhannsson	5,76
Páll Hjarðar	5,56
Bjarni Hólm Aðalsteinsson	5,36

Fram

Andri Fannar Ottósson	5,93
Gunnar Sigurðsson	5,78
Hans Mathiesen	5,76
Gunnar Þór Gunnarsson	5,72
Þórhallur Dan Jóhannsson	5,50

Þróttur

Fjalar Þorgeirsson	6,83
Páll Einarsson	6,00
Halldór Arnar Hilmisson	5,89
Jens Elvar Sævarsson	5,80
Ingvi Sveinsson	5,43

BESTU OG VERSTU LIÐIN Í MAÍ:

1. Valur	6,56
2. FH	6,19
9. Þróttur	5,17
10. ÍBV	4,70

BESTU OG VERSTU LIÐIN Í JÚNÍ:

1. FH	6,66
2. Valur	6,31
9. ÍBV	5,28
10. Fram	5,27

BESTU OG VERSTU LIÐIN Í JÚLÍ:

1. Valur	6,32
2. FH	6,13
9. KR	5,06
10. Grindavík	5,04

BESTU OG VERSTU LIÐIN Í AGÚST:

1. FH	6,30
2. ÍBV	5,96
9. Þróttur	5,24
10. Grindavík	4,97

BESTU OG VERSTU LIÐIN Í SEPTEMBER:

1. Fylkir	6,33
2. ÍA	5,96
9. Keflavík	4,96
10. Fram	4,50

DV

Landsbankadeildin

Bestu og verstu leikmenn sumarsins

Þeir þegar aðrir þegja!

VILTU EINTAK á 199 kr?

SMS LEIKUR
Sendi SMS slóttu
BTL BSE
á númerið
1900 og þú
getur unnið eintak!

Fullt af vinningum:
• Í takt við tímann á DVD
• Með allt á hreinu á DVD
• Tónlistin úr myndinni,
fullt af öðrum DVD myndum
og Coca Cola!

Lendir í BT
30. september!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.

STUÐ MILLI STRÍÐA :: Jákvæði sjúkdómurinn

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SEGIR NEI



Jákvæð. Sjúkdómurinn lýsir sér þannig að í hvert sinn sem ég er beðin um að gera eitthvað segi ég ósjálfrátt já. Ekki svo að skilja að ég sé svo lítil í mér að ég þori ekki að segja nei, heldur tengist þetta einhverjum rang-

hugmyndum sem ég hef um sjálfa mig. Ég held ég geti allt, og mig langar til þess að geta allt. Það er ekki við fólkið að sakast sem biður mig um að gera eitt og annað, heldur sjálfa mig. Svo jaðrar við að ég verði hálf fúl ef ég er ekki beðin. Frekar ruglað.

Ég hef rætt þennan sjúkdóm við fólk og kemur á daginn að hann er nokkuð algengur og því aldrei að vita nema að hann sé bráðsmitandi. Ástæðan fyrir því að ég kalla þetta sjúkdóm er sú að þessu getur fylgt svefnleysi, höfuðverkur og magapína eftir því sem jáin verða fleiri. Besta meðferðin við þessu er víst að læra að segja nei, án þess að

iðrast þess. Það getur ekki verið svo erfitt. Fólk úti um allt samfélagið segir nei, eins og ekkert sé, sérstaklega þeir sem hafa náð langt. Galdurinn að ná langt virðist vera sá að kunna að segja nei. „Nei, ekki ég.“ „nei, ég kannast nú ekki við það.“ „nei“. Svo er það hið almáttuga nei. Þögnin. Það er mesti missskilningur að þögn sé sama og samþykki, því ef maður þegir nógu vel og lengi þegar maður er spurður, og engum finnst það óeðlilegt, er maður víst að neita öllu. Og þegar maður getur þagað í stað þess að segja já, eða nei, þá hefur maður náð ótrúlega langt. Ég læt því vaða, og þegi svo. NEI!

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

Ég átti fimm kúlupenna og nú eru þeir ALLIR horfnir! Hvað verður eiginlega um þá?

Geimverur koma á nóttunni og taka þá. Þær fíla staka sokka og kúlupenna.

Ég VEIT að þeir eru einhvers staðar en HVAR??

Vissirðu að líkami mannsins inniheldur um 600 vöðva?

Beta! Þú ert mjög vanþakklát kona!

Ég byggði þennan líkama upp fyrir þig!

Ohh! Það var nú OF mikið!

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

NEI

PÚ OG PA

Eftir SÖB

Hér eru myndir af Jóhanneshaus sem þú getið sýnt fólki og þú segist vera hormónar að leita... hu... haus... sannleikans!

Hormónar? Haus sannleikans???

Einnmitt!

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

Ég var í snyrtingu.

Fyrir sirkusinn?

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Að sjálfsgöðu...

Það er kominn tími til að vaska upp, tími til að þvo þvott, tími til að baða börnin, tími til að kaupa í matinn, tími til að borga reikningana, tími til að þvo bílinn, tími til að ryksuga húsið...

Aldrei spyrja upp tekna móður hvað tímanum líði.

Tími fyrir allt nema MIG!

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	2	8	1	7	3	9	5	4
9	7	5	6	8	4	3	1	2
1	4	3	5	9	2	6	7	8
7	8	1	2	3	9	5	4	6
3	5	6	8	4	1	7	2	9
4	9	2	7	6	5	1	8	3
2	3	7	9	5	8	4	6	1
8	6	9	4	1	7	2	3	5
5	1	4	3	2	6	8	9	7

		6		4	9			5	8
9		8	1				3		
4			2				9		1
	5		9		7				
	1	7					2	3	
			6		3			1	
7		9			2				5
		3			1	6			2
2	4		7	6			8		

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Sportvörur

á ótrúlegu verði



Sportbuxur
svartar, gráar
st. S-XL
2.999kr

Sporttoppur
svartur, grár, hvítur
st. S-XL
1.499kr

aze
Toppur
svartur, rauður, blár
st. S-XL
2.499kr



aze
Rennd peysa
hvít, rauð, blá
st. S-XL
3.999kr

aze
Stuttermabolur
hvítur, rauður, blár
st. S-XL
1.999kr

aze
Sportbuxur
svartar
st. S-XL
2.999kr



Er vandaður sportfatnaður úr Meryl® microfibre. Þægilegt og teygjanlegt efni sem andar vel og veitir stuðning.



Orbitrek
Platinum fjölþjálf
Fyrirferðalítið þoltæki heim í stofuna. Þægilegt að færa til. Púlsmælir og stillanleg handföng.

TILBOÐ
19.999kr
Verð áður 29.999,-

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Kl. 12.15

Sigríður Dína Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við HÍ, fjallar um Ólafu Jóhannsdóttur í hádegisfyrirlestri sínum, sem haldinn er á vegum RIKK í Óskju, stofu N132.

menning

menning@frettabladid.is

Til heiðurs Guðrúnu Helgadóttur

Bækur Guðrúnar Helgadóttur hafa heillað unga sem aldna síðustu áratugin. Hún varð sjötug nýverið og í dag kemur út bókin í Guðrúnarhúsi, sem er greinasafn um bækur Guðrúnar. Í bókina skrifa níu fræðimenn, en ritstjórar eru þær Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir.

Í tilefni af útkomu bókarinnar bjóða Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell til útgáfuhátíðar í Hátíðasal Háskóla Íslands í dag klukkan 17. Dagskráin stendur í tvo tíma og fyrst tekur Silja Aðalsteinsdóttir til máls. Erindi hennar nefnist „Í upphafi var afmæli“.

Dagný Kristjánsdóttir flytur síðan erindi sem hún nefnir „Að standa með barninu. Guðrún Helgadóttir – stjórnmalamaður barnanna.“ Þær Brynhildur Þórarinsdóttir og Sigprúður Gunnarsdóttir flytja einnig erindi, Brynhildur um kímni í verkum Guðrúnar og Sigprúður um þýðingar á verkum hennar.



Leikarar úr Þjóðleikhúsinu lesa einnig upp úr verkum hennar og loks verður Guðrúnu afhent bókin í Guðrúnarhúsi.

> Ekki missa af ...

... djasshátíð Reykjavíkur, sem stendur yfir þessa dagana með fjölmörgum sjóðheitum tónleikum fram á sunnudag.

... hádegismelli Stígámóta, þar sem **Þorbjörg Gunnlaugsdóttir** lögfræðingur fjallar um nauðgun frá sjónarhóli kvennaréttar í húsi Stígámóta við Hlemm.

... sýningunni **Hvernig borg má bjóða þér?**, sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu.

Örlögin drepa á dyr

„Þannig banka örlögin á dyrnar,“ sagði Ludwig van Beethoven um upphafið að fimmtu sinfóníu sinni, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur á tónleikum sínum í Háskólabíói í kvöld. Engir upphafstaktar hafa náð þvílíkri frægð og ekkert verk Beethovens hefur haft jafn mikil áhrif á síðari kynslóðir. Hinn mikli dramatíski kraftur sem í verkinu býr hefur ekkert dvínað á tvö hundruð árum. Barátta tónskáldsins við eigin örlög, heyrnarleysi og einmanaleika verður næstum ápreifanleg fyrir eyrum manns.

Stjórnandi hljómsveitarinnar í kvöld verður Anne Manson, sem er ein af þeim fjölmörgu konum sem undanfarið hafa látið að sér kveða sem hljómsveitarstjórar.

Hún komst í sögubækurnar fyrir að hafa fyrst kvenna stjórnad öp-eruflutningi á Salzburg-hátíðinni.

Auk fimmtu sinfóníu Beethovens verður í kvöld fluttur flautukonsert eftir Kalevi Aho. Á flautuna leikur engin önnur en Sharon Bezaly, sem tónskáldið segir vera stórfenglegasta flautuleikara sem hann hafi nokkru sinni heyrt í.

Síðast en ekki síst verður verk Þorsteins Haukssonar, Bells of Earth, á dagskránni. Gagnrýnendur hafa keppt við að lofa verkið og sumir vilja meina að það sé „hápunkturinn á glæsilegum tónsmíðuferli Þorsteins Haukssonar.“ Þorsteinn er kominn til landsins til þess að vera viðstaddur flutninginn.



SHARON BEZALY Hún þykir einn stórkostlegasti flautuleikari heims um þessar mundir.



ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR Sýningu hennar í Nýlistasafninu við Laugaveg lýkur um helgina.

Margbreytileiki daganna

„Hugmyndin með þessari sýningu var að fjalla um það hvað hver dagur er margvíslegur og hvað það er margt sem við erum að fást við,“ segir Ásta Ólafsdóttir myndlistarkona um sýningu sína í Nýlistasafninu. Sýninguna nefnir Ásta Áttarhorn eða Azimuth sem er tilvísun á stjarnfræðilega vídd. Áttarhornið er hornið sem er á milli þeirrar áttar sem þú vísar til og höfuðáttar.

„Að vísu er minn dagur og okkar sem erum í myndlist í sjálfu sér kannski dálítið myndrænn, þannig að ég tek myndrænu hliðina á þessu og vinn með hana.“

Í sýningunni eru margvísleg áhugamál Ástu komin saman og úr þeim býr hún til eina heild þar

sem hún stefnir saman ýmsu úr náttúrunni og öðrum menningarheimum.

„Ég stilli þessu upp pínulítið eins og augað alsjáandi og bý til ákveðna stemningu, meðal annars út frá áhuga mínum á fornleifum.“

Ásta segir tímann leika stórt hlutverk í sýningunni og þá horfir hún frekar á jarðsögulegan tíma en tíma hversdagsveruleikans.

„Jarðfræðilega er tíminn allt annar en þegar við erum að vakna á morgnana og hverjar fimm mínútur eru málið. Sama gildir um menningarheimana. Þótt ég sjálf sé innan vestrænnar menningar hef ég gaman af að fást við heiminn allan og skoða hann sem heild. Ég er svona að

leggja minn skerf til þess.“

Ásta segist samt ekki gera neinar sérstakar kröfur til sýningargesta.

„Ég ætlast bara til þess að fólk upplifi sýninguna eins og þegar það fer á Þingvöll að skoða haustlitina. Það þarf engar skýringar af minni hálfu. Hver og einn getur bara fundið sína nálgun.“

Tvær aðrar sýningar eru einnig í Nýlistasafninu og lýkur þeim báðum um helgina, eins og sýningu Ástu. Annars vegar er það sýning Daða Guðbjörnssonar sem sýnir þar Málverk og er að hans sögn eins konar uppgjör við hugmyndalist. Hins vegar er sýning Unnars Jónssonar Auðarsonar sem kallar sýningu sína „Samansafn, Rjóður Ákvarðanir“.

Djasshátíð heldur áfram

Djasshátíð Reykjavíkur hófst í gær og heldur áfram af fullum krafti í dag. Tónleikar verða í kvöld bæði á Kaffi Reykjavík og í Þjóðleikhúskjallaranum. Einnig verður klúbbur djasshátíðar opin á Pósthúsum.

Á Kaffi Reykjavík leikur Septett Óskars Guðjónssonar, sem er skipaður þeim Óskari Guðjónssyni og Ólafi Jónssyni á tenórsaxófóna, Jóni Páli Bjarnasyni og Ómari Guðjónssyni á gítara, Jóhanni Ásmundssyni á bassa, Péttri Grétarssyni á slagverk og Matthíasi Hemstock á trommur.

Í Þjóðleikhúskjallaranum leikur Karmelgebach, hljómsveit þeirra Róberts Reynissonar gítarleikara, Tobiasar Schirrer á saxofón, Niko Meinhold á píanó, Eiríks Orra Ólafssonar á trompet og Helga Svavars Helgasonar á trommur.

Í djassklúbbnum á Pósthúsum leikur síðan kvartettinn Landrover frá klukkan 23.

ÓSKAR GUÐJÓNSSON Septett Óskars leikur á djasshátíð á Kaffi Reykjavík.



Hér & nú
395 kr.
Kona Eids Smára
Ófrísk
Synir Eids í skyjunum
DAGUR B. EIGNADIST SON
Chloe og hæfasinn
Gata ekki án hvors annars verð

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Svolítið á grensunni

Tíu ungir leiklistarnemar stíga á svið í Borgarleikhúsinu í kvöld og frumsýna leikritið Forðist okkur, sem unnið er upp úr myndasögubókum Hugleiks Dagssonar.

„Þessi húmor er orðinn hluti af lífi manns í dag,“ segir Stefán Hallur Stefánsson, einn leikaranna. „Við erum búin að vera svo lengi í þessu að við erum orðin dofín fyrir því að þetta geti verið svolítið á grensunni, en svo fattaði ég það allt í einu núna fyrir skömmu hvað við erum að fjalla um.“

Sögur Hugleiks þykja skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar, allt þetta í senn og eflaust gæti vafist fyrir einhverjum að setja þær á svið í leikhúsi svo vel fari.

„Hann Hugleikur skrifaði sjálfur verk upp úr sögunum sínum og við höfum verið að prófa ýmsar ólíkar aðferðir til að nálgast þetta verk hans. Þetta eru í rauninni bara brandararnir hans í leikrænu formi, ákveðnar kringumstæður sem við komum inn í annað hvort rétt á undan eða rétt á eftir. Samt er rauður þráður í gegnum verkið, það er sögð þarna saga. Brandararnir tengja þá sögu saman, en svo er það spurning hvort kemur á undan, hænna eða eggjó, sagan eða brandararnir.“

Auk Stefáns Halls er leikhópurinn skipaður þeim Aðalheiði Halldórsdóttur, Birgittu Birgisdóttur, Dóru Jóhannsdóttur, Halldóru Malín Pétursdóttur, Jörundi Ragnarsyni, Magneu Björk Valdimarsdóttur, Sveini Ólafi Gunnarssyni, Vali Frey Gunnarssyni og Víði Guðmundssyni.

Hver leikari fer með mörg lítil



STÖKKTU BARA Sveinn Ólafur Gunnarsson fer með hlutverk Viðars sem lendir á eintali við Guð í Forðist okkur.

hlutverk, en auk þess fara þeir flestir með stærri hlutverk sem áberandi eru í verkinu.

„Minn aðalgæi heitir Orri og hann er metrómaðurinn frá helvíti,“ segir Stefán Hallur. „Hann er bara síðferðisglæpamaður, hefur enga síðferðiskennd í rauninni og lifir eingöngu fyrir útlitið. Hann lifir og hrærist í yfirborðsmennskunni, er

alltaf tipp topp en á sér mjög innihaldslaust líf.“

Sýningin er samvinnuverkefni CommonNonsense og Nemendaleikhúss LHÍ. Leikstjórar eru Stefán Jónsson og Ólöf Ingólfsdóttir, leikmynd og búningar eru í höndum Ilmar Stefánsdóttur, lýsingu annast Egill Ingibergsson og hljóðmynd skapar Davíð Þór Jónsson.

jazz

HÁTIÐ

Reykjavík Jazz Festival

28. sept – 2. okt. 2005

Í kvöld

kl. 20:30 - „Be bop septett Óskars Guðjónssonar“ - Óskar Guðjónsson og Ólafur Jónsson tenór saxófóna, Jón Páll Bjarnason og Ómar Guðjónsson gítara, Jóhann Ásmundsson bassa, Pétur Grétarsson slagverk og Matthías Hemstock trommur. **Kaffi Reykjavík 1.800**

kl. 22:30 - „Karmelgebach“ Róbert Reynisson gítar, Tobias Schirrer sax, Niko Meinhold, Eiríkur Orri Ólafsson trompet og Helgi Svavar Helgason trommur. **Þjóðleikhúskjallari 1.500**

kl. 00-01 - „Koko“ Japanski vibrófónleikarinn Taiko Saito og þýski pianólaikarinn Niko Meinhold. **Þjóðleikhúskjallari 1.000**

kl. 23-01 - Jazzklúbbar 1.000
Póstbarinn - Landrover kvartettinn - Matthías Baldursson sax, Rafn Emilsson gítar, Ingólfur Magnússon bassi og Þorvaldur Kári Ingveldarson trommur
klúbbamiði gildir á tónleika Koko á miðnætti

Námismenn, eilíferyisþegar og öryrkjar 20% afsláttur Forsala í verslunum Skifunnar og á midl.is.

www.ReykjavikJazz.com

SKAPANDI ATVINNUGREINAR



Þýðing þeirra fyrir hagvöxt og velmegun á Íslandi

Ráðstefna um skapandi atvinnugreinar verður haldin í Háskóla Íslands, Odda stofu 101, laugardaginn 1. október nk. frá kl. 10 til 16. Erindi ráðstefnunar eru flutt á ensku. Allir velkomnir.

Ráðstefnan er haldin af Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School), Listaháskóla Íslands og Iðntæknistofnun.

DAGSKRÁ

10.00-10.10 Ávarp ráðherra



Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

10.10-11.30 Skapandi atvinnugreinar - yfirlit

Mark Lorenzen, prófessor í Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Umgjörð skapandi atvinnugreina.

Smári S. Sigurðsson, fjármála- og gæðastjóri Iðntæknistofnunar. Norræna nýsköpunarmiðstöðin.

Ása Richardsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins. There is no business like show business...

Stjórnandi: Ágúst Einarsson, prófessor í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

11.30-12.30 Þættir innan skapandi atvinnugreina

Andy Pratt, prófessor í London School of Economics. Auglýsingar, sköpun og stefna stjórnvalda.

Ágúst Einarsson, prófessor í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Skapandi atvinnugreinar og hagræn áhrif menningar á Íslandi.

Kjartan Ólafsson, prófessor í Listaháskóla Íslands. Atvinnusköpun í tónlistargeiranum.

Stjórnandi: Gylfi Magnússon, forseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

12.30-13.30 Hlé

13:30-15.00 Hönnun

Nicholas O'Keefe, MS, Háskóli Íslands. Íslenski hönnunarmarkaðurinn.

Tina Brandt Husman, prófessor í Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Danski hönnunarmarkaðurinn.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, MS, Háskóli Íslands og CBS. Tískuhönnun á Íslandi.

Guðbjörg Gissurardóttir, grafískur hönnuður. Hönnunarvettvangur.

Stjórnandi: Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands.

15.15-16.00 Pallborð

Skipta skapandi atvinnugreinar máli fyrir Ísland?

Skilgreiningar, listsköpun, opinber stuðningur og stefna, vaxtarmöguleikar, samstarf milli landa.

Þátttakendur:

Andy Pratt, prófessor

Ágúst Einarsson, prófessor

Hallgrímur Jónasson,

forstjóri Iðntæknistofnunar

Hjálmar H. Ragnarsson,

rektor LHÍ

Mark Lorenzen, prófessor

Stjórnandi: Margrét Sigrún Sigurðardóttir, doktorsnemi

Tökinn hert THE TURN OF THE SCREW
EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökinn hert, 2.- 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska Óperan | v/Ingólfsstræti | Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400

Annie
í Austurbæ

16. sýn. sun. 02/10 kl. 14 Annie; Solveig
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig

551 4700 & 551 0200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Lau 1/10 kl. 14, Sun 2/10 kl. 14,
Sun 9/10 kl. 14, Sun 16/10 kl. 14

WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR
Frumstýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Miðaverð á forsýningar aðeins kr. 2.000,-
í kvöld kl. 20 UPPSELT, Fö 30/9 kl 20
UPPSELT, Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku),
Fí 27/10 kl. 20.

HÍBÝLI VINDANNA
Örfáar aukasýningar í haust
Su 2/10 kl. 20, fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20

SALKA VALKA
fim 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20
miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
FORÐIST OKKUR
- NEMENDALEIKHÚSIÐ/COMMON NONSENSE
Höf. Hugleikur Dagsson
í kvöld Frumsýning UPPSELT
Lau 1/10 kl. 20
Su 2/10 kl. 20

MANNTAFL
Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 1/10 kl. 16 aukasýn, Lau 1/10 kl. 20 UPPSELT,
Fí 6/10 kl. 20 UPPSELT, Lau 8/10 kl. 16 UPPSELT,
Lau 8/10 kl. 20 UPPSELT, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT,
Sun 16/10 kl. 20 AUKASÝNING

BELGÍSKA KONGÓ
Sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar
Fö 31/9 kl. 20, Lau 1/10 kl. 20

LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 22/10 kl. 20, Fí 27/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á
Híbýli vindanna og Lífsins tré
fæst sérstakur afsláttur

Avxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Jónsi
Immi Árnason
....Ég er voldugur og líka holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn jafnast á við mig...

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 17
pantánir í síma 551 4700
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avxtakarfan.is

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt! ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
EDITH PIAF
Í kvöld fim. 29/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 örfá sæti laus, lau. 1/10 örfá sæti laus, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10 örfá sæti laus. Sýningum lýkur í október.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 2/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00, sun. 23/10 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Fös. 30/9 örfá sæti laus, sun.. 2/10 nokkur sæti laus, fim. 6/10, fös. 7/10 nokkur sæti laus, lau. 8/10. Sýningum lýkur í október.

KORTASALAN STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER!
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00
MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Snilldin og vitfirringin

LEIKLIST


VALGEIR SKAGFJÖRD

Leiklist

Eftir: Stefan Zweig
Borgarleikhúsið
Samvinnuverkefni Þíbilju og L.R.

Þýðing: Þórarinn Guðnason. **Leikgerð:** Þór Tulinius. **Leikmynd:** Rebekka Rán Samper. **Tónlist:** Davíð Þór Jónsson. **Lýsing:** Kári Gíslason. **Leikstjóri:** Hilmir Snær Guðnason. **Leikari:** Þór Tulinius

Niðurstaða: Listamennirnir sem standa að þessari sýningu nálgast viðfangsefni sitt af virðingu og auðmýkt og gera sér ljóst hve dásamlega sigra mannsandinn og getur unnið.



Smáskáldsagan Manntafl eftir austurríska rithöfundinn Stefan Zweig hefur heillað unnendur bókmennta frá því hún kom út um miðbik síðustu aldar. Ég var mjög ungur að árum þegar ég hlustaði hugfanginn á útvarpsleikgerð sögunnar sem flutt var einhvern tíma snemma á sjöunda áratugnum. Þá þótti spennandi fjölskylduskemmtun að setjast fyrir framan útvarpið og hlusta á góð leikrit.

Þessi magnaða saga tók sér ból-festu í huga mér og þegar kom fram á unglingsár greip ég á bókafinu lítið brúnt kver sem hafði að gefna þessa sögu ásamt annarri eftir sama höfund, flýtti mér með hana heim og las hana með áfergu. Þá rifjuðust strax upp fyrstu kynni mín af þessari sögu og þá orðinn nokkuð eldri með örlítið meiri skilningi naut ég sögunnar til hins ytrasta. Það var einum þess vegna að ég var fullur tilhlökkunar að sjá Manntafl lifna á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Þór Tulinius hefur gert einfalda og aðgengilega leikgerð upp úr þýðingu Þórarins Guðnasonar og þótti mér einkar ánægjulegt og mikil tilbreyting frá hversdagslegum og raunsæislegum leiktexta sem alla jafna ber fyrir hlustir manns í samtíma leikritum að heyrja fallegar myndlíkingar og skáldskap í leikhúsinu. Þrátt fyrir að maður hafi ekki nema mjög takmarkaða og yfirborðslega innsýn í heim skálistarinnar þá er svo sannarlega hægt að njóta verksins og sú spenna sem getur falist í því að tefla eina skák kristallast einkar vel í þessari litlu sögu.

En hún fjallar ekki bara um manntafl lífsins heldur færir manni heim sanninn um það hve skammt er á milli þess að rækta með sér hæfileika sem geta orðið að snilligáfu og þess að hverfa inn í heim vitfirringarinnar þaðan sem maður á aldrei afturkæmt. Margir eru þeir listamennirnir sem feta hið vandtaða einstigi þarna á milli og margir eru þeir sem hafa tortímt sjálfum sér þrátt fyrir snilligáfuna en sem betur fer eru alltaf til þeir sem skilja eftir sig eitthvað handa okkur hinum meðaljönum til að læra af og gefa okkur möguleika á að komast þó ekki væri nema upp að hliðinni á þeim.

Einleikur Þórs Tuliniusar er fallegur, smekklegur og einlægur. Hér er það handverk leikarans sem mestu ræður um hvort sýningin heppnast eður ei. Vissulega er einföld og smekkvís leikmynd Rebekku Ránar þétt og til þess fallin að styðja við leikarann og sömuleiðis beiting ljósanna í hárfinu samspili við látlausa hljóðmynd Davíðs Þórs. En að öllum sem að sýningunni standa ólöstuðum er það túlkun leikarans á sviðinu sem skiptir höfuðmáli.

Þór Tulinius er bæði fær og reyndur leikari og það kann kollegi hans Hilmir Snær að færa sér í nyt. Hér eru tveir leikarar að vinna saman þar sem annar er í hlutverki leikstjórans.

Þessi samvinna skilar sér afskaplega fallega inn í þessa sýningu og það sem rís hæst er lýtlaus einlægni Þórs í túlkun sinni á Dr. B. Þór spinnur hárfinan þráð í gegnum þau þrjú lög að vera sögumaður, persónan að segja sögu sína og lifir svo þá atburðarás sem gerir Dr. B að þeirri brothættu persónu sem við sjáum í byrjun og lok verksins. Inn á milli dregur hann upp úr skúffu sinni aðrar persónur á borð við nýrka Amerikanann Connor og hinn einþykka sveitadurg sem á að heita margfaldur heimsmestari í skák.

Þær persónur vekja kátinu áhorfandans og er það auðvitað alltaf þakklátt, en hin erfða reynsla Dr. B af einangrunarvist þar sem skynfærir eru vísitandi svelst þar til hann drekkur í sig skákbókina góðu segja okkur annars konar sögu af þeim sem ekki nutu þeirrar náðar að geta ræktað mannsandann í friðsamlegu og kærleiksríku umhverfi. Þeirra sem verða undir í valdabrólti og styrjaldarátökum óvandaðra manna sem svífast einskis til að ná markmiðum sínum hversu afkáraleg sem þau kunna að vera. Listamennirnir sem standa að þessari sýningu nálgast viðfangsefni sitt af virðingu og auðmýkt og gera sér ljóst hve dásamlega sigra mannsandinn og getur unnið.

Nemendaleikhúsið og Common Nonsense
Forðist okkur eftir Hugleik Dagsson frumsýnt í dag! í Borgarleikhúsinu

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
SEPTEMBER
27 28 29 30 31
Fimmtudagur
TÓNLEIKAR
12.00 Gunnar Guðbjörnsson tenór og Antonía Hevesi píanóleikari flytja ariur og ítölsk ljóð eftir Verdi, Donaudy, Buratti og Cilèa á hádegis-tónleikum í Hafnarborg.
20.30 Be bop septett Óskars Guðjónssonar leikur á Djasshátíðar-tónleikum á Kaffi Reykjavík. Septettinn skipa þeir Óskar Guðjónsson og Ólafur Jónsson á tenórsaxófóna,

Jón Páll Bjarnason og Ómar Guðjónsson á gítara, Jóhann Ásmundsson á bassa, Pétur Grétarsson á slagverk og Matthías Hemstock á trommur.
22.30 Karmelgebach á Djasshátíð í Þjóðleikhúskjallaranum. Róbert Reynisson leikur á gítar, Tobias Schirrer á saxófón, Noko Meinhold á píanó, Eiríkur Orri Ólafsson á trompet og Helgi Svavar Helgason á trommur.
23.00 Kvartettinn Landrover leikur á Klúbbi Djasshátíðar á Pósthólfnum.
Japanski vibrófónleikarinn Taiko Saito og þýski píanóleikarinn Niko Meinhold leika á miðnæturtónleikum Djasshátíðar í Þjóðleikhúskjallaranum.

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
Fös. 30. september
Lau. 1. október
Lau. 8. október
Sími 511 100 og www.kabarett.is

ELVIS
TRIBUTE TÓNLEIKAR Á BROADWAY 30. SEPTEMBER NK. KL. 22:00
Hér er á ferðinni tónlistarveisla sem enginn má missa af.
Aðeins í þetta eina skipti!
Forsala aðgöngumíða í síma 633-1100 á Broadway og í Pennarum Eymundsson, Akureyri - Miðaverð 2.500,-

LEIKLIST
20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands frumsýnir í samvinnu við Common Nonsense leikritið **Forðist okkur** eftir Hugleik Dagsson á litla sviði Borgarleikhússins. Leikstjórar eru Stefán Jónsson og Ólöf Ingólfsdóttir.

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Jónsson
5. sýn fös. 31 kl. 20 Örfá sæti
6. sýn lau 1. okt kl. 20 Örfá sæti
7. sýn fös 7 okt Nokkur sæti
8. sýn lau 8 okt UPPSELT
9. sýn fös 14 okt
10. sýn lau 15 okt
11. sýn fös 21 okt
12. sýn lau 22 okt
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantánir í síma 555 2222 og á miði.is

Gunnar syngur með Antoníu

Gunnar Guðbjörnsson tenór-söngvari er gestur Antoníu Hevesi píanóleikara á hádegistónleikum í Hafnarborg. Hádegistónleikarnir eru að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, en af óviðráðanlegum ástæðum þurfti að færa hádegistónleika októbermánaðar til síðasta fimmtudags septembermánaðar.

Gunnar er einn helsti óperu-söngvari þjóðarinnar og fer á næstunni með hlutverk Peters Quint í óperunni Tökin hert eftir Benjamin Britten, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni í næsta mánuði.

Þau Gunnar og Antonía ætla að flytja aríur og ljód frá Ítalíu og Frakklandi.



GUNNAR GUÐBJÖRNSSON Syngur á hádegistónleikum í Hafnarfirði.

SKEMMTANIR

22.00 Hljómveitin **Benzín** spilar á Gauknum. Hljómveitin leikur blúsað rokk frá árunum í kringum 1970.

FYRIRLESTRAR

12.00 **Þorbjörg Gunnlaugsdóttir** lögfræðingur fjallar um „Nauðgun frá sjónarhorni kvenréttar“ í **Hádegissmelli Stígamóta**, nýrri fundaröð sem haldin verður annan hvern fimmtudag í húsi Stígamóta að Hverfisgötu 115.

12.15 **Sigríður Dúna Kristmundsdóttir**, prófessor í mannfæði við HÍ, flytur hádegisfyrirlestur á vegum RÍKK í Óskju, stofu N132. Erindið ber yfirskriftina „Um móðurina í lífi og störfum Ólafíu Jóhannsdóttur“.

FUNDIR

20.30 Umræðufundur Náttúruvaktarinnar verður haldinn á Grand Rokk. Flutt verða stutt erindi og síðan verða almennar umræður um áherslur í starfinu. Að því búnu spila **Megas** og **Súkkat**.

SAMKOMUR

17.00 **Silja Aðalsteinsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir og Sigprúður Gunnarsdóttir** taka til máls á útgáfuhátíð, sem efnt verður til í Hátíðarsal Háskóla Íslands í tilefni af útkomu bókariðinnar í **Guðrúnarhúsi**, sem er greinasafn um bækur **Guðrúnar Helgadóttur**. Einnig verður lesið úr Óvitum, og Guðrúnu verður afhent bókin, sem kemur út í tilefni af sjö-tugsafmæli hennar.

SÝNINGAR

15.00 Opinn skipulagsdagur verður í Hafnarhúsinu til klukkan 22. Ráðgjafafyrirtækið **Alta** býður öllum landsmönnum að taka þátt í fjölbreyttri hugmyndavinnu um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar í tengslum við sýninguna Hvernig borg má bjóða þér?

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síð en sólarhring fyrir birtingu.

Jóhannes Ásbjörnsson Sigurjón Brink Pálmi Sigurhjártarson
Leikstjóri / Hilmir Snær Guðnason

BÍTL

Tónleikurinn

Föstudagur 30. Sept
Föstudagur 07. Okt
Föstudagur 14. Okt
Laugardagur 15. Okt

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

loft **KASTALINN** ☎ 552 3000 loftkastalinn.is

Hljóðkerfa- og ljósaleiga Akureyrar kynnis:
Mestu poppstjörnu allra tíma!



TRIBUTE TÓNLEIKAR Á BROADWAY Á MORGUN 30. SEPTEMBER KL. 22:00

Hér er á ferðinni tónlistarveisla sem enginn má missa af.

Friðrik Ómar - Regína Ósk – Heiða Idol

Jón Ólafsson píanó - Guðmundur Pétursson gítar - Jóhann Ásmundsson bassi -
Birgir Baldursson trommur – Halli Gulli slagverk - Pétur Örn raddir og hljómborð -
Kenya Emil raddir – Kjartan Hákonarson trompet – Snorri Sigurðsson trompet -
Steinar Sigurðsson saxofónn - Samúel J Samúelsson básúna.

Kynnir: Dalvíkingurinn Júlíus Júlíusson - Danshöfundar: Guðfinna Björnsdóttir & Birna Björnsdóttir

Aðeins í þetta eina skipti!



Forsala aðgöngumiða
í síma 533-1100 á Broadway og í
Pennanum Eymundsson, Akureyri - Miðaverð 2.500.-



You can't do
this to me,
I'm an
AMERICAN.



Marion er með það á hreinu hver réttindi hennar eru þegar henni er rænt í Indiana Jones-myndinni Raiders of the Lost Ark.

Óvænta hetjan

John Cusack er af mikilli skemmti-
iðnaðarætt. Öll fjölskylda hans lifir
og hrærist í þessum heimi. Það eru
þó einungis hann og systir hans,
Joan Cusack, sem hafa náð að
skapa sér eitthvað nafn.
Hann kom fyrst fram í kvikmynd-
inni **Class**, þá aðeins sautján ára
gamall. Meðleikarar hans í henni
voru **Rob Lowe** og **Andrew
McCarthy** sem báðir voru taldar
miklar vonarstjörnur fyrir
Hollywood. Það mó þó segja að
aðeins Cusack hafi haldið sér í ná-
lægð við toppinn.
Cusack er þessi ólíklega hetja. Per-
sónur hans eru yfirleitt frekar örur
en ákaflega klárar, með munninn
fyrir neðan nefið og sjá lausnir í
hverju horni. Í **Grosse Pointe Blank**
lék hann leigumórðingjann **Martin**

Q. Blank sem sækir endurfundi
skólafélaga sinna til að drepa einn
þeirra. Hann breytti þó algjörlega
um stíl þegar hann gekk til liðs við
Jerry Bruckheimer og lék í hasar-
myndinni **Con Air**. Sjálfur útskýrði
Cusack val sitt með því að stund-
um yrðu menn að taka fjárhagslega
skynsamur ákvarðanir. Stærsti leik-
sigur Cusacks var þó í kvikmynd-
inni **Being John Malkovich** en þar
var hann í hlutverki **Craigs
Schwartz** sem villist inn í heila
Johns Malkovich.
Ferill Cusacks er á stöðugri uppleið
og hefur hann eignast mjög traust-
an aðdáendahóp. Leikarinn er enn
fremur með sína eigin klíku í
Hollywood sem heitir **The New
Criminals** sem stóð einmitt að
Gross Pointe Blank.



CUSACK Hann hefur þótt mikill kvennabósi enda átt í
ástarsambandi við Minnie Driver og Neve Campbell.
Cusack hefur alltaf haldið tryggð við fjölskyldu sína sem
kemur reglulega fram í myndum hans.

> Ekki missa af ...

Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykja-
vík. Framtak aðstandenda er til fyrir-
myndar þó eflaust séu einhverjir sem
þekki engan af þeim gestum sem hing-
að koma. Þarna gefst okkur tækifæri til
að kynna kvikmynda-
gerðarmönnum sem hafa
kosið að standa fyrir
utan markaðsvæðingu og
sölumennsku. Meðal athyglis-
verðra mynda má nefna Veg-
irrir, My Summer of Love og Adam's Æbler. Þetta er
hátíð sem enginn ætti að láta framhjá
sér fara. Formaður dómnefndar verður
Pawel Pawlikowski.



bíó

bio@frettabladid.is

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)

Óskar og Jósefína

Aðeins var kominn einn dómur um myndina.

Red Eye

Internet Movie Database: 6,7 / 10
Rottentomatoes: 81% / Fresh
Metacritic: 7,2 / 10



Goal!

Ekki voru komnir neindir dómur um myndina.



Must Love Dogs

Internet Movie Database: 5,9 / 10
Rottentomatoes: 35% / Rotten
Metacritic: 4,8 / 10

Mannrán, tímavél og fótbolti

Nú er sá tími að kvikmyndahúsin eru að hreinsa út af lagernum. Það styttist í stórmýndir vetrarins og á þær má ekkert skyggja. Á föstudaginn verða fjórar nýjar kvikmyndir frumsýndar. Þær eru þó þess eðlis að ekki hefur mikið farið fyrir þeim í kvikmyndaheiminum. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin fer enda af stað í dag en hún mun væntanlega draga eitthvað úr aðsókn á hinar „hefðbundnu“ myndir.

Það telst þó alltaf til stórtíðindi þegar Wes Craven frumsýnir nýja mynd. Hann er maðurinn á bak við **Scream**-myndirnar svo ekki sé minnst á **Freddy Kruger**. Hans nýjasta verk heitir **Red Eye** og skartar **Rachel McAdams** í aðalhlutverki en hún heillaði **Owen Wilson** síðast upp úr skónum í **Wedding Crashers**. Myndin segir frá **Lisu Reiser** sem er nauðbeygd til að taka þátt í morði á heimavarnarráðherra **Bandaríkjanna** ef hún vill bjarga föður sínum sem er í haldi mannræningja. Minnr söguþráðurinn óneitanlega á **Nick of Time** með **Johnny Depp** en fingraför Cravens verða eflaust út um allt.

Það eru þau **Diane Lane** og **John Cusack** sem fara með aðalhlutverkin í **Must Love Dogs**. Segir myndin frá leikskólakennaranum **Söruh Nolan** sem er nýskilin. Áhugamál fjölskyldu hennar er að koma stúlkunni á stefnumót en þau eru flest misheppnuð. Eftir nokkra stund ákveður **Sarah** að hún vilji



ÓSKAR OG JÓSEFÍNA Kvikmyndin er sjálfstætt framhald af jóladagatalinu vinsæla sem var sýnt á Stöð 2 síðustu jól.

aldrei fara aftur á stefnumót. Hún lætur þó tilleiðast að fara á stefnumót þar sem dálætis á hundum er krafist. **Sarah** á engan hund en fær lánaðan einn. Það sem hún veit ekki er að maðurinn sem hún á að hitta hefur líka fengið sinn hund lánaðan.

Knattspyrna hefur á undanförunum árum orðið að einni vinsælustu íþrótt í heimi og má í raun líkja uppgangi íþróttarinnar við „bítlæði“. Fjöldi drengja og

stúlkna dreymir um að feta í fótspor **David Beckham**, **Ronaldinho** og **Thierry Henry**. Kvikmyndin **Goal!** fjallar um **Santiago** sem dreymir um að verða atvinnuknattspyrnumaður. Þar sem hann býr í **Los Angeles** fyllist drengurinn vissu um að þetta sé einungis draumur. Honum býðst þó óvænt tækifæri þegar útsendarar **Newcastle** koma auga á hann og bjóða honum samning. Fjöldi þekktra knattspyrnumanna kemur

við sögu í myndinni, þeirra á meðal ádurnefndur **Beckham** og **Zidane** auk leikmanna **Newcastle**.

Að endingu verður hér minnst á barnamyndina **Óskar og Jósefína** sem er sjálfsætt framhald jóladagatalins vinsæla sem sýnt var á Stöð 2. Að þessu sinni kemst Jósefína yfir tímavél sem getur flutt hana á milli árhundruða eins og ekkert sé. Sögusvið þessarar myndar er þó fyrst og fremst miðaldir.



Ice Breaker

Nr. 78472
Stærðir: 27 - 35

Nr. 78473
Stærðir: 36 - 40

Litir:
svart/svart
svart/bison/svart
svart/olive/olive
svart/marine/marine
svart/cherry red/cherry red



Ice Breaker

Nr. 78422
Stærðir: 27 - 35

Nr. 78423
Stærðir: 36 - 40

Litir:
svart/svart
olive/olive
bison/svart
cherry red/cherry red



Mountain Peak

Nr. 71991
Stærðir: 21 - 30

Litir:
candy/candy
svart/mole svart
marine/blue shadow ascot



Mountain Peak

Nr. 71881
Stærðir: 21 - 30

Litir:
purple glow/candy
svart/mole black
marine/blue shadow ascot
cherry red/hot orange



STAR WARS Átta aðilar hafa verið kærðir fyrir að stela eintaki af nýjstu Stjörnustríðs-myndinni og dreifa henni á vefnin.

Átta kærðir í Stjörnustríðsmálinu

Átta einstaklingar hafa verið kærðir af bandarískum yfirvöldum fyrir að dreifa ólöglegum upptökum af síðustu Stjörnustríðs-myndinni en myndin var frumsýnd um jólni í fyrra. Degi áður en **Lucas** rólta eftir rauða dreglinum í **Los Angeles** gátu netverjar hlaðið henni niður af netinu.

Samkvæmt málskjöllum réttarins í **Los Angeles** var eintaki af myndinni rænt frá framleiðsludeild í **Kaliforníu** en talið er að einn sakborninga hafi unnið þar.

Samkvæmt saksóknaranum í **Los Angeles** hefur **Albert Valente**

verið kærður fyrir stuld frá vinnustað sínum en hann virðist vera höfuðpaurinn í þessu máli. Sex aðrir hafa verið kærðir fyrir brot á höfundarrétti og **Marc Hoaglin** hefur verið kærður fyrir að dreifa efninu á vefnum. **Hoaglin** gæti átt yfir höfði sér þriggja ára fangelsi ef hann verður fundinn sekur en réttarhöldin fara fram í næsta mánuði. Það er ljóst að kvikmyndagerðamenn munu fylgjast vel með þessum málum enda hafa þeir barist ótullega gegn ólöglegum eintökum á vefnum. ■

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)

ecco®

Kringlan (553 8050) - Laugavegi 38 (551 0766)

SENA, BROADWAY og BYLGJAN KYNNA

Söngkabarettinn Nína og Geiri

SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR
1970-2005



ÁR & ÖLD
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR
Preföld stórkostleg safnplata
sem inniheldur
70 lög, þar af 4 ný!

KEMUR Í VERSLANIR
MÁNUDAGINN 31. OKT.

Söngkabarett eftir
Gísli Rúnar byggður
á söngferli
Björgvins Halldórssonar.

Leikstjóri: Hjálmar Hjálmarsson.
Leikmynd og búningar:
Björn G. Björnsson.

Björgvin Halldórsson fer fyrir
hópi margra af bestu
listamönnum þjóðarinnar
í þessari einstöku sýningu.

BROADWAY★

MÍÐASALA HAFIN
Á BROADWAY!

Frumskýning 12. nóvember!

18. nóv.	3. des.
19. nóv.	9. des.
25. nóv.	10. des.
26. nóv.	16. des.
2. des.	17. des.

Sími: 533 1100
Netfang: broadway@broadway.is

989
BYLGJAN
Allir eru að hlusta!

BROADWAY★

góða skemmtun ►

sena



> kryddaðu tilveruna ...

...með hreinu og aukefnalausum kryddi frá Pottgöldrum.

matur&vín

.....@frettabladid.is



MATGÆINGURINN MARGRÉT ELÍSA HARÐARDÓTTIR FEGURÐARDROTNING

Jólabakstur með ömmu og mömmu

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Ég gæti síst verið án matar frá Mexíkó.

Fyrsta minningin um mat? Jólabakstur með ömmu og mömmu stendur upp úr. Það var alltaf bakað fyrir hver jól. Hálfmánuð með rabarbarasultu voru í miklu uppáhaldi hjá mér.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Nei. Ég hef lagt það í vana minn að prófa allan mat allavega einu sinni. Ég er samt ekkert voðalega hrifin af ostrum.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Það var máltíð sem ég fékk þegar ég var úti í San Felipe í Mexíkó. Þar fékk

ég fiskrétt með pico di gallo sem smakkaðist mjög vel. Eftir á fékk ég að vita að fiskurinn væri hrár. Eftir þetta fór ég að borða sushi.

Leyndarmál úr eldhússkápnum? Það er kryddið herbamare. En það eru grænmeti og jurtir úr lífrænni ræktun. Ég nota það mjög mikið við eldamennskuna.

Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur? Þá borða ég súkkulaði. Ég fer yfirleitt niður í Nóa Sírius og kaupi mér fullt af súkkulaði.

Hvað áttu alltaf til í isskápnum? Ég á alltaf til skyr. Það er nú bara það eina.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða mat myndir þú taka með þér? Ég myndi taka með mér „big burrito“. Það er svo rosa-lega matarmikið. Næstum heilt kíló.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Það var kengúrukjöt sem ég smakkaði úti í Ástralíu. Það var svolítið svipað kjúklingi á bragðið. Lyktin var samt svolítið svipuð hrossakjöti. Ég held að ég myndi ekki vilja smakka það aftur.



FAXE 10%:

Góður í kuldanum

Bjór og snafs þykja góðir meðreiðarsveinar í haustkuldanum og víst er að Faxe Extra Strong, 10% bjórinn frá Faxe, yljár mönnum hressilega. Má segja að vegna hins háa alkóhólinnihalds sé hann bjór og snafs í senn, eins og einn ágætur maður orðaði það. Þrátt fyrir styrkleikann er Faxe Extra Strong óvenjulega bragðmildur, hefur ekki remmuna sem oft einkennir sterka bjóra.

Faxe Extra Strong er nú kominn í nýjan búning, hálfgerð vikingaklæði, eins og aðrir bjórar frá Faxe. Þar leikur litli vikingurinn aðalhlutverk sem tákn Faxe. Verð í vínbúðum 399 kr. í 50 cl dó



gúrkusalsa

- 1 stór íslensk gúrka
- 3 íslenskir tómatar, þroskaðir
- 1 litill rauðlaukur
- 1/2 íslensk græn paprika
- 1/4 íslensk gul paprika, má vera rauð
- 1 sítróna
- 3 msk. ólífúolía
- 1/2-1 steinseljuknippi, saxað
- 3-4 msk. graslaukur, saxaður (má nota vorlauk)
- 3/4 tsk. nýmalaður pipar, helst regnbogapipar (fimmtlit piparblanda)
- salt

Gúrkan skorin í litla teninga. Tómatarnir skornir í helminga, fræin skafin úr þeim með skeið og þeir síðan skornir í teninga. Rauðlaukurinn skorinn í litla bita og paprikurnar fræhreinsaðar og skornar í teninga. Öllu blandað saman í skál. Safinn kreistur úr sítrónunni og hristur saman við olíu, steinselju, graslauk, pipar og salt. Hellt yfir grænmetið og blandað vel. Látið standa nokkra stund. Borið fram t.d. sem meðlæti með grillmat eða steiktu kjöti eða fiski.



NANNA RÖNGVALDARDÓTTIR, RITSTJÓRI GESTGJAFINN.IS Timaritíð Gestgjafinn opnar í dag stærsta matarvef landsins með yfir 5.000 uppskriftum. Nanna er ritstjóri vefsins og mun verða notendum innan handar með ráðgjöf, spjall, fróðleik og fleira, enda knúin brennandi þörf fyrir samskipti við aðra um töfra matarlistar og matarlystar.

Þráði matreiðslubók átta ára

„Allar mínar bernskuminningar tengjast mat og á gömlum óskalista sem ég skrifaði átta ára var matreiðslubók,“ segir matargyðjan Nanna Röngvaldardóttir, sem í dag opnar stærsta matarvef landsins, nefnilega gestgjafinn.is, en Nanna hefur um árabíl starfað sem blaðamaður Gestgjafans ásamt því að skrifa matreiðslubækur með eigin göldróttu og girnilegu mataruppskriftum og lostætisfróðleik.

„Í eldhúsinu fór ég barnung að gera ýmsar tilraunir í eldhúsinu, sem ekki voru alltaf vinsælar,“ segir Nanna, sem í dag er annálaður kokkur af Guðs náð, þótt hún hafi aldrei unnið á veitingahúsi.

„En ég er með sjókokkpróf þótt ég hafi aldrei farið á sjó. Tók það í menntaskóla til tvöfaldrar eininga upp í einingatap vegna slakrar mætingar í tímum,“ segir Nanna, sem ásamt ritstjóra Gestgjafans og forseta Íslands mun opna vefinn í Ásmundarsafni í dag og ritstýra upp frá því.

„Þetta er gamall draumur sem

nú verður loks að veruleika. Á vefnum er uppskriftabanki með 5.000 uppskriftum, en við munum sífellt bæta við nýjum og gömlum, enda til þúsundir úr eldri Gestgjöfum, auk þess sem ég mun setja inn áður óbirtar uppskriftir úr eigin safni,“ segir Nanna, sem sjálf hefur aldrei getað farið eftir mataruppskrift.

„Ég á gifurlegt safn matreiðslubóka og gríp hugmyndir hér og þar, en hef alltaf leikið af fingrum fram yfir pottunum. Því var strembið þegar ég þurfti að venja mig á að skrifa uppskriftir,“ segir hún brosmild, en á nýja matarvefnum mun Nanna svara spurningum, halda úti matarbloggi og stýra spjallvef um allt sem tengist matarnautninni.

„Íslendingar hafa æ meiri áhuga á mat og matarmenningu, og við alltaf fengið mikið af fyrirspurnum, sem eykst stöðugt. Ég hef alltaf viljað hafa mikil samskipti við fólk um mat og reynt að bregðast fljótt við þeim fyrirspurnum. Ef ég þekki sjálfa mig

reikna ég með að engu skipti hvaða dagur sé eða klukkan slær; fólk má alltaf reyna að ná til mín á vefnum. Það er aldrei að vita nema ég sé við tölvuna og svari.“

Samhliða opnun vefsíðunnar í dag kemur út fyrsta bókin í matreiðslubókaflokki Gestgjafans sem koma mun út nokkrum sinnum á ári í 100 síðna formi með 45 uppskriftum. Að þessu sinni er bókin um lambakjöt.

„Bókina fá áskrifendur Gestgjafans fría í tilefni dagsins, og aðgang að uppskriftum vefjarins munu þeir einir hafa, auk greina úr blaðinu. Hver áskrifandi fær sitt eigið svæði þar sem hann getur safnað uppskriftum af vefnum og skrifað inn nýjar úr eigin ranni. Að öðru leyti verður aðgangur opin með uppskrift, víni og hráefni vikunnar, auk aðgangs að spjalli, bloggi og fleiru, en ekki verður hægt að kaupa aðgang að síðunni án þess að gerast áskrifandi að Gestgjafanum líka.“

thordis@frettabladid.is

GLENFIDDICH: Skemmtilegt smakksafn

William Grant's var fyrsta fyrirtækið til að setja maltvísí á almennan markað utan Skotlands, hið heimskunna vísí Glenfiddich sem er mest selda maltvísí veraldar. Mestallt vísí sem er framleitt er blandað vísí, oft frá ýmsum brugghúsum. Betri brugghúsin höfðu hins vegar alltaf búið til gæða maltvísí en þau fengust ekki utan Skotlands fyrr en Grant's setti Glenfiddich á markaðinn árið 1963. Þótt það ákaflega djarfur leikur en það reyndist svo sannarlega markaður fyrir gæðavísí. Í dag er Glenfiddich vinsælasta maltvísí veraldar.

Þeir sem vilja kynna sér þetta eðlavísí ættu að fjárfesta í smakksafninu Glenfiddich Tasting Collection. Það fæst í Heiðrónu og Kringlunni og inniheldur 12 ára Reserve, 15 ára Solera Reserve sem þroskað er í sjerritunnum og 18 ára Ancient Reserve. Verð í vínbúðum 5.990 kr.



GALLO: Kassavínin Sierra Valley lækka í verði og nýtt vín bætist í hópinn

Vín frá Gallo hafa verið feikivinsæl á Íslandi um árabil. Ein söluhæsta lína af vínunum frá fyrirtækinu heitir Sierra Valley. Kassavín úr þrúgunum cabernet sauvignon og chardonnay hafa fengist hér um nokkurt skeið við miklar vinsældir og nú hefur verið ákveðið að lækka verð á vínunum um 100 kr. í vínbúðunum. Einnig er komið í vínbúðirnar kassavín úr þrúgunni White Grenache og fæst það í flestum stærri vínbúðum.

Þrúgurarnar í Sierra Valley vínunum koma frá Central Valley í Kaliforníu en dalurinn liggur við fætur hins goðsagnakennda fjallgarðs Sierra Nevada. Þar skín sólin allt árið um kring og hitinn getur orðið mikill á daginn en kólnað svo mjög á nóttunni og hentar þetta loftslag afar vel til að framleiða ávaxtarík og frískleg vín. Sierra Valley vínlinan er breið og fjölbreytileg. Andstæðurnar í loftslaginu endurspeglast í vínunum. Rauðvínin eru með sölbökuðum berjakeim en hvítvínin eru frískleg og hressandi. Vínin eru ódýr og auðdrekanleg og henta vel í boð og með fjölbreyttum mat.

E&J Gallo Sierra Valley Cabernet Sauvignon:

Dökkrautt. Höfugt og mjúkt með bökudum ávexti. Lækkað verð í vínbúðum 3.490 kr.

E&J Gallo Sierra Valley Chardonnay:

Ferskt vín með keim af grænum eplum, sítrónu og læm. Lækkað verð í vínbúðum 3.490 kr.

E&J Gallo Sierra Valley White Grenache:

Laxableikt. Létt, hálfsett milt með léttum frískum ávaxtatónum. Verð í vínbúðum 2.890 kr.



VEITINGASTAÐURINN

GREIFINN GLERÁRGÖTU 20, AKUREYRI



Fjölbreyttur matseðill fyrir alla



Hvernig er stemningin:

Á Greifanum ríkir fjölskyldustemning. Þetta er einn af vinsælustu veitingastöðum Akureyrarbæjar og er tilvalinn fyrir einstaklinga, hópa og fjölskyldur sem vilja eiga góðar stundir saman og borða góðan mat. Staðurinn er vel sóttur, enda vinsæll og skemmtilegur.

Matseðillinn: Fjölbreytileikinn er allsráðandi, boðið er upp á breitt úrval kjöt- og fiskrétta, ásamt pasta, pítsum, samlokum, hamborgurum, súpum og salötum. Allt meðlæti fylgir með og þar ættu allir að geta borðað sig sadða fyrir sanngjart verð. Á Greifanum er sérstakur barnamatseðill, og fá börnin litabók með matnum. Einnig er þar að finna forréttarmatseðil sem og girnilegan eftirréttamatseðil.

Vinsælast: Allt er vinsælt á Greifanum. Þó ná nefna rétt sem ber heitið Kólesterólsprengja. Það er samloka sem inniheldur þunnar sneiðar af nautakjöti, sveppi og lauk. Með samlokunni eru bornar fram franskar, sósa og salat. Saltfisksréttirnir eru einnig mjög vinsælir en þeir hafa verið framreiddir á Greifanum í fjölmörg ár.

Réttur dagsins: Í hádeginu er boðið upp á rétt dagsins. Rétturinn er breytilegur frá degi til dags og oft eru það fiskréttir sem boðið er upp á.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

SKEMMTILEGT LAUGARDAGSKVÖLD

Stelpurnar kl. 19:40 | Bestu strákarnir kl. 20:05 | Það var lagið kl. 20:35



kl. 19:40



kl. 20:05



kl. 20:35





Nýtt Nylon-lag

Stúlknausveitin Nylon frumflytur nýjasta lagið sitt á útvarpsstöðinni FM957 í dag.

Nylon hefur á skömmum tíma eignast dyggan aðdáendahóp. Stúlkurnar hafa meðal annars staðið fyrir sölu vinabanda til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Verður afraksturinn afhentur 14. október.

Flokkurinn er nú að leggja lokahönd á sína aðra breiðskífu, sem ber heitið Góðir hlutir, en hún er væntanleg í nóvember. Fyrri plata sveitarinnar seldist mjög vel og því ljóst að aðdáendur sveitarinnar munu bíða þeirrar næstu með öndina í hálsinum. ■

X-ite
unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

September tilboð í
Lyfjaval APÓTEK

Bílaapótek í Hæðarsmára og Mjódd

HVAÐ GERIST NÆST

Miklar mannabreytingar hafa átt sér stað hjá fjölmiðlum landsins. Þessa dagana virðast RÚV og Stöð 2 slást um bestu bitana en í vikunni byrjaði Logi Bergmann Eiðsson á Stöð 2 og Þórhallur Gunnarsson úr Íslandi í dag var ráðinn í starf Loga hjá RÚV. Ætli fleiri breytinga sé að vænta? Fréttablaðið skoðaði málið.

Töluverðar hræringar hafa átt sér stað á fjölmiðlum að undanförunu. Síðasta miðvikudag var tilkynnt að Logi Bergmann Eiðsson hefði gengið til liðs við 365 ljósvakamiðla og daginn eftir bárust þær fregnir að sjónvarpsmaðurinn Þórhallur Gunnarsson væri kominn yfir í Loga stað sem ritstjóri Opins húss sem er nýr þáttur sem Logi átti að ritstýra hjá Sjónvarpinu.

Atburðir þessarar viku hafa minnt eilítið á félagaskipti knattspyrnumanna og hafa spurningar vaknað um hvort stjórnendur fjölmiðlanna þurfi ekki að koma sér upp félagaskiptaglugga sem aðeins sé opinn í ákveðinn tíma. Þannig hefur stjórnendum Ríkissjónvarpsins vafalaust sviðið þegar Logi ákvað að söðla um en ritstjórastaða nýja magasín-þáttarins, Opið hús, hafði verið eyrna-merkt honum. Ríkisfjölmiðillinn þurfti því að bregðast skjótt við og fékk til sín reynsluboltann Þórhall Gunnarsson, sem um árabíl hefur verið sem klettur í Íslandi í dag.



ELÍN HIRST & EDDA ANDRÉSDÓTTIR

> Líkt og með þá Sigmund og Boga tækju vafalaust ekki margir eftir þessari breytingu. Sjónvarpsstöðvarnar skipta á jöfnu.



SIGMUNDUR ERNIR & BOGI ÁGÚSTSSON

> Myndi einhver taka eftir breytingunni? Báðir eru þetta miklir reynsluboltar sem virka ábúðarfullir á skjánum.



FÉLAGASKIPTI ÁRSINS?



> Það kom mörgum í opna skjöldu þegar Logi Bergmann skipti um lið á síðustu stundu. RÚV brást skjótt við og fékk fyrirliða Íslands í dag til liðs við sig, sjálfan Þórhall Gunnarsson.



JÓHANNA VILHJÁLMS

